


skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Reykjanesbær
Föstudagur




Bæklingur frá Kjötkompaníí fylgir með Fréttablaðinu í dag

Kjötkompaní


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

9. júlí 2010 — 159. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




## Úr rokki í leiklist

*Einn besti trommari landsins, Bjössi í Mínus, fer í leiklistarnám í haust.*

**fólk** 34

## Þjóðlegt safn

*Tilgátuhúsið að Eiríksstöðum í Dölum var vígt fyrir tíu árum.*

**tímamót** 18



## Blikar í banastuði

*Alfreð Finnbogason skoraði þrennu fyrir topplið Blika í gær.*

**sport** 28, 30 & 31

## veðrið í dag




**BJART SYÐRA** Í dag verða víðast norðan 3-8 m/s. Skýjað með köflum og minnkandi úrkoma norðan til en bjartviðri syðra. Hiti 10-18 stig, hlýjast S-lands.

VEÐUR 4

# Hryðjuverk til Norðurlanda

**Þrír handteknir í Noregi grunaðir um skipulagningu hryðjuverka. Hryðjuverkamenn líta í auknum mæli til landa þar sem slík starfsemi þekkist ekki. Forvirkar rannsóknarheimildir til skoðunar, segir ráðherra.**

**LÖGGÆSLA** Þrír menn voru handteknir af norsku öryggislögreglunni í gær grunaðir um skipulagningu hryðjuverka. Mennirnir, sem eru frá Írak, Úsbekistan og Kína, eru taldir tengjast Al Kaída hryðjuverkasamtökunum og að hafa ætlað að framleiða sprengiefni.

Magnus Ranstorp, sænskur sérfræðingur í hryðjuverkastarfsemi, segir við Fréttablaðið að ekki komi á óvart að hryðjuverkamennirnir hafi valið Noreg. Hann segir líklegt að hryðjuverkamenn líti í auknum mæli til landa þar sem þeir telja minna eftirlit með mögulegri hryðjuverkastarfsemi.

Í mati ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum frá því í mars kemur fram að hættustig á Íslandi hafi talist sambærilegt við það sem er á öðrum Norðurlöndum og að nauðsynlegt sé að yfirvöld haldi vöku sinni. Ennfremur er þar bent á að íslenska lögreglan býr ekki yfir forvirkum rannsóknarheimildum og má því ekki safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila liggi ekki fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot. Þess vegna eru möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk ekki taldir þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum.

> Ég held að Íslendingum stafi meiri hætta af skipulagðri glæpastarfsemi.
>
> MAGNUS RANSTORP
> SÉRFRÆÐINGUR VIÐ FORSVARSHÖGSKOLAN Í STOKKHÓLMI

Ragna Árnadóttir, dómsmálaráðherra, segir að verið sé að skoða hvort veita eigi lögreglunni forvirkar rannsóknarheimildir. „Við ætlum að skoða þetta og láta réttarfarssérfræðinga vinna tillögur að því hvernig slíkar heimildir myndu líta út og undir hvaða eftirliti þær væru, því það er alveg klárt að ef lögreglan fær slíkar heimildir þarf að vera skýr rammi um það hvenær má nota þær og hvers konar eftirlit er með notkun þeirra,“ sagði Ragna.

Ragna telur atburðina í Noregi áhyggjuefni en segir að miðað við þau gögn sem liggi fyrir á Íslandi stafi meiri hætta af skipulagðri glæpastarfsemi. Spurð hvort endurmeta eigi hættuna á hryðjuverkastarfsemi á Íslandi í kjölfar atburðanna sagði Ragna of snemmt að segja nokkuð til um það.

- mþl, þeb / sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Á ÚTKIKKI Á ARNARHÓL** Þessi stóri, svarti hundur horfði á stjórnarráðshúsið í gær líkt og þaðan væri stórra tíðinda að vænta á meðan aðrir slökuðu á og nutu veðurblíðunnar sem lék við borgarbúa.

Þorsteinn I. Sigfússon:

## Orkubylting í varmadælum

**ORKUMÁL Notkun varmadæla á stöðum þar sem ekki er nægur jarðhiti til beinnar húshitunar gæti sparað tugi megavatta á ári, segir Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, í grein í Fréttablaðinu í dag.**

**Þorsteinn segir í greininni ekkert að vanbúnaði að byrja að setja upp varmadælur á tólf stöðum á landinu. Það myndi skapa atvinnu í hátæknigreinum auk þess að spara rafmagn og draga úr mengun.**

**„Varmadælubyltingin gæti orðið að stærðargráðu sem jafna mætti við nýja virkjun,“ skrifar hann. „Ef enn lengra yrði gengið mætti koma til móts við mikla mengun samfara varaaflstöðvum í kötlum sem brenna olíu.“**

- bs / sjá síðu 17

Slitastjórn reynir að komast yfir persónuleg gögn um Jón Ásgeir og Ingibjörgu:

# Óttast opinberun hússtjórnargagna

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis rær nú að því öllum árum að fá aðgang að gögnum í vörslu hússtjórnar glæsihýsis á Manhattan-eyju þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir eiga tvær lúxusíbúðir. Telur slitastjórnin að gögnin, auk gagna úr Royal Bank of Canada, séu nauðsynleg til að rekja slóð þess fjár sem hjónin eru sökuð um að hafa svikið út úr Glitni.

Þegar íbúðirnar voru keyptar gerði hússtjórnin kröfu um að lagðar yrðu fram ýmsar viðkvæmar upplýsingar um persónulega hagi og fjármál Jóns Ásgeirs og Ingibjargar. Mjög er nú bitist um þau gögn fyrir rétti í New York, líkt og upplýsingar um nýlega tíu milljóna dollara uppgreiðslu Ingibjargar á láni af reikningi hjá Royal Bank of Canada.

Jón Ásgeir og Ingibjörg hafa krafist þess að dómari hafni aðgangi að gögnunum. Þau séu persónuleg og varði ekki málið á hendur þeim.

- sh / sjá síðu 10





Gefðu boltann!
1.500 króna sending til þurfandi í Afríku
Um helgina verðum við í Smáralind og fyrir framan stærstu verslunarkjarna borgarinnar
Sóley & félagar
soleyogfelagar.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0807




Kauptu mig!
ÉG ER ÓDÝR OG BRAGÐGÓÐ JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART

SPURNING DAGSINS



*„Árni, eruð þið fær í flestan sjó?“*

„Já, menn eru orðnir svo sjóaðir í þessu.“

Árni Jónsson, deildarstjóri Ylstrandar, stóð fyrir Mögnuðum miðvikudegi í Nauthólsvík í vikunni. Um 150 manns tóku þátt í Fossvogssundi þar sem synt var frá Nauthólsvík til Kópavogs og aftur til Nauthólsvíkur.

Magma Energy heimilað að eignast meirihluta í HS Orku:

# Nefnd um erlenda fjárfestingu klofnaði

**STJÓRNSÝSLA** Meirihluti nefndar um erlenda fjárfestingu hefur komist að þeirri niðurstöðu að fjárfesting Magma Energy Sweden AB á 52,35 prósenta viðbótarhlut í HS Orku hf. gangi ekki gegn lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Magma Energy hefur því, að öðru óbreyttu, eignast 98,5 prósenta hlut í fyrirtækinu. Minnihluti nefndarinnar greiddi atkvæði gegn þessari niðurstöðu.

Samkvæmt lögum um erlenda fjárfestingu er fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, kjörinni af Alþingi ætlað að fylgjast með því að ákvæðum laga um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila sé framfylgt.

Þrír meðlimir nefndarinnar töldu fjárfestinguna samræmast lögum en fulltrúar Vinstri grænna og Borgarahreyfingar voru því ósammála.

Magma Energy er kanadískt fyrirtæki en stofnaði eignarhaldsfélag í Svíþjóð utan um kaupin í HS Orku. Samkvæmt lögunum er fyrirtækjum utan EES svæðisins óheimilt að fjárfesta í orkuiðnaði á Íslandi. Álitamálið var hvort sænska félagið væri kaupandi eða hvort líta bæri á móðurfélagið sem kaupandann.

Nefndinni barst tilkynning frá HS Orku um kaupin þann 25. maí síðastliðinn og hefur nú fjallað um þau. Niðurstaðan nú er sú sama og nefndin komst að í mars síðastliðnum þegar hún fjallaði um málið. - mþl



**KAUPIN KLÁRUÐ** Magma Energy hefur nú 98,5 prósenta eignarhlut í HS Orku

52 losna úr haldi á næstunni:

## Sleppa pólitískum föngum

**KÚBA** Stjórnvöld á Kúbu hafa ákveðið að sleppa 52 pólitískum föngum úr fangelsi.

Þetta var ákveðið eftir fundi með kaþólsku kirkjunni á Kúbu og ráðherrum frá Spáni, sem ætlar að taka á móti öllum föngunum. Utanríkisráðherra Spánar hefur hvatt Evrópusambandið til að falla frá afstöðu sinni gagnvart Kúbu í kjölfarið.

Fimm föngum verður sleppt á næstunni en hinum á næstu mánuðum. Fangarnir voru allir handteknir í aðgerðum stjórnvalda árið 2003.

Mikið hefur verið þrýst á stjórnvöld á Kúbu að sleppa pólitískum föngum eftir að einn þeirra lést eftir hungurverkfall í febrúar. Annar fangi hefur verið í hungurverkfalli síðan í febrúar. - þeb

Bandaríkjamenn og Rússar:

## Samþykkja njósnaraskipti

**BANDARÍKIN Bandaríkjamenn ætla að senda tíu rússneska njósnara, sem handteknir voru í síðasta mánuði, til heimalandsins í skiptum fyrir fjóra menn sem sitja inni fyrir njósnir í Rússlandi.**

**Dómari kvað upp úrskurð þess efnis í gærkvöldi að íslenskum tíma, eftir að mennirnir höfðu játað sig seka um njósnasamsæri. Fallið var frá ákærum á hendur þeim um peningaþvætti. Margir njósnaranna hafa búið í Bandaríkjunum árum saman. Móðir Önnu Chapman, eins rússnesku njósnaranna, sagðist í samtali við BBC búast við henni heim í dag**

**Dómarinn veitti engar upplýsingar um njósnarana fjóra, sem Rússar munu leysa úr haldi, aðrar en að þeir hefðu allir meint tengsl við erlendar leyniþjónustustofnanir.** - sh

# Leigutaki vill banna maðkveiði í Blöndu

**Eigandi Lax-ár, leigutaka Blöndu, leggur til í veiðifélagi árinnar að bannað verði að veiða á maðk til að hlífa stórlaxi og þeim stórlaxi sem veiðist á flugu verði sleppt. Stjórnarmaður í veiðifélaginu segir nóg af fiski og óþarft að sleppa laxi.**

**STANGVEIÐI** Árni Baldursson, eigandi veiðileyfasölunnar Lax-ár, vill að hætt verði að veiða á maðk í Blöndu til að styrkja stofn stórlaxa. „Ég mun leggja þetta undir Veiðifélag Blöndu, vonandi til samþykktar,“ segir Árni í grein á lax-a.is.

Ekki náðist í gær í Árna sem var við veiðar í Blöndu. Í grein sinni vísar Árni til harðra deilna um dráp á tveggja ára laxi úr sjó, svokölluðum stórlaxi, sem mikið hefur veiðst af að undanförnu í Blöndu. Stórlöxum hefur fækkað verulega á liðnum áratugum.

„Blanda er nú eitt síðasta vígi laxveiðimanna á Íslandi sem veiða á maðk,“ segir Árni og undirstrikar að ekki sé nema í undantekningartilfellum hægt að sleppa laxi sem veiddur er á maðk. Hann virði ákall Veiðimálastofnunar og fleiri um verndun stórlaxins.

„Að sama skapi virði ég skoðanir reyndra laxveiðimanna, svo sem Þórarins Sigþórssonar og hans útskýringar um að Blöndustórlaxastofninn sé óhemju sterkur og þoli þetta álag í Blöndu um stutta stund uns yfirfall kemst á sem verndar laxinn,“ skrifar Árni og minnir á að Blanda verður óveiðanleg eftir að Blöndulón fer á yfirfall og jökulvatn streymir í farveginn.

„Eina úrræðið í Blöndu til verndunar stórlaxinum er að banna maðkveiði alfarið, leyfa eingöngu veiði á flugu og krefjast þess að öllum laxi yfir 70 sentímetra verði sleppt,“ segir Árni sem telur þetta mundu vega mjög þungt til verndunar stórlaxi á Íslandi. Þá sé aðeins eitt eftir: Að banna netaveiði fyrir 20. júlí,



**VEITT Í BLÖNDU** Þórarinn Sigþórsson og Stefán Sigurðsson fengu frábæra veiði við opnun Blöndu fyrir rúmum mánuði. Síðan hafa veiðst yfir eitt þúsund laxar í ánni. Kunnugir segja það ótrúlega háa tölu svo snemma í júlí. MYND/INGI FREYR ÁGÚSTSSON



ÁRNI BALDURSSON

en stórlaxinn gengur einmitt upp fyrri hluta sumarsins.

Sigurður Ingi Guðmundsson, bóndi á Syðri-Löngumýri og einn stjórnarmanna í Veiðifélagi Blöndu og Svartár, er ekki reiðubúinn til að taka strax afstöðu til tillögu Árna. „Hitt þykist ég vita, og hef séð og heyrt frá mönnum hér á svæðinu, að það er mikil seiðaframleiðsla í Blöndu og við þurfum ekkert að sleppa vegna þess að það sé ekki nóg af fiski,“ segir Sigurður.

Guðni Guðbergsson hjá Veiðimálastofnun bendir á að norsk rannsókn hafi sýnt að það séu frekar smálaxar sem taki maðk en stórlaxinn falli oftar fyrir flugu. „Þannig að það gæti verið þannig að ef menn eru að hugsa um að vernda stórlaxinn þá virki þetta í öfuga átt. En flugan er þó samt lykilatriði í því að sleppa laxi.“

gar@frettabladid.is



**BÆJARSTJÓRASKIPTI** Guðmundur Rúnar Árnason tekur við lyklum að bæjarskrifstofunum úr höndum Lúðvíks Geirssonar.

Bæjarstjóraskipti í Hafnarfirði:

## Lúðvík Geirsson hættir

**STJÓRNMÁL Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, óskaði eftir því í gær að láta af störfum sem bæjarstjóri og hefur Guðmundur Rúnar Árnason, oddviti Samfylkingarinnar, verið ráðinn bæjarstjóri næstu tvö árin.**

**Ákvörðun Lúðvíks kemur í kjölfar gagnrýni á að hann yrði áfram bæjarstjóri eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí þar sem hann náði ekki kjöri**

**Í yfirlýsingu segist Lúðvík víkja til að tryggja bæjarstjórn nauðsynlegan starfsfrið.** - mþl

Ofbeldismaður í fangelsi:

## Kýldi mann og nefbraut hann

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að kýla mann margsinnis í andlitið með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut meðal annars opið beinbrot á nefi.

Hann hótaði einnig manninum og kvað föður sinn hátt settan í „stærstu glæpasamtökum heims“. Litið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu fórnarlambsins mein. Árásarmaðurinn neitaði sök en gögn, þar á meðal DNA, hröktu neitunina. Maðurinn á langan sakaferil að baki. Hann var, auk fangelsisrefsingarinnar, dæmdur til að greiða fórnarlambinu rúmar 346 þúsund krónur í skaðabætur. - jss






Miklatún heyrir sögunni til eftir að borgarráð samþykkti nafnabreytingu í gær:

# Klambratún skal það heita

**REYKJAVÍKURBORG** Miklatún í Reykjavík mun á ný heita Klambratún eftir að borgarráð samþykkti nafnbreytinguna í gær. Í tilefni af þessu og því að Christian H. Christensen, síðasti bóndinn á bænum Klömbrum, hefði orðið 100 ára 18. júlí næstkomandi á að setja upp söguskilti á túninu síðar í sumar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks studdu tillögu Jóns Gnarr borgarstjóra, um nafnabreytinguna. Sögðu þeir flesta borgarbúa sammála um að nafnið Miklatún hefði aldrei fest sig í sessi meðal borgarbúa. Þrátt fyrir að borgaryfirvöld hefðu reynt að festa nafnið Miklatún í sessi hefðu borgarbúar ávallt kallað túnið Klambratún sín á milli. - gar



**LÍF Á KLAMBRATÚNI** Klambratún hefur lengi verið vinsælt leiksvæði barna í Hlíðunum og nafnið MIklatún festist aldrei við túnið þrátt fyrir tilraunir borgaryfirvalda í þá átt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Aðeins 25 kr. dagurinn

Farðu á Netið í símanum og fylgstu með fréttum, sendu tölvupóst, uppfærðu Fésbókina eða spjallaðu við vini þína á MSN. Netið í símanum fylgir þér um landið þvert og endilangt.
Dagurinn kostar aðeins 25 kr. / 5 MB

**Kynntu þér 3G áskriftarleiðirnar á siminn.is**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM42877

## GENGIÐ 08.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,29 | 124,89 |
| Sterlingspund | 187,99 | 188,91 |
| Evra | 157,12 | 158 |
| Dönsk króna | 21,076 | 21,2 |
| Norsk króna | 19,467 | 19,581 |
| Sænsk króna | 16,424 | 16,52 |
| Japanskt jen | 1,4089 | 1,4171 |
| SDR | 185,81 | 186,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 212,8087

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hundrað manns mótmæltu fyrir utan höfuðstöðvar AGS um hádegisbil í gær:

# Vilja sjóðinn burt frá landinu

**MÓTMÆLI** Um hundrað manns tóku þátt í mótmælum við höfuðstöðvar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi í gær. Samkvæmt einum forsvarsmanna mótmælendanna, Kristínu Snæfells Arnþórsdóttur, fóru mótmælin friðsamlega fram og lögregla fylgdist með í ómerktum bíl. „Ég sá þá bara fyrir tilviljun,“ segir Kristín. „Það fór ekkert þarna fram sem hægt var að hafa afskipti af.“

Samtökin vilja fá AGS burt frá Íslandi og hafa sett saman nefndir til að uppfræða almenning um áætlanir þeirra hér á landi. Mótmælendur hafa sagt skilið við Seðlabankann í bili eftir fréttatilkynningar talsmanns neytenda, Gísla Tryggvasonar, um tímabundna lækkun gengistryggðra húsnæðislána.

„Við ætlum að bíða og sjá hvað verður um gengistryggðu bílalánin,“ segir Kristín. - sv



**HÖFUÐSTÖÐVAR AGS Á ÍSLANDI** Fólk barði á potta og pönnur með skilti og fána á lofti í mótmælunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dæmd fyrir þjófnað:

## Stal 50.000 úr peningakassa

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela tæplega fimmtíu þúsund krónum úr peningakassa í Bónus, þar sem hún vann. Konan tók fimm sinnum fjárhæðir úr kassanum, mest fimmtán þúsund krónur í einu.

Konan játaði brot sín greiðlega. Þá dæmdi héraðsdómur hana til þess að greiða Bónus 21 þúsund krónur í skaðabætur.

Brotið átti sér stað á árinu 2007. - jss



**KRÆKLINGUR** Fólki er bent á að fylgjast vel með ef það hyggst tína skelfisk.

Sérlega hættulegt ástand:

## Varað við eitruðum skelfiski

**HEILBRIGÐISMÁL Vöktun Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar á eitruðum svifþörungum í Breiðafirði við Flatey og Stykkishólm og í Hvalfirði við Hvammsvík hefur leitt í ljós að magn eitraðra svifþörunga er yfir viðmiðunarmörkum. Því sé veruleg hætta á að kræklingur og annar skelfiskur sé eitraður og óhæfur til neyslu.**

**MAST varar við neyslu á skelfiski frá umræddum svæðum og er ástandið í Breiðafirði sérstaklega hættulegt vegna mikils magns þörunga sem valda lömunareitrun.** - jss

# Þrýstingur að utan um aukið eigið fé

**Fyrst og fremst er það þrýstingur frá erlendum matsfyrirtækjum og AGS sem kallar á að ríkið leggi fram milljarða í eigið fé til Íbúðalánasjóðs. Sjóðurinn á ekki í vandræðum með að mæta eigin fjármögnunarþörf.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er staða Íbúðalánasjóðs?

Á stjórnarfundi Íbúðalánasjóðs sem stóð fram á kvöld í gær lá fyrir að fjalla um skýrslu um stöðu sjóðsins sem skila á til Fjármálaeftirlitsins á mánudag. Jafnframt vinnur hópur undir forystu Bolla Bollasonar, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, að gerð tillagna til félagsmálaráðherra um eiginfjárhlutfall sjóðsins. Bolli hefur greint frá því í Fréttablaðinu að hann telji óhjákvæmilegt að ríkið leggi sjóðnum til að minnsta kosti tíu en jafnvel allt að tuttugu milljarða króna næstu fjögur ár.

Formlegar tillögur liggja þó ekki fyrir. Í svari Ástu H. Bragadóttur, aðstoðarframkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, við fyrirspurn Fréttablaðsins í gær segir hún að í sjálfu sér sé ekkert sem segi að nauðsynlegt sé að leggja sjóðnum til fé nú. „Það byggir á ákvörðunum um hvort breyta eigi langtímamarkmiði um eiginfjárhlutfall sem sett er í reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs,“ segir þar.

Eigið fé Íbúðalánasjóðs var um 10 milljarðar króna um síðustu áramót, eiginfjárhlutfallið var komið niður í 3% og hafði rýrnað úr 4,6% á árinu 2009. Samkvæmt reglugerð sem sjóðurinn starfar eftir ber honum að stefna að 5% eiginfjárhlutfalli til langs tíma litið. Íbúðalánasjóður er rekinn á ábyrgð ríkisins. Sú ábyrgð gildir jafnt hvort sem eiginfjárhlutfallið er 3% eða 5%. Sjóðurinn þarf að reiða fram 62 milljarða króna til að standa undir fjármögnunarþörf sinni á þessu ári og verður ekki í vandræðum með þær greiðslur, að sögn Ástu.

Vegna efnahagsástandsins hafa vanskil viðskiptavina sjóðsins aukist mikið. Þau tvöfölduðust á árinu 2009. Sjóðurinn á einnig um tíu milljarða króna útistandandi og óuppgerða hjá föllnu bönkunum. Óvíst er hvort það fé skilar sér.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins rekur þrýstingur frá erlendum matsfyrirtækjum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mest á eftir því að ríkið leggi fram aukið fé til Íbúðalánasjóðs. Mál sjóðsins eru einnig til umfjöllunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA en dregið er í efa að núverandi skipan mála sé í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Með því að bregðast við gagnrýni og leggja aukið fé inn í Íbúðalánasjóð verði matsfyrirtækjum, AGS og ESA sýnt fram á að ríkið hafi burði til að standa við bak sjóðsins og að við uppbygginguna fjármagnsmarkaðar verði fylgt sömu hugmyndum og í helstu viðskiptalöndum.

peturg@frettabladid.is



**FASTEIGNAMARKAÐUR** Vanskil hafa aukist, 7% lána Íbúðalánasjóðs eru í frystingu og Íbúðalánasjóður hefur þurft að leysa til sín um 750 íbúðir. Þótt sjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum sínum og sé með fullri ríkisábyrgð þrýsta erlendir aðilar á um að ríkið bindi aukið fé í sjóðnum. Slík aðgerð er talin auka trúverðugleika endurreisnar íslensks efnahagslífs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umræður á Evrópuþingi:

## Áhyggjur af litlum stuðningi

**UTANRÍKISMÁL Undirbúningur fyrir aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu er á réttri leið en það er ekki hægt að loka augunum fyrir því að hindranir verði í veginum. Þetta segir Stefan Fuele, stækkunarstjóri sambandsins.**



**STEFAN FUELE**

**„Við vitum að hval- og fiskveiðar eru viðkvæm mál bæði fyrir Ísland og aðildarríki sambandsins,“ sagði Fuele á Evrópuþinginu. Hann lýsti einnig yfir áhyggjum sínum af því að stuðningur við aðild væri lítill á Íslandi og það gæti staðið í vegi fyrir inngöngu. Viðræður gætu hafist í næsta mánuði.** - þeb

Vörukarfan hækkar á milli ára:

## Vöruverð lægra en í febrúar

**NEYTENDUR** Vörukarfa ASÍ hefur hækkað um 2-7 prósent í helstu verslanakeðjum frá því í maí í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá ASÍ hefur verð körfunnar þó lækkað nokkuð í flestum verslanakeðjum frá því hún var hæst í febrúar síðastliðnum eftir nær samfelldar verðhækkanir síðan um mitt ár 2008. Búist er við frekari verðlækkunum.

ASÍ segir að undanfarið ár hafi verð vörukörfunnar hækkað mest í klukkubúðunum Ellefu-ellefu, um 13 prósent, og Samkaupum-Strax um sjö prósent. Í lágvöruverðsverslunum hafi verð körfunnar hækkað mest í Bónus, eða um 6,4 prósent frá því í maí í fyrra.

### UMFERÐ

**Beygjubann verði greint**

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óskuðu eftir því í borgarráði að könnuð verði áhrif banns við vinstri beygju af Bústaðavegi inn á Breiðholtsbraut á háannatíma á gangandi vegfarendur, á umferð á Réttarholtsvegi, leiðakerfi Strætós og á íbúðahverfið sjálft.

### MOSFELLSBÆR

**Mikil ánægja með leikskóla**

Af þátttakendum í viðhorfskönnun á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sögðust 98,5 prósent foreldra leikskólabarna og foreldra barna í vist hjá dagforeldrum telja að börnum sínum líði vel í leikskólanum eða hjá dagforeldrum..




MICHE BAG

EIN TASKA – ENDALAUSIR MÖGULEIKAR

Með einu handtaki skiptir þú um „hlið“ á töskunni

BRÚN EÐA SVÖRT GRUNNTASKA – TVÆR STÆRÐIR
ÚRVAL AF GLÆSILEGUM HLIÐUM

VILLAGE–BÚÐIN · LAUGAVEGI 70 · SÍMI: 534 0312 · www.michebag.com


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**

Þó það verði engin alvöru sumarblíða á landinu um helgina þá verður veður bara allnokkuð ágætt. Vindur verður hægur um allt land en á morgun verður dálítil úrkoma með köflum í flestum landshlutum. Á sunnudag eigum við von á meiri sól einkum syðra.



**Á MORGUN** Hæg NA-læg eða breytileg átt.

**SUNNUDAGUR** Hæg vestlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 33° |
| Berlín | 34° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 35° |
| Friedrichshafen | 33° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 28° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 23° |
| París | 31° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

ÍSLENSKA
# HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

# GRILL
## HAMBORGARAR FABRIKKUNNAR

*Fabrikkuborgarinn er stolt Hamborgarafabrikkunnar*

*Hann er 120 gr. úr 100% fyrsta flokks ungnautakjöti*

*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar*

HAMBORGARAFABRIKKAN ER KOMIN Í HAGKAUP!



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010
**995 kr. pakkinn**
HAGKAUP *Ein ferð betra verð*



| Vara | Tilboð | Verð | Merkt verð |
|---|---|---|---|
| **Kjúklingabringur** í Texas kryddlegi | TILBOÐ 25% afsláttur við kassa | 1.796 kr/kg. | Merkt verð 2.395.- |
| **Kjúklingaleggir** í Texas kryddlegi | TILBOÐ 35% afsláttur við kassa | 647 kr/kg. | Merkt verð 995.- |
| **Heill kjúklingur** ferskur | TILBOÐ 30% afsláttur við kassa | 594 kr/kg. | Merkt verð 849.- |
| **Grísalundir** í koníaksmarineringu | TILBOÐ 25% afsláttur við kassa | 1.934 kr/kg. | Merkt verð 2.598.- |

*Merkið tryggir gæðin!*




HAGKAUP GRILLKJÖT
**15%**
afsláttur við kassa



TILBOÐ – CT DEEP DISH PIZZA – 559 kr/pk.



TILBOÐ – PAGEN KANILSNÚÐAR – 299 kr/pk.



TILBOÐ – LAKKRÍS KONFEKT 300g – 299 kr/pk.



TILBOÐ – RÚNSTYKKI NÝBÖKUÐ – 59 kr/stk.

*Nýjar íslenskar kartöflur!*





TILBOÐ – CARLSBERG 0,5 LTR – 99 kr/stk.



TILBOÐ – SÚKKULAÐI RÚSÍNUR – 399 kr/pk.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 11. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP *Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Viltu að gamli söluturninn í Mæðragarðinum verði fluttur á Lækjatorg?*

| | |
|---|---|
| Já | 60% |
| Nei | 40% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú að hryðjuverk kunni að verða framin á Norðurlöndum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Umboðsmaður Alþingis spyr Seðlabanka og FME um tilmæli vegna gengislána:

# Dregur lagagrundvöll í efa

**STJÓRNSÝSLA** Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis og einn þriggja manna í rannsóknarnefnd Alþingis, beinir hvössum spurningum til Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins í bréfi sem hann sendi þeim nýlega. Tilefnið er tilmælin sem stofnanirnar sendu til fjármálafyrirtækja í framhaldi af dómi Hæstaréttar um gengistryggð bílalán.

Umboðsmaður Alþingis telur að Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn þurfi að skýra á hvaða lagagrundvelli þau tilmæli byggjast. Hann óskar að stofnanirnar tilgreini á hverju staðhæfingar þeirra séu byggðar um „að „óvissa“ ríki um lánakjör þeirra lánasamninga sem tilmælin lúta að með tilliti til dóma Hæstaréttar, sérstaklega um vaxtaviðmið.

Einnig dregur hann í efa þau lagarök sem komið hafa frá stofnununum vegna málsins en bendir þeim jafnframt á að þær þurfi ekki að svara spurningum hans verði tilmælin dregin til baka fyrir 16. júlí næstkomandi, en það er sá frestur sem umboðsmaður Alþingis veitir Seðlabanka og Fjármálaeftirlitinu. - pg



**UMBOÐSMAÐUR** Tryggvi Gunnarsson er snúinn aftur til starfa sem Umboðsmaður Alþingis eftir að hafa setið í Rannsóknarnefnd Alþingis.

Metgullforði Seðlabankans:

# 10 milljarða gullforði

**FJÁRMÁL Andvirði gullforða þess sem geymdur er í Seðlabankanum er orðinn yfir 10 milljarða króna virði í fyrsta sinn í sögunni. Þetta kemur fram í efnahagsreikningi Seðlabankans sem birtur er í hagtölum bankans. Gullforðinn stóð í nákvæmlega 10.113 milljónum króna í lok júní og hafði hækkað um 167 milljónir frá fyrra mánuði. Ástæðan fyrir hækkuninni er þær verðhækkanir sem verið hafa á heimsmarkaðsverði á gulli undanfarnar vikur og mánuði.**



**ÁNÆGÐ** Barbara Stanzeit, Gunnar Einarsson og Magnús Gunnarsson við undirritun samningsins.

MYND/BRYNJÓLFUR JÓNSSON

Skógrækt í Garðabæ:

# Samstarf um 100 ný störf

**ATVINNA** Skapa á ný störf fyrir 100 ungmenni í Garðabæ í sumar. Samningur um atvinnuátakið var undirritaður af hálfu bæjarstjórnar Garðabæjar og Skógræktarfélags Garðabæjar á þriðjudag. Samningurinn felur í sér að koma á fót ýmiss konar ræktunar- og umhirðuverkefnum næstu tvo mánuði fyrir atvinnulaust ungt fólk í bænum.

Samningurinn er hluti af sameiginlegu verkefni sem Skógræktarfélag Íslands í samvinnu við samgönguráðuneytið hóf á síðasta ári og var hugsað sem verkefni til þriggja ára. - sv

## SAMGÖNGUR

### Lenti með veikan farþega

Farþegaþota, af gerðinni Airbus 333, á leið frá Amsterdam til Detroit í Bandaríkjunum þurfti að lenda á Keflavíkurflugvelli um hádegisbil í gær. Um borð var veikur farþegi sem þurfti að komast undir læknishendur að sögn Hjördísar Guðmundsdóttur, upplýsingafulltrúa Flugstoða.

# Þrír Óslóarbúar handteknir vegna hryðjuverkaáforma

**Tveir menn voru handteknir í Noregi og einn í Þýskalandi í gær grunaðir um skipulagningu hryðjuverkaárása. Taldir tengjast Al Kaída. Forsætisráðherra Noregs lagði áherslu á að dæma ekki hópa vegna málsins.**

**NOREGUR** Þrír menn voru handteknir í Noregi og Þýskalandi í gær grunaðir um að hafa lagt á ráðin um stóra hryðjuverkaárás. Mennirnir eru taldir tengjast Al Kaída hryðjuverkasamtökunum.

Yfirvöld og lögregla í Noregi og Bandaríkjunum hafa unnið náið saman að málinu. Fylgst hafði verið með mönnunum þremur í meira en ár. Talið er að mennirnir hafi verið að skipuleggja hryðjuverkaárásir með sprengjum líkt og þeim sem voru notaðar í misheppnuðum árásum í New York og í Manchester á Englandi. Talið er að málin tengist með einhverjum hætti. Ekki hefur verið gefið upp hvar mennirnir ætluðu sér að fremja hryðjuverkin.

Tveir mannanna voru handteknir í Noregi og einn í Þýskalandi en nákvæmari staðsetningar hafa ekki verið gefnar upp. Allir mennirnir búa í Ósló. Einn þeirra er 39 ára norskur ríkisborgari sem er af Uighur-ættum í Kína og hefur búið í Noregi frá árinu 1999. Annar er 37 ára gamall Íraki sem fékk landvistarleyfi í Noregi af mannúðarástæðum og sá þriðji er 31 árs Úsbeki sem fékk landvistarleyfi af fjölskylduástæðum. Fregnir herma að árásin hafi verið skipulögð af Salah al-Somali, fyrrum yfirmanni hjá Al Kaída, sem var drepinn í loftárás CIA í fyrra. Hann er einnig talinn vera höfuðpaur í árásinni á neðanjarðarlestir í New York í fyrra.

Ákveðið var að handtaka mennina nú þar sem alþjóðlegir fjölmiðlar hefðu komist á snoðir um málið. Það hefði getað eyðilagt fyrir rannsókninni og var því ákveðið að handtaka mennina nú.

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, hvatti Norðmenn til þess að dæma ekki stóra hópa fólks vegna handatakanna. „Það eru einstaklingar sem eru ábyrgir fyrir þessum glæpum. Það er alltaf slæmt að dæma heilan hóp af fólki vegna gjörða einstaklinga.“

Í yfirlýsingu frá skrifstofu ráðherrans sem gefin var út seinna um daginn var lögð áhersla á það að málið væri enn til rannsóknar og ekki væri búið að kveða upp úr um sekt mannanna.

magnusl@frettabladid.is, thorunn@frettabladid.is



**BLAÐAMANNAFUNDUR Í GÆR** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Knut Storberget, dómsmálaráðherra, greina frá handtökum þremenninganna.

NORDICPHOTOS/AFP

## Völdu Noreg vegna fámennis

Magnus Ranstorp, sérfræðingur í hryðjuverkastarfsemi við Försvarshögskolan í Stokkhólmi, segir ekki koma sér á óvart að hryðjuverkamenn hafi hreiðrað um sig í Noregi.

„Ég held að hryðjuverkamennirnir hafi hugsað sem svo að Noregur væri álitlegur staður til að starfa á. Engin hryðjuverkastarfsemi hefur verið þar áður, þetta er stórt land og það er fámennt. Ég held hins vegar að þeir hafi misreiknað sig þar sem það er ekki bara norska leyniþjónustan sem þeir þurfa að glíma við, heldur á hún í nánu samstarfi við þá bandarísku, bresku, þýsku og fleiri leyniþjónustur. Því er eftirlit þar gott,“ sagði Ranstorp en bætti því við að fleiri hryðjuverkamenn gætu kosið að starfa á Norðurlöndunum.



**MAGNUS RANSTORP**

Spurður hvort hryðjuverkamenn kynnu að líta til Íslands sagði Ranstorp: „Ég held að Íslendingum stafi meiri hætta af skipulagðri glæpastarfsemi en það er vissulega hætta á því að Ísland verði viðkomustaður fyrir hryðjuverkamenn á leið til annarra landa.“

Ranstorp telur ekki endilega nauðsynlegt fyrir Íslendinga að auka eftirlit með mögulegri hryðjuverkastarfsemi. Þar sem hefðbundin löggæsla virðist skila árangri hér, þá sé það óþarft. Hann leggur enn fremur áherslu á að Íslandi sé sennilega minni hætta búin en hinum Norðurlöndunum þar sem landið er eyja og nokkuð fjarri öðrum löndum. Ísland þurfi hins vegar þrátt fyrir það að huga vel að öryggi á flugvöllum landsins og við þau sendiráð sem hér eru, helst það bandaríska. - mþl






Metfjöldi útgefinna ákæra hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra:

# Málum fjölgaði um 126 prósent

**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Kærðum málum til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur fjölgað um 126 prósent á liðnum tveimur árum. Um er að ræða tímabilið frá því fór að halla undan fæti í efnahagslífinu frá ársbyrjun 2008 til 2009. Þetta kemur fram í ársskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2009.

Kærð mál til efnahagsbrotadeildar á árinu 2007 voru 59, á árinu 2008 voru þau 90. Á árinu 2009 voru þau 133.

Þá segir í skýrslunni að krafa um aðhald í ríkisfjármálum hafi valdið því að ekki var hægt að bregðast við þörfum deildarinnar.

Afleiðing þessa er að mál hafa safnast upp í nokkrum mæli. Á árinu 2009 voru gefnar út fleiri ákærur en nokkurn tíma áður í sögu deildarinnar, eða 47.




**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Efnahagsbrotadeild embættisins hefur ekki haft undan.

Verkefni efnahagsbrotadeildar leiða mörg hver af hruni bankakerfisins með einum eða öðrum hætti. Má þar nefna stóraukinn fjölda alvarlegri skattsvikamála, brot gegn gjaldeyrishöftum sem leiddu af bankahruninu og mikinn fjölda skilasvikamála vegna undanskots eigna við gjaldþrot. Hluti þessara mála, eins og þau sem snerta gjaldeyrishöftin, eru bein afleiðing af hruninu. - jss

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGAR Í SUMAR!




Komdu við í næstu verslun Nova eða á nova.is og græjaðu þig upp fyrir ferðalagið.

**0 kr.**

**Nova pungur**

**1.990 kr./mán. 5 GB fylgja.**

Pungurinn fylgir á 0 kr. ef gerður er 12 mánaða samningur. Einnig hægt að greiða 6.990 kr. fyrir punginn og skrá sig í frelsi eða áskrift.






Nýtt hjá Nova

**0 kr.**

**Nova MiFi ferðabox**

**2.990 kr./mán. 5 GB fylgja.**

MiFi box fylgir á 0 kr. ef gerður er 12 mánaða samningur. Einnig hægt að greiða 19.990 kr. fyrir MiFi boxið og skrá sig í frelsi eða áskrift.



MiFi er lítið ferðabox (3G mini router) þar sem allt að 5 tæki/tölvur geta tengst netinu samtímis. Kjörið í ferðalagið og sumarbústaðinn þar sem fleiri en einn geta verið á netinu á sama tíma!

WiFi nettenging fyrir t.d. fartölvur og iPod Touch.

NOVA Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

12 mánaða samningur: Afborgun greidd með kreditkorti. Greiðslugjald 250 kr./mán. Einnig hægt að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort!

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver stóru bankanna þriggja stendur best að vígi að mati Bankasýslu ríkisins?*

**2** *Í hvaða tveimur bæjarfélögum hefur Gunnar I. Birgisson sótt um bæjarstjórastól?*

**3** *Hver skoraði sigurmark Spánverja gegn Þjóðverjum í undanúrslitum HM á miðvikudag?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 34

Talið að hælisleitendur sem neitað hefur verið um hæli hafi valdið eldsvoða:

# Lögreglan vill hælisleitendur úr landi

**NOREGUR** Talið er víst að kveikt hafi verið í athvarfi fyrir hælisleitendur í nágrenni við Ósló í Noregi aðfaranótt miðvikudags. Kveikt var í þremur byggingum á nánast sama tíma og íbúar í athvarfinu höfðu pakkað saman eigum sínum áður en eldurinn breiddist út.

Alls 23 íbúar hafa verið handteknir og ákærðir fyrir aðild að málinu. Lögreglan vill senda þrjá þeirra úr landi samkvæmt Aftenposten. Flestir íbúanna eru íraskir kúrdar. Þeir höfðu kvartað mikið undan slæmum aðbúnaði á staðnum og hafði komið til orðaskipta á þriðjudagskvöld sem enduðu með afskiptum lögreglu. Stjórnvöld í Noregi hafa neitað því að illa sé séð um fólkið og segja það fá húsaskjól og mat þrisvar á dag auk vasapeninga.

Í athvarfinu býr fólk sem hefur verið endanlega neitað um hæli í Noregi og bíður þess að verða sent úr landi. Það er hins vegar erfitt þar sem fæst fólkið hefur skilríki og sumir neita að gefa upp persónuupplýsingar um sig.

Lögreglan segist líta málið alvarlegum augum og það sé hælisleitendunum ekki til framdráttar. Í kjölfar eldsvoðans hefur verið skipaður sérstakur hópur sem á að fara yfir umsóknir allra sem í athvarfinu voru á nýjan leik. **- þeb**



NORDICPHOTOS/AFP

**FYLGST MEÐ ELDINUM** Lögreglumenn fylgdust með eldinum snemma í gærmorgun, en það tók eldinn skamma stund að læsa sig í öll húsin. Það þykir benda til að eldfimur vökvi hafi verið notaður til að kveikja í.

Niðurstaða hönnunarkeppni:

## Nýr Landspítali kynntur í dag

**HÖNNUN** Niðurstaða hönnunarsamkeppni um byggingu nýs Landspítala og húsnæðis fyrir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands verður kynnt í dag klukkan ellefu á Háskólatorgi. Fimm hönnunarteymi tóku þátt í samkeppni um frumhönnun nýja spítalans og skiluðu tillögum sínum 10. júní sl. til Ríkiskaupa. Undanfarinn mánuð hefur níu manna dómnefnd, auk óháðra ráðgjafa, farið yfir tillögurnar.

Samkeppnin tók annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild og hins vegar til útfærslu á 1. áfanga verkefnisins, frumhönnunar 66 þúsund fermetra nýbyggingar spítalans og 10 þúsund fermetra byggingar fyrir heilbrigðissvið H.Í. **-sbt**

Færri alvarleg umferðarslys en í fyrra:

## Þrjú banaslys fyrstu fjóra mánuði ársins

**UMFERÐ** Þrír létust í umferðarslysum fyrstu fjóra mánuði ársins en fjórir á sama tíma í fyrra. Umtalsvert færri slösuðust alvarlega í umferðinni hér á landi á tímabilinu samanborið við í fyrra. Samkvæmt slysaskráningu Umferðarstofu urðu 39 alvarleg slys fyrstu fjóra mánuði ársins í ár og í þeim slösuðust 41. Á sama tímabili í fyrra urðu 50 alvarleg slys og 54 slösuðust en samkvæmt þessu fækkar alvarlega slösuðum um fjórðung.

Ekki er mikill munur á fjölda lítið slasaðra fyrstu fjóra mánuði áranna 2010 og 2009 en þeim virðist fjölga um rétt rúmlega eitt prósent. Fjöldi lítið slasaðra á þessu tímabili ársins 2009 var 345 en nú í ár er fjöldinn 349.



**Á VEGUM ÚTI** Færri hafa slasast alvarlega fyrstu fjóra mánuði ársins en í fyrra.

Slysaskráning Umferðarstofu byggist á skýrslum lögreglu sem fengnar eru úr gagnagrunni ríkislögreglustjóra. **-sbt**



**AKUREYRI** Tilkynnt verður um ráðningu bæjarstjóra Akureyrarbæjar á næstu dögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fulltrúar íbúa taka viðtöl við bæjarstjóraefni

**Meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar fékk Capacent til að velja fimm manns úr ólíkum áttum til að aðstoða við ráðningu bæjarstjóra Akureyrar.**

**AKUREYRI** Nýr meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar nýtur aðstoðar fimm einstaklinga sem ekki tengjast meirihlutanum við ráðningu nýs bæjarstjóra.

Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar náði L-listinn hreinum meirihluta og segir Oddur Helgi Halldórsson, fyrrverandi oddviti flokksins og núverandi bæjarfulltrúi, hópinn, sem kallaður er hulduherinn, vera leynihóp og hann tákni þverskurðinn af þjóðfélaginu.

„L-listinn er mjög óvenjulegt framboð,“ segir Oddur. „Við viljum fá bæjarstjóra sem er samnefnari fyrir alla bæjarbúa. Hulduherinn var valinn af Capacent, ekki okkur sjálfum.“

Leynihópurinn samanstendur af fimm manns úr bænum, hver þeirra er fulltrúi á sínu sviði: í Háskólanum, stjórnsýslunni, menningunni, frá atvinnurekendum og verkamönnum.

Spurður hvort nafnleynd hópsins sé ekki þversögn við opna og gegnsæja stjórnsýslu, segir Oddur það geta vel verið.

„Ég leyfði þeim að ráða þessu sjálfum,“ segir hann. „Þetta er alfarið í þeirra höndum.“

Fimmmenningarnir tóku viðtöl við alla 53 umsækjendur, gáfu þeim númer og létu bæjarráð vita hvort mælt væri með viðkomandi eður ei. Hversu mikinn þunga hópurinn hefur í ákvörðuninni er ekki ljóst. Ráðningin verður tilkynnt á næstu dögum.

Fréttablaðið hafði samband við oddvita Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, sem ekkert höfðu heyrt af málinu.

**sunna@frettabladid.is**

### 53 sóttu um bæjarstjórastöðu

Alls sóttu 53 um starf bæjarstjóra Akureyrar. L-listinn fékk hreinan meirihluta eftir kosningarnar í vor og var eitt af stefnumálum flokksins að ráða faglegan bæjarstjóra. Ýmsir þekktir voru á meðal umsækjenda, þar á meðal Sigrún Elsa Smáradóttir fyrrverandi borgarfulltrúi í Reykjavík, Gísli Tryggvason talsmaður neytenda, Páll Magnússon bæjarritari í Kópavogi, Ragnar Jörundsson fyrrverandi bæjarstjóri Vesturbyggðar, Ólafur Örn Ólafsson fyrrverandi bæjarstjóri Grindavíkur, Dofri Hermannsson fyrrverandi borgarfulltrúi í Reykjavík, Einar Vilhjálmsson viðskiptafræðingur og spjótkastari og Guðrún Frímannsdóttir fréttamaður.




Spurðu um beyglur frá Myllunni í versluninni þinni

*Búðu þig undir góðar stundir*

**Kauptu beyglur frá Myllunni**

Beyglurnar frá Myllunni eru bragðgóðar og henta við öll tækifæri. Eigðu þær alltaf í frystinum. Spurðu um beyglur í næstu búð. Taktu með þér poka til að eiga núna. Berðu beyglur á borð fyrir gesti eða smyrðu ljúffenga beyglu fyrir svanga krakka. Betri helmingurinn kann líka að meta volga beyglu beint í rúmið. Mundu eftir beyglunum frá Myllunni.

50% MEIRA MAGN SAMA VERÐ

Nú fæst 50% meira af beyglum á sama verði og áður.




*Gríptu með poka af beyglum í búðinni, í dag!*

Beyglurnar frá Myllunni eru til í þremur gerðum: Fínar beyglur, beyglur með kanil og rúsínum og beyglur með hörfræjum, sesam og birki.
**Hver annarri betri!**

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

*Fylgstu með okkur á:*
**www.myllan.is**




# Ódýrt að skipta yfir í Smellugas Olís

## Nýi þrýstijafnarinn er þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.

**Dæmi 1**
Þú skilar inn tómum 9 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **4.813 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 2**
Þú skilar inn tómum 11 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **1.603 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 3**
Þú skilar inn tómum 10 kg plastkút með gamla kerfinu, kaupir 10 kg plastkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **931 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á.

**Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu.**

**Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.**






smellugas.is

Smellugas

olís

**FRÉTTASKÝRING:** Málarekstur vegna stefnu slitastjórnar Glitnis hafinn í New York

# Á móti því að gögn hússtjórnar verði afhent

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir hafa fyrir dómi í New York mótmælt því harðlega að slitastjórn Glitnis fái í hendur viðkvæmar fjárhags- og persónuupplýsingar, sem hjónin þurftu að láta hússtjórn í té þegar þau keyptu lúxusíbúðir á Manhattan. Slitastjórnin segir gögnin bráðnauðsynleg.**

Málarekstur vegna stefnu slitastjórnar Glitnis á hendur sjö fyrrverandi eigendum og stjórnendum bankans er kominn á fullan skrið. Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding, Hannesi Smárasyni, Jóni Sigurðssyni og Þorsteini M. Jónssyni er stefnt í málinu til greiðslu 260 milljarða króna fyrir að hafa gert samsæri um að ná völdum í bankanum og tæma hann innan frá í þágu eigin fyrirtækja.

Samkvæmt málsskjölum er nú einkum tekist á um tvennt: Frávísunarkröfu Jóns Ásgeirs og Ingibjargar, sem byggir á þeirri röksemd að höfða beri málið á Íslandi en ekki í New York, og þá kröfu slitastjórnarinnar að fá afhent gögn vegna kaupa hjónanna á tveimur lúxusíbúðum við Gramercy Park North á Manhattan.

### Segja málið ótengt New York

Hjónin fara sem áður segir fram á það að málinu verði vísað frá þar sem ekki séu forsendur fyrir því að það sé höfðað í New York. Benda þau meðal annars á að öll meint brot þeirra hafi verið framin í rekstri íslenskra félaga og allir þátttakendurnir séu íslenskir ríkisborgarar. Eina tengingin við Bandaríkin sé skuldabréfaútboð þar í lok árs 2007, en slitastjórnin fullyrðir að það hafi haft þann eina tilgang að afla bankanum fjár sem sjömenningarnir gætu síðan sogið út úr honum. Þessu hafna Jón Ásgeir og Ingibjörg og segjast ekkert hafa komið nálægt ákvörðunum um skuldabréfaútboðið.

Þau tína ýmislegt fleira til sem ástæðu fyrir því að ekki sé eðlilegt að höfða málið í New York. Málarekstur þar sé miklum mun dýrari en á Íslandi, auk þess sem hann verði óhjákvæmilega torskildari þeim en ella, enda enska ekki móðurmál þeirra. Bæði segjast þau nægilega góð í ensku til að skilja eigin eiðsvarnar yfirlýsingar, en verði málið rekið á ensku þurfi þau að hafa túlk sér til halds og trausts.

Slitastjórnin bendir á móti á að tengsl þeirra við Bandaríkin séu mikil. Þau eigi þar íbúðir, hafi dvalið þar langdvölum, og hafi meðal annars verið birt öll málsskjöl í lúxusíbúð sinni. Stefndu hafi „sótt á fremsta fjármálamarkað veraldar af ásettu ráði til að fullnægja eigin ágirnd“ og því hljóti að vera rétt að höfða málið þar.

### Þversögn sem stenst ekki skoðun

Í eiðsvörnum yfirlýsingum hjónanna svara þau að einhverju leyti þeim ásökunum sem bornar eru á þau í stefnunni. Jón Ásgeir tekur reyndar fram að frávísunarkrafa sé ekki rétti staðurinn fyrir slík svör, en hann vilji benda á nokkur atriði til marks um fáránleika stefnunnar.

„Í stefnunni er þeirri þversögn haldið fram að ég hafi reynt að grafa undan banka sem „fyrirtækjavefur“ minn átti 39 prósenta hlut í. Það stenst ekki rökhugsun að ég myndi reyna að spilla meintum stórkostlegum fjárhagslegum hagsmunum mínum í Glitni með því að valda falli hans,“ útskýrir Jón Ásgeir.

Ingibjörg segist aldrei hafa verið stjórnandi eða yfirmaður í Glitni, né hafi hún nokkurn tíma stýrt aðgerðum hans, persónulega eða óbeint. Samband hennar við bankann hafi einungis verið sem óbeinn fjárfestir og sem viðskiptavinur. Stefnan á hendur henni eigi því engan rétt á sér.

Jón Ásgeir og Ingibjörg eru í yfirlýsingum sínum bæði mjög harðorð í garð slitastjórnarinnar og þeirrar skoðunar sem birtist í stefnunni að Ingibjörg sé lítið annað en hliðarsjálf Jóns Ásgeirs. Ingibjörg segir fáránlegt og móðgandi af Steinunni Guðbjartsdóttur, formanni slitastjórnarinnar, að ýja að – og ætlast til þess að rétturinn trúi – því að eiginkonum sé stjórnað af eiginmönnum sínum.

### 2.5 milljarða lúxusíbúðir

Deilan um íbúðirnar tvær við Gramercy Park North 50 er lykilatriði í málinu að mati slitastjórnar.

Upphaflega var um að ræða íbúð númer 16A í húsinu, sem keypt var í desember 2005, og tvær risíbúðir, 17A og 18A, keyptar í apríl og maí 2007. Risíbúðirnar hafa nú verið sameinaðar.

Í öllum málsgögnum er fjallað um Jón Ásgeir og Ingibjörgu sem um einn og sama aðilann væri að ræða og íbúðirnar sagðar í eigu þeirra beggja. Hjónin fullyrða hins vegar að Ingibjörg hafi keypt íbúðirnar ein á sínum tíma, fyrir ættarauð sinn, eins og Jón Ásgeir kemst að orði í yfirlýsingu sinni. Jón Ásgeir sé hins vegar skráður fyrir einu prósenti, eins og tíðkast um hjón þar ytra þegar annað hjónanna kaupir húsnæði eitt, til þess að hann gæti búið þar áfram ef hún félli frá.

Virði íbúðanna, varlega áætlað, er ríflega 20 milljónir dollara (yfir 2,5 milljarðar króna) og þar að auki hafa hjónin 300.000 dollara leigutekjur (um 37,5 milljónir króna) af annarri íbúðinni á ári hverju, að því er segir í málsskjölum.

### Ýtarlegar persónuupplýsingar

Þegar íbúðirnar voru keyptar gerði stjórn félagsins sem rekur húsið kröfu um að fá í hendur mjög ýtarlegar fjárhags- og persónuupplýsingar kaupandans, skattframtöl og reikningsyfirlit úr bönkum. Slitastjórnin hefur nú stefnt framkvæmdastjóra félagsins til að afhenda öll þau gögn. Því mótmæla Jón Ásgeir og Ingibjörg harðlega og hafa farið fram á að dómari hafni því að gögnin skuli afhent. Upplýsingarnar sem gögnin hafa að geyma séu mjög viðkvæmar og persónulegar og komi málarekstrinum ekki við.

Fram hefur komið að tíu milljóna dollara lán fyrir annarri íbúðinni (jafnvirði 1,25 milljarða) var greitt niður um miðjan maí síðastliðinn. Féð kom af reikningi hjá Royal Bank of Canada, sem í stefnu er eignaður hjónunum saman, en Ingibjörg segist ein skráð fyrir. Slitastjórnin hefur jafnframt stefnt bankanum til afhendingar allra gagna sem varða þessa niðurgreiðslu og hjónin hafa tekið til varna af sömu ástæðum og fyrr voru nefndar.

### Nauðsynlegt til að finna peningana

Slitastjórnin telur hins vegar ákaflega mikilvægt að fá þessi gögn í hendur. „Slitastjórninni er nú heimilt að fylgja hinni margumræddu peningaslóð hvert sem hún kann að leiða. Sem dæmi, þá gætu gögnin sem stefnendur hafa óskað eftir varpað ljósi á það hvað varð um fjármunina sem stefndu öfluðu sér, umfang og uppruna persónulegs hagnaðar stefndu á kostnað Glitnis og hvort eignir voru færðar í eða úr höndum stefndu með svikasamlegum hætti,“ segir í greinargerð slitastjórnarinnar.

Þá segir enn fremur að gögnin geti sýnt fram á að íbúðirnar hafi verið keyptar, þeim viðhaldið og 10 milljóna dollara lánið greitt niður með illa fengnu fé sem á uppruna sinn í sjóðum Glitnis. Þau geti jafnframt sýnt fram á frekari tengsl stefndu við New York – sem myndi gagnast til að andmæla frávísunarkröfunni. Afar brýnt sé því aðgangurinn sé veittur.


**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



**50 GRAMECY PARK NORTH** Húsið á Manhattan er eitt það dýrasta og fínasta í allri New York-borg. Svo fínt er það að rekstraraðili hússins höfðaði á sínum tíma mál á hendur Jóni Ásgeiri og Ingibjörgu, af því að þau settu eldhúsvask frá IKEA í eina íbúðina. Það þótti ekki samræmast lúxusnum sem krafist er í húsinu. Íbúðirnar tvær, sem upphaflega voru þrjár, eru metnar á tvo og hálfan miljarð.



## Ellefu nauðsynleg en óviljug vitni?

Í eiðsvarinni yfirlýsingu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nafngreinir hann ellefu manns, alla búsetta á Íslandi, sem hann telur að þyrftu nauðsynlega að bera vitni í málinu fyrir dómi, verði því ekki vísað frá.

Fyrsta nefnir hann sjö fyrrverandi stjórnendur FL Group og fulltrúa félagsins í stjórn Glitnis, sem ekki eru nefndir í stefnunni. Þeir eru:

- Eiríkur Jóhannsson
- Viðar Þorkelsson
- Bernharð Nils Bogason
- Árni Hauksson
- Katrín Pétursdóttir
- Jón Björnsson
- Smári S. Sigurðsson

Þá er nefndur:

- Skarphéðinn Berg Steinarsson, sem á þeim tíma sem meint brot voru framin var ýmist stjórnarmaður í Glitni, stjórnarformaður FL Group eða framkvæmdastjóri hjá Baugi.

Að síðustu nefnir Jón Ásgeir þrjá menn sem fullyrt er í stefnunni að hafi verið bolað út úr stjórn Glitnis til að svikafléttan sem þar er lýst mætti ná fram að ganga. Þeir eru:

- Einar Sveinsson
- Karl Wernersson
- Guðmundur Ólason

„Ég hef enga ástæðu til að ætla að ofantaldir einstaklingar myndu fást til að mæta sjálfviljugir í skýrslugjöf eða til að bera vitni í New York,“ segir í yfirlýsingu Jóns Ásgeirs, sem telur það upp meðal raka fyrir því að ekki eigi að reka málið þar ytra.




## Jón Ásgeir segist engum hafa stjórnað

Jón Ásgeir þvertekur fyrir það í yfirlýsingu sinni að hafa stjórnað öðrum aðilum málsins, eins og fullyrt er í stefnunni.

- Um **Lárus Welding** segir hann: „Þótt ég hafi þekkt forstjóra Glitnis, Lárus Welding, frekar vel, og hafi getað sent honum beinan tölvupóst um tiltekin viðskiptatækifæri fyrir bankann, stjórnaði ég aldrei eða reyndi að stjórna viðskiptum hans. Tölvubréfin sendi ég til herra Weldings sem stór fjárfestir og viðskiptavinur.“

Og: „Þrátt fyrir að ég hafi átt samskipti við herra Welding um persónuleg bankaviðskipti mín og eiginkonu minnar (og hafi stöku sinnum látið óánægju mína í ljós), og hafi auk þess stundum deilt með honum skoðunum mínum á tilteknum viðskiptum Glitnis [viðskiptum við fyrirtæki sem ég tengdist], þá jafngildir það ekki því að ég hafi „stjórnað“ herra Welding, sem hikaði ekki við að tjá sína skoðun eða mótmæla mínum.“

- Um **Þorstein M. Jónsson** segir hann: „Það er ekki rétt að gefa í skyn að svo farsæll og sjálfstætt þenkjandi kaupsýslumaður myndi taka við skipunum frá mér.“
- Um **Jón Sigurðsson** segir hann: „Tengsl okkar [hans og Jóns] við FL Group gera herra Sigurðsson ekki að peði mínu.“

Minningarár Jóns Sigurðssonar 200

Samkeppni um minjagripi og handverk. Vertu með!

Samkeppnisreglur og upplýsingar: www.jonsigurdsson.is



ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 50728 06/10



# Útsalan er hafin!

## Hundruðir vara á allt að 70% afslætti



heimilistæki -
eldhúsáhöld - borðbúnaður
klukkur - glös - ljósaseríur
ferðavörur - sumarvörur og
margt fleira á **25% - 35%**
**- 50%** og **70%** afslætti.

Útsöluvörur og rýmingarsöluvörur.
Allur pakkinn!

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

**FRÉTTASKÝRING:** Afleiðingar skjálftans á Haítí

# Börnin enn í mikilli hættu

**Afdrifaríkar afleiðingar skjálftans á Haítí eru enn að koma í ljós. Hundruð þúsunda barna misstu fjölskyldur sínar og heimili. Eru enn mjög berskjölduð fyrir hættulegum sjúkdómum, mansali og ofbeldi.**

Fyrir skjálftann mikla sem reið yfir Haítí, hinn 12. janúar 2010, náði eitt af hverjum þrettán börnum ekki fimm ára aldri og helmingur barna gekk ekki í skóla. Þúsundir barna voru neydd í vinnu og kynlífsþrælkun. Dánartíðni barna er sú hæsta í Vesturheimi.

Samtökin Save the Children hafa sent frá sér nýja skýrslu varðandi málefni barna á Haítí, sex mánuðum eftir jarðskjálftann, þar sem hátt í 250 þúsund manns létust, 300 þúsund særðust og yfir milljón misstu heimili sín.

Hundruð þúsunda barna misstu heimili sín og fjölskyldur í skjálftanum. Höfuðborgin Port-au-Prince og borgirnar Léogâne og Jacmel urðu verst úti. Milljónir lifa enn án nægilegs vatns og matar og við skort á hreinlætisaðstöðu og heilbrigðisþjónustu. Börnin eru sérstaklega berskjölduð fyrir sjúkdómum, misnotkun og ofbeldi.

Viðbragðsáætlanir eftir skjálftann eru þær umfangsmestu og flóknustu sem samtökin Save the Children hafa tekið þátt í. Nú er rigningartímabil að hefjast á Haítí og eru íbúar landsins í mikilli hættu að verða fyrir alvarlegum afleiðingum fellibylja sökum vöntunar á skjóli og hreinlætisaðstöðu.

Fjárhagsáætlanir Save the Children ganga ekki eftir. Enn vantar 128,6 milljónir dollara frá alþjóðasamfélaginu til þess að uppfylla þær.

sunna@frettabladid.is



**STANDI VIÐ LOFORÐIN** Save the children segja að það verði að standa við loforð um langtímafjárveitingar.



**PORT-AU-PRINCE** Höfuðborg Haítí var rústir einar eftir jarðskjálftann í janúar og yfir milljón manns misstu heimili sín.



**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Hundruð þúsunda búa undir tjöldum og skýlum í borgunum eftir skjálftann.



**HÁ DÁNARTÍÐNI** Eitt af hverjum 13 börnum lætur lífið fyrir fimm ára aldur sökum skorts á hreinlæti, vatni og næringu.

## Starfið er bara rétt að byrja

**Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri kynningarmála hjá Barnaheill og Save the Children á Íslandi**

Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri kynningarmála hjá Barnaheill og Save the Children á Íslandi, segir ástandið á Haítí enn mjög alvarlegt. Börnin búi í skýlum og flóttamannabúðum sem gerir þau afar viðkvæm fyrir heilsufarsvandamálum eins og niðurgangi og malaríu sökum vöntunar á vatni og hreinlæti.

„Þessir sjúkdómar eru auðlæknanlegir en eru þrátt fyrir það að draga börn til dauða sökum óviðunandi aðstæðna á svæðinu,“ segir Björg. Hún segir erfitt að bregðast við vandamálunum sökum fjárskorts og mikilvægt sé að alþjóðasamfélagið standi við skuldbindingar varðandi þær langtímafjármagnanir sem lofað var. Mikil áhersla er lögð á menntun sem part af neyðaraðstoðinni.

„Menntunin er leiðin fyrir börnin úr fátæktinni,“ segir Björg. „Uppbyggingin verður að skila árangri til langframa og byggja upp betra samfélag fyrir börnin. Starfið sem er fyrir höndum er bara rétt að byrja.“



**BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR**

## Um Haítí

| | |
|---|---|
| **Höfuðborg:** | Port-au-Prince |
| **Íbúafjöldi:** | 9 milljónir |
| **Tungumál:** | Kreólamál, franska |
| **Stærð:** | 27,5 þúsund km² |
| **Trú:** | Kristni og vúdú |
| **Sjálfstæði frá Frakklandi:** | 1825 |
| **Forseti:** | René Préval |
| **Ungbarnadauði:** | 1 af hverjum 13 |
| **Aðgangur að heilbrigðisþjónustu:** | 40% |
| **Skólaganga barna:** | 50% |

### Skjálftinn 12. janúar, 2010

| | |
|---|---|
| **Styrkur:** | 7,0 á Richter |
| **Dýpt:** | 13 kílómetrar |
| **Látnir:** | 230.000 |
| **Særðir:** | 300.000 |
| **Heimilislausir:** | 1.000.000 |

SKEMMTISIGLING: AUSTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA

**Liberty of the Seas** ★★★★★

2.–11. OKTÓBER 2010

**Eitt stærsta og mikilfenglegasta skemmtiferðaskip heims!**

**Miami – Florida, Philipsburg – St. Maarten, San Juan – Puerto Rico, Labadee – Haiti, Miami – Florida**

ÚRVAL ÚTSÝN ÆVINTÝRI www.uu.is

ÚRVAL-ÚTSÝN

Úrval Útsýn kynnir með stolti, Liberty of the Seas, eitt stærsta og mikilfenglegasta skemmtiferðaskip heims. Skipið er eitt af nýjustu viðbótum Royal Caribbean skipafélagsins en það fór jómfrúarferð sína í maí 2007. Það hefur einstaka eiginleika og aðstöðu, t.d. vatnagarð með brimbrettaaðstöðu, skautasvell, klifurvegg, verslunargötu og skemmtistaði svo fátt eitt sé nefnt. Þetta glæsilega skip er búið nær öllu er hugurinn girnist. Barir, veitingahús, leiksýningar og skemmtanir eru hvarvetna í boði, ásamt ævintýralegu sundlaugasvæði. Liberty of the Seas er sannkallað fljótandi 5 stjörnu lúxus hótel sem undirstrikar að skemmtisiglingar eru ævintýri og upplifun sem seint gleymist.



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

Verð frá: **236.900 kr.** á mann m.v. 2 fullorðna.*

* Innifalið: Flug til og frá Orlando, gisting á Baymont Inn & Suites í Orlando með morgunverð í eina nótt, skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 7 nætur, þjórfé um borð í skipinu og allar ferðir milli flugvalla, hótels og skips.

# YFIR KJÖL, KLAMBRATÚNIÐ EÐA Í KOLAPORTIÐ

**VATNAJÖKULL** - Soft shell jakki með hettu

POLARTEC® Power Shield®

Sniðið á hettunni er einstaklega vel heppnað. Hettan fylgir hreyfingum höfuðsins svo að hún byrgir aldrei hliðarsýn. Hægt er að stilla hana með teygju að aftan og í hliðum.

**Polartec Power Shield Pro** er sterkt efni sem þolir mikinn núning, t.d. af bakpoka eða sigbelti. Efnið teygist á fjóra vegu, gefur vel eftir og er mjúkt viðkomu. 5000 mm vatnsheldni og 8l/m$^2$/sek. öndun.

Hettunni má auðveldlega smeygja yfir hjálm. Innan í henni eru dragbönd sem dregur úr líkum á því að böndin sláist í andlit í vindi og á henni er skyggni sem hægt er að stilla með innsaumuðum vír.

Saumlausar axlir koma í veg fyrir að bleyta nuddist í gegnum sauma og einnig að bakpoki nuddist óþægilega við axlir. Sniðið á jakkanum er sítt, sem minnkar líkur á að það blási inn milli jakka og buxna.



Sérmótað snið á olnbogum svo ermar fylgi hreyfingum handa. Lyftast ekki upp ef olnboginn er beygður. Frelsi til að hreyfa sig án hafta. Stillanlegar með riflás

Vasarnir eru staðsettir ofarlega á jakkanum sem gerir þá aðgengilegri ef bakpoki með mittisól er notaður. Ofarleg staðsetning vasanna gerir þá að ákjósanlegum handahiturum.

Vatnajökull Softshell jakkinn er léttur, aðeins 600 g, og pakkast vel. Hann hefur einstaklega góða öndunareiginleika og hentar vel til útivistar sem krefst líkamlegs erfiðis eða mikillar hreyfingar.

Jakkinn er 99% vindheldur en hleypir í gegn 1% af vindinum, sem skapar létt loftflæði og veldur því að öndunin verður hraðari og betri fyrir vikið.

Tvöfaldur vatnsheldur YKK rennilás á jakka og á vösum. Til að verjast því að vindur komist í gegnum rennilás er fóður undir honum sem nær upp undir höku, sem kemur í veg fyrir að rennilásinn erti húðin a.

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11
**Akureyri:** Glerártorg
**Keflavík:** Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
149
KR. KG
BEINT FRÁ SPÁNI
RAUÐ VATNSMELÓNA NÝ UPPSKERA
198
KR. KG
FRÁ HOLLANDI
HOLLENSKT ICEBERG SALAT
498
KR. 500g
FRÁ HOLLANDI
JARÐARBER 500g
398
KR. KG
FRÁ CHILE
RAUÐ NÝ VÍNBER
398
KR. 551ml
FRÁ AMERÍKU
AMERÍSK BLÁBER 551 ml
BÓNUS
FERSKT SPÍNAT
298
KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200g
598
KR. KG
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
ÍSLENSK PAPRIKA /BLANDAÐIR LITIR
Halta
259
KR. 250ml
HALTA ÞEYTIRJÓMI 250 ML
MYLLU SKÚFFUKAKA
298
KR. STK
MYLLU SÚKKULAÐI-SKÚFFUKAKA 380g
Coca-Cola
4x1.5l
50% MEIRA MAGN
698
KR. 1.5 LTR
COKE-KIPPA 4 x 1,5 ltr.
ALLAR GERÐIR
pepsi
pepsi MAX
maximum kick no sugar
179
KR. 2 LTR
Coca-Cola
Coca-Cola light
98
KR. 0,5 LTR
Kristall
98
KR. 0,5 LTR
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
998
KR. KG
FRYSTIVARA
KS FROSIÐ LAMBASIRLOIN
2698
KR. KG
HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
1598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% afsláttur
1259
KR. KG
FRYSTIVARA
KS LAMBALÆRISSNEIÐAR
565
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR
BÓNUS
Kjúklingur
Læri, leggir vængir
398
KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20% afsláttur
998
KR. KG
FRYSTIVARA
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
FERSKT LAMBAKJÖT
BÓNUS
Kjúklingur
Leggir
479
KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% afsláttur
Sérskorið ferskt lambalæri
Efsti hluti mjaðmabeins og rófu-
beinið er skorið frá og því er
meira kjöt á lærinu
og minna bein !
1259
KR. KG
BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is
GÓÐ KAUP
BÓNUS
borgarar
10 stk. x 120 g
BÓNUS
25% AFSLÁTTUR
111
KR.PK
598
KR.KG
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
PYLSA Í BRAUÐI
Á CA. 53 KR.
1583
KR. KG
BÓNUS FERSKAR LAMBAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1979 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
FROSNIR BÓNUS BORGARAR 10 x 120g
1298 KR PAKKINN
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ
139 KR
BÓNUS
Tómat
sósa
BÓNUS
Sinnep
BÓNUS
24
1583
KR. KG
BÓNUS FERSKAR BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1979 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
698
KR. KS
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK
129
KR.460ml
BÓNUS
TÓMATSÓSA
159
KR.460ml
BÓNUS
SÆTT SINNEP
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Norðmenn vakna upp við vondan draum um hryðjuverkastarfsemi. Hvað gera Íslendingar?

## Veiki hlekkurinn?

Norðmönnum var illa brugðið í gær þegar sagt var frá því að þrír menn búsettir í Noregi, sem grunaðir eru um þátttöku í hryðjuverkasamtökunum Al Kaída, hefðu verið handteknir. Þeir eru grunaðir um að hafa unnið að skipulagningu sprengjutilræða í Noregi eða öðrum Evrópulöndum.

Almenningur í Noregi gerði ekki ráð fyrir að hryðjuverkastarfsemi þrifist þar. Sú reyndist samt raunin. Norðmenn höfðu talið sig tiltölulega örugga, þrátt fyrir hótanir hryðjuverkasamtaka á undanförnum árum. Margir hafa nú sjálfsagt glatað þeirri öryggistilfinningu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Upp hefur komizt um hryðjuverkastarfsemi í þremur af okkar næstu nágrannalöndum, sem Íslendingar hafa mest samskipti við, þ.e. Noregi, Danmörku og Bretlandi. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hversu lengi Ísland getur litið á sig sem eyland, varið fyrir hryðjuverkaógn.

Magnus Ranstorp, einn fremsti sérfræðingur Norðurlanda í hryðjuverkastarfsemi, segir í samtali við Fréttablaðið í dag að hryðjuverkamennirnir hafi sennilega valið Noreg vegna þess að landið sé stórt og fámennt og þar hafi ekki verið hryðjuverkastarfsemi áður. Þeir hafi því talið sig komast hjá eftirliti. Raunin hafi orðið önnur, þar sem norska leyniþjónustan sé í góðu samstarfi við leyniþjónustur annarra landa. Ranstorp telur ekki útilokað að hryðjuverkamenn horfi til Íslands, þótt staðsetning landsins sé nokkur vörn.

Leyniþjónusta norsku lögreglunnar stóð sig klárlega vel í því að koma upp um hryðjuverkamennina. En hvernig er íslenzka lögreglan í stakk búin að fyrirbyggja hryðjuverkastarfsemi hér?

Í síðasta opinbera hættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra kom fram að hryðjuverkaógn hér væri ekki talin meiri en á öðrum Norðurlöndum. Hvorki ætti að gera mikið úr slíkri ógn né hafna henni með öllu. Í hættumatinu sagði hins vegar líka að lögreglan hér hefði ekki svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir til að safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila, lægi ekki fyrir grunur um tiltekið afbrot. „Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að íslenska lögreglan hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk eða taka þátt í að fjármagna slíka starfsemi.“

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur mælt með því að lögreglan fái þær heimildir sem hún þarf til að fylgjast með hugsanlegri hryðjuverkastarfsemi og skipulögðum glæpum. Hins vegar liggur fyrir að þá sem helzt eru á móti slíkum heimildum lögreglu er að finna í þingliði núverandi ríkisstjórnarflokka.

Ef við stöndum einn daginn frammi fyrir sama veruleika og Norðmenn, viljum við þá ekki að atburðarásin verði svipuð; að lögreglan nái hryðjuverkamönnunum áður en þeir ná að fremja ódæðisverk? Eða viljum við að Ísland verði veikasti hlekkurinn í keðju hryðjuverkavarna vestrænna ríkja, sem hryðjuverkamenn sjá hugsanlega tækifæri til að nýta sér – hugsanlega til að skipuleggja árásir á önnur lönd?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vilja frekar evruna

Viðskiptablaðið greinir frá því að átta af tíu stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins séu farin að gera upp ársreikninga sína í erlendri mynt. Þar af gera sex af tíu stærstu fyrirtækjunum upp í evrum. Í samtali við Pressuna, segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, að það geti verið betra fyrir útgerðarmenn að gera upp í erlendri mynt. Sveiflur á gengi geti haft áhrif á skuldir fyrirtækjanna.



### Hagsmunir fjöldans

Sveiflur á gengi hafa ekki bara áhrif á skuldir fyrirtækja, heldur líka skuldir heimila. Þau geta aftur á móti ekki notað evrur eins og útgerðarmenn, nema Ísland gangi í ESB. Á það vill Friðrik ekki heyra minnst. „Við höfum nákvæmlega ekkert að gera þangað inn. Það kemur ekki til álita að gefa eftir forræði á auðlindum landsins.“ Þar á Friðrik væntanlega við handhafa kvótans, en þeir eru samkvæmt nýjustu tölum 166 talsins.



### Hæfir menn

Á fundi borgarráðs í gær var samþykkt að skipa Óttarr Proppé og Stefán Einar Stefánsson í samstarfsnefnd Reykjavíkurprófastsdæma til loka kjörtímabilsins. Báðir hafa pælt sitthvað í kristnum fræðum og lagt út af þeim. Stefán Einar hefur lokið embættis-prófi í guðfræði. Óttarr Proppé söng hins vegar lagið Trúboða-sleikjari með hljómsveitinni HAM. Myndbandið þótti svo gróft að þáverandi dagskrárstjóri sjónvarps (Hrafn Gunnlaugsson af öllum mönnum) bannaði sýningar þess.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Þjófur -s, -ar KK

Samfélagsmál

Rúnar Helgi Vignisson

rithöfundur



Í mínum huga hefur orðið *þjófur* verið endurskilgreint. Nú einskorða ég skilgreininguna ekki lengur við hegningarlögin sem okkar mistæka Alþingi hefur samþykkt heldur set orðið í víðara samhengi. Jón Hreggviðsson var ekki eiginlegur þjófur í mínum huga þótt hann nældi sér í snæri og margir þeirra sem breska heimsveldið lét flytja til Ástralíu á sínum tíma voru það ekki heldur. Jón og áströlsku sakamennirnir voru miklu frekar fórnarlömb þjófa, rétt eins og alþýða þessa lands er nú.

Það felur nefnilega í sér þjófnað að búa til samfélag sem hlunnfer suma þegna sína. Samfélag sem misskiptir auði sínum svo gróflega að sumir neyðast til að stela sér til lífsviðurværis er samfélag ranglætis sem ekki verður réttlætt og gerir alla að þjófum áður en yfir lýkur. Ekkert réttlætir að fáir sölsi undir sig svo mikinn auð að þúsundir ef ekki milljónir annarra lepji dauðann úr skel. Þeir sem það gera eru þjófar enda kemur alltaf í ljós að auðurinn var illa fenginn, að hann var í rauninni ólíðandi upptaka á eigum og lífsorku annarra. Sagan sýnir okkur að slík þróun endar á einn veg því allir telja sig innst inni eiga rétt á mannsæmandi lífi.

Vissulega á snjallt fólk sem skapar öðrum lífsviðurværi að njóta þess, en ef því hefur líka verið gefin viska veit það að umbunin felst ekki bara í veraldlegum auði. Mannkyninu óx ekki fiskur um hrygg af því fáir kúguðu auðinn út úr þegnunum. Umbunin felst í samfélagi þar sem allir njóta sín og síns auðs á sanngjörnum forsendum.

> Ekkert réttlætir að fáir sölsi undir sig svo mikinn auð að þúsundir ef ekki milljónir annarra lepji dauðann úr skel. Þeir sem það gera eru þjófar enda kemur alltaf í ljós að auðurinn var illa fenginn ...

En vei hinni föllnu borg; nú horfir maður á eigur nágrannans og hugsar sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nauðsynlegt átak

Ferðaþjónusta

Birkir Hólm Guðnason
framkvæmdastjóri Icelandair



Icelandair, sem lagði um fimmtung, eða 125 milljónir króna, til markaðsátaksins Inspired by Iceland, telur þeim fjármunum hafa verið vel varið í ljósi reynslu undanfarinna mánaða. Icelandair telur að kynningarátak fyrir Ísland hafi vegna stöðunnar í apríl/maí í vor verið nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir hrun í ferðaþjónustunni, og að staðan nú sýni að nokkuð vel hafi til tekist.

Rifja verður upp að áður en eldgosið í Eyjafjallajökli olli mestu truflunum í flugsamgöngum í heimssögunni var staða flugbókana til Íslands mjög góð og stefndi í metfjölda ferðamanna til landsins. Við gosið hættu ferðamenn að bóka Íslandsferðir og útlitið breyttist til hins verra. Tap þjóðarbúsins af þeim sökum stefndi í að nema tugum milljarða króna. Í þeirri stöðu var óverjandi, bæði fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og hið opinbera, að aðhafast ekkert. Nauðsynlegt var að koma þeim skilaboðum til umheimsins að óhætt væri að koma til Íslands og að eldgosið ógnaði ekki öryggi ferðamanna hér á landi.

Valið stóð um að allir helstu hagsmunaaðilar færu hver sína leið eða þeir sameinuðust um skilaboð og að ná sem bestri nýtingu fjármuna. Iðnaðarráðuneytið hvatti eindregið til þess að reynt yrði að ná samstöðu í greininni og Icelandair lét ekki sitt eftir liggja. Kallaðir voru til fjölmargir innlendir og erlendir ráðgjafar auk þess sem nýtt var sú sérfræðiþekking sem er innan fyrirtækjanna í ferðaþjónustunni til þess að ná sem bestum árangri – velja m.a. fjölmiðla og aðrar dreifileiðir með hliðsjón af markhópum. Af eðlilegum ástæðum hefur aðeins lítill hluti þessa kynningarefnis komið fyrir sjónir Íslendinga, en landsmenn tóku myndarlegan þátt í átakinu þann 3. júní sl. með sendingum til vina og vandamanna erlendis.

> Í þeirri stöðu var óverjandi, bæði fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og hið opinbera, að aðhafast ekkert.

Fram hefur komið að ferðamönnum til landsins fækkaði verulega í apríl og maí, en í júní hefur orðið umtalsverð breyting til batnaðar og fjöldinn er sambærilegur við það sem var á síðasta ári skv. tölum Ferðamálastofu. Það verður að teljast góður árangur miðað við það sem stefndi í á tímabili, þó það sé undir því sem vonast var til fyrir gosið. Gera má ráð fyrir að ferðamenn verði eitthvað færri í júlí og ágúst en á síðasta ári, en miðað við stöðuna núna og reynslu Icelandair af kynningarherferðum má búast við góðu hausti í ferðaþjónustunni. Við höfum m.a. bætt við flugáætlun okkar í október með hliðsjón af þróun mála og erum á árinu að auka flug okkar um 13% frá síðasta ári.

Reynsla okkar sýnir ennfremur að stórar kynningarherferðir hafa áhrif í nokkra mánuði eftir að þeim lýkur og til lengri tíma styrkir herferðin ferðaþjónustuna án efa mjög mikið. Icelandair myndi styðja það að fylgja verkefninu eftir á haustdögum til að efla ferðamannastrauminn yfir vetrartímann.

Það er í besta falli flókið og í versta falli alveg ómögulegt að leggja nákvæmt mat á árangur af kynningarherferð sem þessari, en ég hygg að þær 700 milljónir sem lagðar voru í verkið skili sér margfalt til baka, bæði til einstakra fyrirtækja sem lögðu í það fé og til þjóðarbúsins í heild.

# Sparnaðarvirkjun

Orkumál

Þorsteinn I. Sigfússon
prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands



Næsta orkubylting á Íslandi gæti hafist í fyrramálið. Hún hefur legið í loftinu um hríð en tafist vegna þess að flókið niðurgreiðslukerfi rafmagns til húshitunar hefur haft letjandi áhrif. Yfir einn milljarður fer úr ríkissjóði árlega í þessa latningu. Á þessu áttaði ég mig endanlega þegar við fórum með námskeiðin Orkubóndann um landið sl. vetur.

Hér er um að ræða notkun varmadæla á stöðum þar sem ekki er nægur jarðhiti til beinnar húshitunar. Varmadælur eru athyglisverð tækni og aldagömul; það var sjálfur Kelvin lávarður sem fann þær upp á sínum tíma.

Þær virka svipað og öfugur ísskápur; sækja varma í stóra varmalind, sem ekki þarf að vera mjög heit – getur til dæmis í Vestmannaeyjum og Ísafirði verið Atlantshafssjórinn. Varmadælan flytur þennan varma inn í t.d. híbýli sem þarf að hita og skilar honum á töluvert hærra hitastigi. Til þess að gera þetta kleift þarf dælan rafmagnsafl ekki ósvipað og ísskápur.

Á Íslandi eru í dag rafskautakatlar á stöðum þar sem fjarvarmaveita er hituð með rafmagni. Uppsett afl þeirra er um 50MW.

Annað eins afl er uppsett í olíukötlum með tilheyrandi mengun og útblæstri.

Með hugmyndinni um næstu orkubyltingu á Íslandi yrði vinna hafin við að setja upp varmadælur á einum af tólf stöðum á landinu. Þrír þeirra hafa ekki fjarvarmaveitu og þar mætti hefja undirbúning slíks mannvirkis.

Varmadælurnar kalla á borun, oftast grunna borun sem hentaði borfyrirtækjum sem nú eru án verkefna og í miklum rekstrarerfiðleikum. Varmadælurnar mætti kaupa með sérstökum útboðum, og nýta mikla verkfræðiþekkingu aðila eins og ÍSOR og íslensku verkfræðistofanna til þess að útfæra það.

Varmaveitukerfi eru íslensk sérgrein; átak í þeim væri til þess fallið að hvetja vinnu um allt land, sem snerta myndi margar iðngreinar og vinnandi hendur.

Varmadæluveitur kosta kannski um 100 kr. á hvert watt uppkomnar, þar af eru varmadælurnar kannski um helmingur. Það þýddi t.d. að varmadælukerfi á Patreksfirði gæti kostað um einn milljarð króna og tækin fyrir Vík í Mýrdal þriðjung af því.

Ávinningurinn yrði í raun að raforka sparaðist og það í tugum megawatta. Varmadælubyltingin gæti orðið að stærðargráðu sem jafna mætti við nýja virkjun! Ef enn lengra yrði gengið mætti koma til móts við mikla mengun samfara varaaflstöðvum í kötlum sem brenna olíu.

Nú í kreppubotni er lag til þess að hugsa aftur stórt á Íslandi. Samnýtum jarðhita og raforku til þess að nýta jarðvarmann okkar enn betur og reisa í raun nýja virkjun – hina sönnu sparnaðarvirkjun!

## Áætlun um hitaveitukerfi knúið varadælum á Íslandi




Aflið sýnir lágmarksafl. Heildarafl rafskautakatla á Íslandi í dag er um 50 MW og anna eins er uppsett í olíukyntum kötlum sem varaafl.

* Þeir staðir sem ekki hafa fjarvarmaveitukerfi











*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát okkar ástkæra sonar, bróður, barnabarns og mágs,*

**Karl Cesars Salómonssonar**

Hafnargötu 5,
Vogum Vatnsleysuströnd.

Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| **Salómon Viðar Reynisson** | **Þóra Lind Karlsdóttir** |
| **Svavar Örn Eysteinsson** | **Steinunn Björnsdóttir** |
| **Gylfi Snær Salómonsson** | |
| **Reynir Viðar Salómonsson** | **Kristín Valgeirsdóttir** |
| **Birna Björg Salómonsdóttir** | |
| **Karl Cesar Sigmundsson** | |
| **Reynir Ásgrímsson** | |



*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa*

**Sigurbergs Bogasonar**

frá Flatey á Breiðafirði,
Kleppsvegi 32, Reykjavík

sem lést 1. júlí sl., fer fram frá Laugarneskirkju, þriðjudaginn 13. júlí nk., kl. 15.00.

**Kristín Guðjónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Erla Sigurbergsdóttir** | **Haukur Már Haraldsson** |
| **Margrét S. Sigurbergsdóttir** | **Þór G. Vestmann Ólafsson** |
| **Guðjón Sigurbergsson** | **Dagmar Svala Runólfsdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kjartan Guðjónsson**

listmálari,

verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 12. júlí kl. 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Sigurður Kjartansson** | **Hólmfríður Erla Finnsdóttir,** |
| **Bjarni Kjartansson** | **Lilja Grétarsdóttir,** |
| **Gunnar Hrafnsson** | **Sólveig Baldursdóttir,** |
| **og barnabörn.** | |



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð, vinarhug og virðingu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristjáns Hilmars Jónssonar**

Bylgjubyggð 39b, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar.

**Fyrir mína hönd og fjölskyldunnar,**
**Ásta Helgadóttir.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásgerðar Kristjánsdóttur.**

| | |
|---|---|
| **Kristinn Sigmundsson** | **Ásgerður Þórisdóttir** |
| **Þórður Sigmundsson** | |

**ömmubörn og langömmubarn.**



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Björns Eyþórssonar**

prentara, Álfheimum 60.

| | |
|---|---|
| **Torfey Steinsdóttir** | |
| **Steinn Bjarki Björnsson** | |
| **Eyþór Hreinn Björnsson** | **Ingunn Þorsteinsdóttir** |
| **Darri Eyþórsson** | |
| **Dagný Yrsa Eyþórsdóttir** | |
| **Ægir Eyþórsson** | |



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Bessason**

frá Kýrholti í Skagafirði til heimilis að Kjarnalundi á Akureyri,

lést á heimili sínu 1. júlí. Jarðsett verður mánudaginn 12. júlí kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

| | |
|---|---|
| **Bessi Gíslason** | **Una Þóra Steinþórsdóttir** |
| **Guðrún Gísladóttir** | **Jóhannes Mikaelsson** |
| **Elínborg Gísladóttir** | **Hörður Ágústsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri frændi*

**Eyjólfur Egilsson**

Hverahlíð 13, Hveragerði,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 4. júlí. Jarðarförin fer fram föstudaginn 9. júlí kl. 13.30 frá Hveragerðiskirkju.

**Systkinabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, bróðir og frændi,*

**Þorleifur Jónsson**

Holtsgötu 41b,

andaðist þriðjudaginn 6. júlí á Landakotsspítala. Útför hans verður gerð frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Freyja Mogcrama Melendres**
**Margrét Jónsdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**BRYNDÍS SCHRAM ER 72 ÁRA.**

*„Aldurinn skiptir ekki máli heldur hvað maður er að fást við á hverjum tíma."*

***Bryndís Schram varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1958. Hún stýrði Stundinni okkar á árunum 1979 til 1983 og lék í kvikmyndinni Skilaboð til Söndru árið 1983. Bryndís er gift Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrrum ráð- og sendiherra og var sendiherrafrú í Washington og Helsinki.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LIFANDI SAFN Í 10 ÁR** Gestir Eiríksstaða upplifa víkingaöldina.
MYND/JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

## EIRÍKSSTAÐIR Í DÖLUM: 10 ÁRA

# Saga Eiríks rauða

Tíu ár eru síðan tilgátuhúsið að Eiríksstöðum í Dalabyggð var vígt. Af því tilefni verður haldin hátíð á Eiríksstöðum á morgun þar sem gestum gefst tækifæri á að kynnast íslenskri menningu á víkingaöld.

„Við ætlum að gera okkur glaðan dag milli klukkan 13 og 18 á morgun og hér mun allt iða af víkingalífi. Hér verða víkingafélögin Rimmugýgur frá Hafnarfirði og Hringhorni frá Akranesi og svo eigum við líka víkingafélag hér í Dölunum. Gestum verður því boðið upp á bardagasýningar og víkingaleiki og handverk verður sýnt í víkingatjöldum svo eitthvað sé nefnt," segir Herdís Erna Gunnarsdóttir, formaður menningar- og ferðamálanefndar í Dalabyggð.

Eiríksstaðir eru lifandi safn þar sem gestir fá leiðsögn sögumanna í búningum og kynnast lífi Eiríks rauða og fjölskyldu hans. Hægt er að handleika verkfæri og húsmuni, klæða sig í víkingaföt og jafnvel leggja sig í rúmstæðin. Tilgátubærinn er jafnstór og grunnurinn þar sem talið er að fyrsta heimili Eiríks rauða og fæðingarstaður Leifs heppna hafi staðið. Dalabyggð stóð að byggingu tilgátuhússins og var Guðjón Kristinsson, hleðslumeistari frá Dröngum, fenginn ásamt fleirum til að byggja bæinn.

„Þeir byrjuðu á því að kynna sér verkfæri frá víkingaöld, bjuggu þau síðan til og notuðu við byggingu bæjarins. Aðferðirnar voru því alveg ekta og engar vélar komu við sögu. Sumir vilja meina að þetta sé best byggða víkingahúsið í Evrópu," segir Herdís.

Þegar dagskrá lýkur á Eiríksstöðum klukkan 18 verða hátíðahöldin flutt inn í Búðardal en á morgun fer þar fram bæjarhátíð á sama tíma. Sú hátíð hefst í kvöld á kjötsúpukvöldi þar sem fjórar fjölskyldur opna heimili sín og bjóða gestum upp á kjötsúpu.

Á laugardaginn verður meðal annars markaðstjald í Búðardal og eldri borgarar munu lesa upp úr verkum Dalaskálda og farin fróðleiksganga um Búðardal. „Þeir sem ekki hafa áhuga á víkingatímanum geta því fundið eitthvað annað við sitt hæfi," segir Herdís. Kvöldið endar svo á varðeldi í fjörunni en nánar má kynna sér dagskrána á www.dalir.is.

**heida@frettabladid.is**



*Þökkum vináttu og hlýhug við andlát og útför*

**Trausta Guðmundssonar**

frá Hofi, Kleifum Ólafsfirði.

**Þórarinn Guðmundsson og fjölskylda.**



**ÚLFALDI** úr mýflugu er tónlistarhátíð sem haldin verður í Mývatnssveit þriðja árið í röð nú um helgina. Meðal þeirra hljómsveita sem koma fram eru Bróðir Svartúlfs og Agent Fresco. Frítt er á tónleikana og ekkert aldurstakmark.




Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

Verð aðeins 7.290 kr.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Elín Stephensen hefur leyft nemendum sínum að smakka hagasalatið og segir þá kunna vel að meta það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýtir villta náttúruna

**Elín Stephensen fer út í móa til að tína plöntur og blóm í hagasalt sem hefur slegið í gegn meðal gesta hennar. Hún prófar og smakkar mismunandi plöntur saman og gefur lesendum uppskrift að hagasalati.**

„Þetta er bara tínt úti í haga," segir Elín Stephensen kennari um hagasalat sem hún gefur lesendum uppskrift að. „Ég hef verið að prófa mig áfram og smakka til það sem mér finnst best saman. Það eru jú afskaplega fáar íslenskar tegundir sem eru eitraðar. Þannig að það er bara spurning um að labba út í móa með skál og safna."

Elín byrjaði að gera hagasalatið fyrir um fimm árum. En hvernig datt henni þetta í hug? „Ég er sveitastelpa í eðli mínu og hef alltaf haft óskaplega gaman af blómum og jurtum," segir Elín, sem er kennari í Reykjavík á veturna en dvelur norður í Svarfaðardal á sumrin. „Ég er alin upp við það að afi, amma og allir í kringum mig hérna í sveitinni voru alltaf að benda mér á blómin."

Elín segist hafa byrjað smátt. „Það er svolítill ævintýraþráður í mér og ég hef gaman af því að prófa eitthvað nýtt. Ég byrjaði á hundasúrum saman við venjulegt salat. Ég hafði verið að tína mér blóðberg í te og svo tók ég þetta skrefinu lengra einn daginn," upplýsir Elín og tekur fram að mikilvægt sé að blöðin séu ný og fersk.

Salatið hefur að sögn Elínar slegið í gegn á meðal gesta hennar. „Fólk verður mjög hissa og sumir eru svolítið feimnir við að prófa. Ég er reyndar með nokkrar venjulegar salatplöntur í garðinum líka til að eiga ef einhver þorir ekki."

*martaf@frettabladid.is*

## Hagasalat Elínar
**fyrir fjóra**

10 frekar lítil njólablöð
15 stór túnsúrublöð
10 stór blöð af maríustakk og hnefafylli af blómum
10 stk. klóelfting
1 hnefi blóðberg, blöð og blóm
1 hnefi smári, blöð og blóm
1 hnefi túnfíflablóm, bikarblöðin skorin frá ef vill

*Mikilvægt er að tína aðeins nýju blöðin og blómin af hverri jurt, til dæmis á klóelftingin helst að vera þétt en ekki búin að breiða úr sér.*

*Elín setur sjaldan nokkuð út á salatið en ber fram með því ólífuolíu og balsamikedik.*






**EISTNAFLUG** rokkhátíðin fer fram í Neskaupstað um helgina. Þetta er í sjötta sinn sem hún er haldin en fyrsta hátíðin fór fram 2005. Meðal flytjenda á hátíðinni eru Kolrassa krókríðandi, Reykjavík! og Innvortis.




LAGERSALA
Mikið úrval af skóm á alla fjölskylduna
Frábær verð
no5 st. 40-48 verð kr. 7495.-
no11 st. 41-47 verð kr. 7995.-
no12 st. 41-46 verð kr. 7995.-
no21 st. 36-46 verð kr. 4995.-
Opið virka daga 12-18
laugardag 12-16
www.xena.is
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040




Stefán Árni og Antony verða í Bláfjöllum um helgina við hugleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hugleitt í Bláfjöllunum

**Hugleiðsluhelgi verður haldin í Bláfjöllum um helgina. Franskur hugleiðslukennari kemur til landsins og kynnir nútímahugleiðslu sem er persónubundin og snýst um að fara inn á við og hugsa dýpra.**

„Það sem við erum að bjóða upp á er námskeið í hugleiðslu sem heitir á ensku Modern Day Meditation og lausleg þýðing á því myndi vera hugleiðsla fyrir okkar tíma,“ segir Stefán Árni Þorgeirsson leikstjóri. Boðið verður upp á hugleiðsluhelgi í Bláfjöllum um helgina.

„Um helgina getur fólk fengið ansi góða mynd af því hvað er hægt að fá út úr hugleiðslu,“ segir Stefán Árni og heldur áfram: „Þetta er hugleiðsla sem er mjög persónubundin og snýst um það að fara inn á við. Fólk finnur og áttar sig betur á því hvað er í gangi djúpt innra með því og tengir við hjarta sitt. Fólk nær að róa sig niður og hugsa dýpra.“

Franski hugleiðslukennarinn Antony leiðir hugleiðsluna. „Hann hefur á mjög ósérhlífinn hátt stundað mikla hugleiðslu og andlega vinnu. Fólk laðast að því,“ segir Stefán Árni. Antony hefur komið hingað til lands áður og leitt litla hópa í hugleiðslu. Einnig hefur hann haldið námskeið í Þýskalandi, Sviss, Hollandi og Bandaríkjunum.

„Hugleiðslan verður meira og minna inni í sal uppi í Bláfjöllum en ég geri ráð fyrir því að fólk fari í einhverja göngutúra,“ segir Stefán Árni og bætir við að gist verði í Bláfjöllum. „Fólk kemur upp eftir í kvöld og það er boðið upp á svefnpokapláss þar. Fyrir þá sem ekki geta gist er hægt að koma og vera morgundaginn og fara svo aftur heim um kvöldið.“

Af hverju ætti fólk að fara á hugleiðsluhelgina? „Við erum að bjóða upp á tækifæri fyrir fólk til að koma og prófa hugleiðslu og sjá hvort þetta er eitthvað fyrir það. Síðan getur fólk haldið áfram því við bjóðum upp á hugleiðslu á hverju fimmtudagskvöldi og nýjar kynningar á miðvikudagskvöldum í Lótus jógasetri í sumar.“

Hugleiðsluhelgin hefst í kvöld klukkan sjö og stendur fram til þrjú á sunnudag. Hægt er að skrá sig með því að senda e-mail á birna.bjorgvins@gmail.com.

*martaf@frettabladid.is*


ÚTSALAN ER HAFIN
• Leggings frá 1.000 kr.
• Ermar frá 1.000 kr.
• Kjólar frá 2.000 kr.
30-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR www.fjordur.is



ÚTSALA
20-70% afsláttur!
Bolir, peysur, úlpur, kápur, stuttar og síðar og margt fleira.
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518


Sunnudagur er fyrsti dagur vikunnar og er nefndur eftir sólinni, sem einnig heitir sunna. Allir mánuðir sem hefjast á sunnudegi innihalda föstudaginn þrettánda.

is.wikipedia.org


Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



KRINGÓMA
SURROUND
Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta
SURROUND SOUND by ReSound
Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.
ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.
HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is
Tímapantanir
534 9600
dot by ReSound
ReSound
rediscover hearing

**GARÐDVERGAR** eru alltaf til prýði og eiginlega alveg ómissandi í garðinn. Einn er alveg nóg en þeir sem vilja fara með þetta alla leið geta náttúrulega haft þá sjö.



# ;GARÐAR



Þessar ungu stúlkur njóta greinilega sældarlífs í Skrúðgarðinum í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í Hljómskálagarðinum eru skrautleg beð meðfram stígum og flötum.

## Blómabeð borgarinnar

**Þó að við Íslendingar eigum ekki garða með íburðarmiklum blómabeðum í rokókóstíl og formuðum runnum sem eru klipptir daglega þá býður Reykjavíkurborg almenningi víða að njóta gróðursældar.**

Hljómskálagarðurinn, Skrúðgarðurinn í Laugardal, Hallargarðurinn, Fógetagarðurinn, allir skarta þeir sínu fegursta um þessar mundir. Austurvöllur og Miklatún þjóna líka vel sem almenningsgarðar. Í gömlum hverfum eru smærri garðar og má benda á tvo slíka í Smáíbúðahverfinu, við Grundargerði og Hólmgarð. En af hverju eigum við engan virkilega flúraðan garð eins og við sjáum erlendis? Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri borgarinnar, var spurður að því.

„Við Íslendingar eigum svo stutta garðamenningu. Þessir erlendu hallargarðar sem þú ert að vitna í voru gerðir fyrir tvö til þrjú hundruð árum og teljast orðnir menningarminjar. Þeir þurfa gríðarlegt viðhald sem hlýtur að vera kostnaðarsamt. Það má segja að Alþingisgarðurinn sé sá sem kemst næst því hér á landi að falla í þennan flokk. En við gerum bara garða okkar tíma og höfum lagt heilmikið í svæði eins og kringum Ráðhúsið og viðbyggingu Alþingis þó þau séu ekki stór. Laugardalurinn er líka einn risagarður með margs konar hlutverk og mikið viðhald. Við gætum alveg gert algeran skrautgarð, þá er það spurningin um fjármagn,“ svarar hann og bendir á að við búum í 120 þúsund manna borg og takmörk séu fyrir því sem hún getur staðið undir. En er hann ánægður með notkun almenningsgarðanna?



„Við Íslendingar eigum stutta garðamenningu,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur.

„Notkun garðanna fer mikið eftir veðri og okkur vantar svolítið þessa menningu að fara þangað með nestiskörfur. Það er helst á Austurvelli sem eitthvað er dvalið. En fólk fer líka í garða til að leita kyrrðar og þeir þurfa að geta sinnt því hlutverki ásamt öðrum. Sumir þeirra þola samt alveg meiri notkun,“ segir Þórólfur sem aðspurður segir fólk almennt ganga vel um gróðurinn en mætti vera duglegra að nota ruslafötunnar.

*gun@frettabladid.is*



Reykjavík býr yfir Hallargarði þótt enginn sé kóngurinn.

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR
&
UTANBORÐSMÓTORAR




Skemmuvegi 34 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@velaverkjs.is
Símar: 554 0661 - 897 4996
699 2502
www.velaverkjs.is

HELLUBORG
DÓRA
Heildarlausnir
fyrir lóð og garða!

- Hellulagnir
- Hleðsluveggir
- Þökulagnir
- Jarðvegsvinna

Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið.
S. 616-9714 Halldór
www.helluborg.is
helluborg@helluborg.is

Blómaker og eldstæði úr pottjárni,
húsgögn úr graníti, marmara ofl.



Signature húsgögn
Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

# ;ALLT HELGIN

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Laugardaga

Sláttuvélamarkaðurinn
Smiðjuvegi 11 S:517-2010



Reiðhjóla, Sláttuvéla og Smávélaviðgeðir
Hröð og ódýr þjónusta
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum
og sláttutækjum



Verslun – Varahlutir – Verkstæði – Þjónusta

Allt fyrir garðinn.is
Alhliða garðaþjónusta

# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

## Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**77,5%**



**27,7%**



**MORGUNBLAÐIÐ**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

**Allt sem þú þarft...**





# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. júlí 2010

## EKKI HRÆDD VIÐ AÐ TALA

Snærós Sindradóttir hræðist ekki átök stjórnmálanna og uppnefningar

+ BÖRKUR SIGÞÓRSSON Í CONTRIBUTOR + KONUR Í KARLMANNSSTÖRFUM
HEIMA HJÁ ESTHER ÍR + PARTÍ Í BERLÍN + OFURFLOTTUR BRESKUR STÍLL





**Acer Aspire 5732Z-443G32Mn**

- 2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 örgjörvi
- 3GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari
- 15.6" WXGA Full HD breiðskjár
- Acer Orbicam 0.3MP myndavél í skjá
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort
- Windows 7 Home Premium

**FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ**

**Kr. 109.950**

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Sjóðheitir sumardagar

## GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Ég geri ráð fyrir því að fara í sund á föstudaginn og í sjötugsafmæli á laugardaginn. Kannski smá bíltúr á sunnudaginn. Annars er ég bara að skrifa. Þetta er því inni- og vinnusumarið mikla og ég er hæstánægð með það.



helgin MÍN

### Hafið þið heyrt um Jónsa?

Zach Galifianakis, ein aðalstjarnan úr hinni ofurvinsælu gamanmynd The Hangover, er þekktur fyrir fremur óheflaða framkomu á sviði og hvíta tjaldinu. Og því hefði kannski mátt ætla að tónlistarsmekkur hans lægi í þungarokki. En það er öðru nær. Galifianakis lýsir því nefnilega yfir á vefsíðu MTV-sjónvarpsstöðvarinnar að hann sé mikill aðdáandi Jónsa. „Hafið þið heyrt um Jónsa, J-O-N-S-I? Hann er frá Íslandi og semur alveg rosalega fallega tónlist,“ segir leikarinn í samtali við vefinn.



### Prinsessan efst

Leoncie, indverska prinsessan, sem nú býr í Essex og starfar við fasteignasölu og að sjálfsögðu tónsmíðar, er með Carli Lewis á lista. Ekki er listinn þó jákvæður heldur fremur neikvæður því vefsíðan toptenz.net tók saman tíu verstu myndbönd allra tíma. Carl Lewis á eitt lag á listanum en kemst þó ekki með tærnar þar sem Leoncie hefur hælana, því hún vermir nefnilega efsta sætið með myndbandið við lagið Ást á pöbbnum eða Love in a Pub.



þetta HELST

TÍSKUMYNDASYRPA EFTIR BÖRK SIGÞÓRSSON BIRT Í TÍMARITINU CONTRIBUTOR:

# ENGIN HEIMSPEKI

Myndir eftir ljósmyndarann Börk Sigþórsson birtust nýverið í tísku- og menningartímaritinu Contributor. Myndirnar vann hann í samstarfi við stílistann Ellen Loftsdóttur og sminkuna Steinunni Þórðardóttur og sátu fyrirsæturnar María Birta og Tinna Bergs fyrir á myndunum.

„Contributor er tísku- og menningarblað sem er tiltölulega nýbyrjað að gefa út. Ég var með ljósmyndasýningu í Los Angeles í janúar og aðstandendur blaðsins voru þar á sama tíma og fjölluðu meðal annars um sýninguna. Þeir höfðu síðan samband og vildu fá að birta efni eftir mig í blaðinu og er þetta í þriðja sinn sem myndasería eftir mig birtist hjá þeim,“ segir Börkur en hann hefur starfað bæði sem ljósmyndari og leikstjóri um árabil.

„Það er engin djúp heimspekileg pæling á bak við myndirnar, þetta var bara hugmynd sem við Ellen vorum búin að kasta á milli okkar í einhvern tíma,“ segir Börkur, en myndasyrpan nefnist Neon Noir og eru fyrirsæturnar meðal annars lýstar með neonljósi til að skapa rétta andrúmsloftið.

Aðspurður segist Börkur lítið hafa starfað við blaðaljósmyndun fram að þessu, en að hann hafi gaman af því að taka að sér slík verkefni inn á milli. „Ásamt leikstjórninni, starfa ég aðallega við tísku- og listræna ljósmyndun, en blaðaljósmyndun er eitthvað sem ég geri inn á milli og finnst alltaf jafn skemmtilegt,“ segir hann.

Hægt er að skoða myndirnar á vefsíðu tímaritsins www.contributormagazine.com og heimasíða Barkar er www.borkurs.com. *- sm*



**LJÓSMYNDARINN** Börkur Sigþórsson hefur starfað sem ljósmyndari í rúm þrettán ár. Hann starfar helst við tísku- og listræna ljósmyndun.

MYND/BÖRKUR



**NEON NOIR** Myndasyrpan Neon Noir er sú þriðja sem tímaritið Contributor birtir eftir Börk.



**KONAN SEM FÉLL** Þessi mynd er úr myndasyrpunni The Woman Who Fell to Earth sem tímaritið birti einnig á síðum sínum. MYND/BÖRKUR SIGÞÓRSSON


ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
NÝJAR VÖRUR
Opið til kl. 16 á laugardag
**MOMO MENN** – ný búð á Laugavegi 45, beint á móti Momo konur.



MOMO
LAUGAVEGI 42
SÍMI 552 1818
MOMO.IS

vìsir.is
„...ég sá það á vísi“


Nýr skemmtistaður opnar í miðbænum:

## Litríkur og líflegur

Nýr skemmti- og tónleikastaður verður opnaður þar sem Grand Rokk var áður til húsa og hefur staðurinn hlotið nafnið Faktorý.

Arnar Fells, einn þriggja eigenda staðarins, segist líta á staðinn sem eins konar menningarmiðstöð. „Þessi staður mun þjóna ýmsum hlutverkum. Á efri hæðinni er tónleikastaður og á þeirri neðri er þægilegur bar. Til stendur að stækka húsið enn frekar í framtíðinni og þá mun meðal annars bætast við leikherbergi þar sem gestir geta spilað pool, fussball, kastað pílum og teflt. Einnig ætlum að halda reglulega bíókvöld og Pub Quiz.“

Barinn niðri er að sögn Arnars mjög litríkur og skemmtilegur og hefur tekið miklum breytingum frá því sem áður var. „Gömlu fastakúnnarnir hafa litið við nánast á hverjum degi og fylgst með og þeim líst flestum mjög vel á þær breytingar sem við höfum gert,“ segir hann og hlær.



**Kampakátir** Arnar Fells, Villy Þór og Birkir Björn reka saman skemmtistaðinn Faktorý.

Opið verður á Faktorý alla helgina en hin eiginlega opnun skemmtistaðarins á sér stað helgina 16. og 17. júlí og verður haldið upp á það með tónleikahaldi þar sem hljómsveitirnar Hjálmar, Mammút og Feldberg munu meðal annars koma fram. *- sm*

### ✻ augnablikið



**UNDIRDJÚP BUTONI** Hinn ótrúlega skemmtilegi fatahönnuður Ika Butoni var með undirdjúpaþema í tískuvikunni í Hong Kong í vikunni. Kórallar, skrautfiskar og annað fagurt af sjávarbotni voru í aðalhlutverkum.


föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# ego dekor






COMO
Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-
Borð 220x100
Verð:
119.000,-






COMO
Wengi/hvítt matt
ERIC TV skenkur br: 210cm
Verð:
129.900,-
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-



# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
















**Opið virka daga: 10.00-18.00**
**Lau: 10.00-16.00 - Lokað á sunnudögum**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

# tíðin

✻ fylgist vel með




**PRODIGY-LÍNA** Helenu Rubinstein, sú þriðja í röðinni, hefur slegið í gegn, meðal annars hjá stjörnunum vestanhafs. Framleiðendur segja að kremin úr línunni eigi að hafa virkni á við aðgerð á stofu lýtalæknis, að því gefnu að vörurnar séu notaðar jafnt og þétt. Línan heitir Prodigy Re-Plasty og inniheldur meðal annars þennan slípunarmaska sem á að gefa húðinni slétta áferð og hafa mýkjandi áhrif.

## ómissandi

1



Enduvinnsla! Verum örlítið „erlendis" og hefjumst handa við að flokka sorp og huga að umhverfinu.

2



Útilegur. Söngur, gleði og gott ferskt loft gerir öllum gott.

3



Nálastungur eiga að geta lagað hvaða kvilla sem er, allt frá vöðvabólgu til útbrota.

4



Göngutúrar. Fyrir þá sem eru orðnir þreyttir á að spjalla yfir kaffibolla eða ölglasi er tilvalið að skella sér í léttan göngutúr og kynnast borginni betur.

# PÍPARAR, SJÓMENN OG SENDIHERRAR

Ljósmyndarinn Anna María Sigurjónsdóttir ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Hún mun mynda minnst þrjátíu og fimm konur sem allar vinna störf með karlkynsheitum. Sýning með myndunum verður opnuð á kvennafrídaginn, 24. október.

Anna er meira en hálfnuð með verkið, hefur þegar myndað 17 konur, en hún reiknar fastlega með því að verkefnið eigi eftir að útna út, konurnar verði hugsanlega fleiri en upphaflega stóð til. Anna segist hafa með þessu viljað vekja athygli á hinu augljósa, að konur séu í þessum stöðum og að enn þann dag í dag, árið 2010, sé launamunur kynjanna sá sem hann er. „Þessi hugmynd kviknaði fyrir fjórum árum en mér fannst tilvalið að opna sýninguna á 35 ára afmæli kvennafrídagsins," segir Anna en verkið er tileinkað Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta íslenska lýðveldisins, og situr Vigdís fyrir á einni mynd. Af öðrum starfsheitum má meðal annars tína til ræðismann, sendiherra, rennismið, sjómann, fjallkóng, lögreglustjóra, djákna, hæstaréttardómara og pípara, allt karlkyns heiti á störfum sem konur sinna.

Eins og gefur að skilja liggur að baki mikill undirbúningur og Icelandair, Hlaðvarpinn, Íslandsbanki og fleiri aðilar hafa lagt Önnu lið við að koma verkefninu á koppinn en myndatökur hófust á síðasta ári. „Það tekur sinn tíma að koma sér saman um stað og stund, ákveða hvernig myndatakan eigi að vera og hvar á vinnustaðnum," segir Anna en til stendur að gefa út bók með myndunum þótt sú útgáfa hafi ekki verið negld niður. Anna hefur haft í nógu að snúast. Nýlega kom út bók með myndum eftir hana, Sigurgeir Sigurjónsson og fleiri ljósmyndara sem kallast „Volcanic Island" og sýning með myndum Önnu og Sigurgeirs var nýlega opnuð í Ósló. Þá hefur Anna einnig verið að vinna að afmælissýningu fyrir hönnunarverslunina Epal sem verður opnuð í september næstkomandi.

*- jma*



**Anna María Sigurjónsdóttir er með mörg járn í eldinum og hefur nú lokið við að mynda 17 konur í mismunandi störfum með karlkynsheitum.**



**Vigdís Finnbogadóttir er meðal þeirra kvenna sem Anna hefur myndað en einnig má þar finna hæstaréttardómara, fjallkóng og djákna.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Vertu velkomin(n)!
SALON REYKJAVÍK
Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is

Herbert Guðmundsson selur diskinn sinn til að eiga fyrir lögfræðikostnaði:

# Stefnt í fjórða skiptið



„Ég er bara að selja diskinn minn, Spegil sálarinnar, til að eiga fyrir lögfræðikostnaði. Þetta yndislega húsfélag að Prestbakka er búið að stefna mér í fjórða sinn," segir Herbert Guðmundsson, sem gengur nú hús úr húsi á höfuðborgarsvæðinu og víðar og selur diskinn sinn. Eins og kom fram í fjölmiðlum fyrir skemmstu vísaði Hæstiréttur máli umrædds húsfélags gegn Herberti frá en í stuttu máli sagt snýst málareksturinn um þakklæðningu sem raðhúslengja í Prestbakka ákvað að ráðast í. Herbert hafði hins vegar sjálfur gert við þakið sitt fyrir einum sextán árum og vildi því ekki taka þátt í framkvæmdunum en húsfélagið krefst þess að Herbert taki þátt í kostnaði við framkvæmdirnar þar sem þær teljist til sameignarinnar.

Herbert er bara einn að berjast í þessu máli en hann lýsti því á opinskáan hátt í viðtali við Vísi.is eftir dóm Hæstaréttar að málaferlin hefðu rústað hjónaband hans. Hann er þó ekki af baki dottinn, hyggst berjast í fjórða sinn og fjármagna þá baráttu með því að selja tónlistina sína. „Maður verður bara að bjarga málunum sjálfur," segir Herbert en fyrirtaka verður í haust. „Það er búið að vísa þessu þrisvar frá, tvisvar frá undirrétti og einu sinni frá Hæstarétti. Það hlýtur því eitthvað annað og meira að búa hér að baki," segir Herbert sem er þó brattur að venju. „Vandamálin eru eldiviður framfaranna."

*- jma*


ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR
áður 19.900,-
nú 13.930,-
30% afsláttur
Papasan tilboð
bara þessa viku
50% afsláttur
áður 5.500,-
nú 2.750,-
30% afsláttur
áður 8.990,-
nú 6.293,-
30% afsláttur
áður 7.990,-
nú 5.593,-
30% afsláttur
50% afsláttur
áður 11.900,-
nú 5.950,-
50% afsláttur
áður 16.900,-
nú 8.450,-
50% afsláttur
áður 11.900,-
nú 5.950,-
Tvær hillur
áður 8.990,-
nú 6.293,-
30% afsláttur
70% afsláttur
handmálaðir
vasar
áður 3.990,-
nú 1.197,-
áður 3.990,-
nú 1.197,-
áður 4.990,-
nú 1.497,-
50% afsláttur
áður 24.900,-
nú 17.430,-
áður 29.900,-
nú 20.930,-
30% afsláttur
70% afsláttur
handmálaðir
vasar
áður 4.990,-
nú 1.497,-
áður 3.990,-
nú 1.197,-
áður 3.490,-
nú 1.047,-
50% afsláttur
áður 16.900,-
nú 8.450,-
áður 11.900,-
nú 8.330,-
30% afsláttur
60% afsláttur
áður 5.990,-
nú 2.396,-
50% afsláttur
áður 24.900,-
nú 12.450,-
50% afsláttur
áður 16.900,-
nú 8.450,-
sítrónella kerti til
varnar flugum
30% afsláttur
áður 990,-
nú 693,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
afsláttur gildir til 1. ágúst
FOR YOUR HOME
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# FIMM SKREFUM Á UNDAN

**Snærós Sindradóttir vakti fyrst opinbera athygli þegar hún var sjö ára. Reyndar hefur hún reglulega vakið athygli síðan hún fæddist og kippir þannig í kynið. Sjálf fetar hún slóðann að pólitíkinni, sem formaður Ungra vinstri græna á höfuðborgarsvæðinu.**

*Viðtal:*
**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

*Ljósmyndir:*
**Arnþór Birkisson**


**Snærós Sindradóttir, formaður Ungra vinstri grænna segist vel geta tekið á móti hvaða uppnefni sem er, enda hafi hún upplifað ýmislegt.**

Sé flett í gegnum gagnagrunn dagblaða er nafn Snærósar Sindradóttur fljótt að koma upp. Þegar hún er 11 ára gömul birtist eftir hana ljóð í Lesbók Morgunblaðsins og þrisvar sigrar Snærós ljóðasamkeppnir. Ljóðabókin Lumbrað á ljóðum kom út þegar Snærós var sjö ára og var ætluð nánustu fjölskyldu. „Pabbi minn, Sindri Freysson, sem sjálfur er rithöfundur, dreif mig áfram í að koma ljóðabókinni út og hann hefur alltaf verið stoltur af skrifum mínum. Það stoltur að einu sinni þegar ég var 14 ára vaknaði ég upp um miðja nótt við að pabbi var að lesa ljóðin mín upp fyrir gesti inni í stofu," segir Snærós og hlær. Snærós sendi stundum inn lesendabréf sem barn, eitt þegar hún var 12 ára og í því kvartar hún yfir niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og kvikmyndinni Opinberun Hannesar. „Ef það þurfti einhver að tala, alveg frá því að ég man eftir mér, hvort sem var í leikskólanum, skólanum eða heima, hafði ég mig í frammi. Og varð jafnvel fúl ef einhver annar var valinn til að tala! Ég varð líka fljótt óvenju ábyrg, kannski verandi skilnaðarbarn, og pínulítil var ég farin að segja fólki til syndanna. Eitt sinn var ég boðuð á Bessastaði, 11 ára, vegna verðlaunaafhendingar og þá meira að segja fann ég mig knúna til að segja Ólafi Ragnari að hann ætti ekki að skrifa undir Kárahnjúkalögin."

## TVÖ HEIMILI

Snærós tilheyrir nýrri kynslóð. Hún er eitt þeirra barna sem prófaði, sem skilnaðarbarn, að alast upp jöfnum höndum hjá móður og föður. Var tvær vikur í senn á heimili sínu hjá móður og svo tvær vikur í senn hjá föður. Snærós lætur vel af þessu fyrirkomulagi, enda hafi hún aldrei þekkt neitt annað. Móðir hennar er Helga Vala Helgadóttir, leikkona, meistaranemi í lögum og mikil Samfylkingarkona. Þegar móðir og stjúpfaðir Snærósar fluttu til Bolungarvíkur þar sem stjúpfaðirinn, Grímur Atlason, gegndi stöðu bæjarstjóra Bolungarvíkur, bjó Snærós hjá föður sínum, Sindra Freyssyni, rithöfundi og fyrrum blaðamanni, og stjúpmóður, Gerðu Fiðriksdóttur hjúkrunarfræðingi. „Ég fór auðvitað oft vestur og var eitt sumar á Ísafirði að vinna við hellulagnir. Í dag bý ég aðallega hjá mömmu, enda verður þetta fiftí-fiftí kerfi flóknara fyrir mann þegar maður eldist."

## ÓSAMMÁLA MÖMMU

Snærós er barnabarn einna ástsælustu leikara landsins, Helga Skúlasonar heitins og Helgu Bachmann. Snærós sjálf segist lengi vel hafa ætlað í Leiklistarskólann en í dag sé það ekki í kortunum. Hún gæti þó kannski hugsað sér að sameina skriftir og leik með leikritaskrifum. „Mitt helsta vandamál hefur verið að mig langar alltaf að gera svo margt. Nú er ég heilluð af pólitíkinni sem hefur átt hug minn síðustu tvö árin og ég hef endalausa orku og þolinmæði í að vinna í henni." Snærós tók við sem formaður Ungra vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu fyrir ári. „Þá var ég búin að vera í höfuðborgarstjórn Ungra vinstri grænna árið á undan en ég hef reyndar verið viðloðandi flokkinn síðan árið 2003. Jú, mamma er í Samfylkingunni en ég fylgi henni ekki enda erum við ósammála um margt, til að mynda Evrópumálin, þótt ég telji mig ekki tilheyra þeim hópi innan Vinstri grænna sem eru harðastir í Evrópuandstöðu sinni. En það er ekki alltaf auðvelt að vera heima þegar við mamma og Grímur byrjum að tala um pólitík," segir Snærós og kímir.

## UPPNEFND BÚRTÍK!

Snærós vakti mikla athygli þegar hún hélt ræðu á flokksráðsfundi VG. Í ræðunni sagði hún meðal annars að það væri „skammarlegt að horfa upp á fullorðið fólk rífast eins og hunda og ketti án þess nokkurn tímann að útkljá sín ágreiningsefni hvert við annað persónulega." Fannst henni fólk í flokknum ganga of harkalega fram í deilum gagnvart öðrum flokksfélögum. Ræðan var að hennar sögn frá eigin brjósti. „Ég er búin að fá mikil viðbrögð við þessari ræðu og þá meira af góðum viðbrögðum en vondum. Ég varð ekki hissa yfir þeim slæmu viðbrögðum sem ég fékk enda málið viðkvæmt. Ég hef fengið að heyra að ég sé „búrtík" og „dekurdýr Svavars-armsins". Ég gagnrýndi ekki skoðanir eins né neins heldur fyrst og fremst aðferðafræði og hvernig við tölum saman í flokknum. Mér finnst ekki í lagi að kalla fólk sem maður starfar með svikara. Gagnsæi, jú takk, en mannorðsmorð, nei. Til að þróun eigi sér stað þurfa andstæðar skoðanir að koma saman og átök út frá þeim sem skila niðurstöðu. En skoðanaágreiningur á ekki að þurfa að snúast upp í persónulegt níð. Starf stjórnmálamanna snýst um að vera gagnrýndur og geta tekið gagnrýni. Og þeir sem pakka í vörn eiga ekki heima í þessu starfi."

## MÓTLÆTI HERÐIR

Snærós er að eigin sögn ágætlega í stakk búin fyrir uppnefningar. „Ég lenti í því í 10 og 11 ára bekk að vera lögð í einelti og ég hugsa að það hafi hert mig frekar en hitt. Nei, þetta situr ekki mikið í mér í dag, en var auðvitað erfitt á sínum tíma. Ég held samt að þetta hafi styrkt mig og er því líklega ágætis undirbúningur fyrir þátttöku í stjórnmálum. Stjórnmálamenn fá oft yfir sig alls konar skítkast og oftar en ekki þvælist útlit þeirra inn í. Samfélagið virðist til dæmis eiga erfitt með að taka mark á fallegum konum. Sjálfri finnst mér mikilvægt að jafnrétti náist á forsendum kvenna, ekki karla. Þannig vil ég að tekið sé mark á konum sem eru kvenlegar og kynþokkafullar því þær eru líka klárar. Kvenfrelsi snýst um að konur séu jafnar körlum, ekki að þær séu eins og þeir. Sjálf set ég ekki spurningarmerki við kyn heldur persónu, og var fljót að eignast mína fyrstu kærustu, svo ég er kannski svolítið upptekin af því að maður fái að vera eins og maður er og vill vera."

## Í JÁRNUM Í SJÖ TÍMA

Snærós stundar nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð og segist gjarnan vera fimm skrefum á undan sér. „Þegar ég var í Hagaskóla gat ég ekki beðið eftir því að komast í menntaskóla og núna er mér farið að leiðast þófið þar og langar í háskóla." Snærós hefur munninn kirfilega staðsettan fyrir neðan nefið. Því komst lögreglan í Reykjavík að þegar Snærós var handtekin í mótmælunum 20. janúar 2009. Snærós var í haldi í tíu klukkutíma, þar af eina sjö tíma í járnum. „Það er ekki bara réttur fólks, heldur skylda, að mótmæla. Það var undarleg tilfinning að vera í lýðræðisríki, nýtandi þann rétt, og enda í járnum. Mér finnst mikið til lögreglunnar koma, en það er misjafn sauður í hverri hjörð og mér fannst einn lögregluþjónninn ganga fram af of mikilli hörku. Þegar ég bað um áheyrn annars lögregluþjóns út af þeirri meðferð, var mér svarað að ég hefði verri munnsöfnuð en verstu handrukkarar bæjarins. Ég varð orðlaus, eitt augnablik, en svaraði því svo að ég hefði líklega betri orðaforða en handrukkararnir svo fjölbreytni fúkyrðanna væri meiri. Hins vegar tek ég fram að ég kynntist þarna konum sem voru mjög ákveðnar en sanngjarnar. Það er synd að maður fær ekki að vita hvað löggan heitir, því ég hefði viljað þakka einni sem fylgdi mér inn í yfirheyrslur."

Mun hún ekki halda áfram að láta í sér heyra? „Ég er í það minnsta ekki hrædd við að tjá mig. Mikilvægast er að fólk hafi kjarkinn, maður þarf ekki að vera fullkominn og það er ekkert að því."

# reykjanesbær

FÖSTUDAGUR 9. JÚLÍ 2010




MYND/DAGNÝ GÍSLADÓTTIR




**● STEKKJARKOT Á NJARÐVÍKURFITJUM** Stekkjarkot er gott dæmi um kotbýli sem sjómenn og fjölskyldur þeirra bjuggu í allt fram á 20. öld. Kotið var endurreist árið 1993, eldri hluti þess er frá miðri 19. öld og sá yngri frá síðustu dögum kotsins. Síðustu ábúendurnir, þau Björg Einarsdóttir og Bjarni Sveinsson, fluttu út árið 1924. Við kotið er endurgert fjós, og brunnur sem fylgdi kotinu er vel sýnilegur í nágrenninu. Kotið er opið í sumar frá miðvikudegi til sunnudags frá kl. 13 til 17. Ókeypis aðgangur.



**● HEIMILI JÓRUNNAR JÓNSDÓTTUR OG HELGA ÁSBJÖRNSSONAR Í INNRI NJARÐVÍK** Enn má finna leifar hins horfna tíma á heimili Jórunnar og Helga í Njarðvík þegar kirkjugestir komu við í kaffi hjá Jórunni og hundurinn Plútus vappaði um á hlaðinu. Í þessu gamla timburhúsi, sem reist var 1906 og þótti með betri húsum, má finna húsbúnað og myndir af fjölskyldunni og ástvinum sem gaman er að skoða. Húsið er opið í sumar frá miðvikudegi til sunnudags frá kl. 13 til 17. Ókeypis aðgangur.



# Náttúruvika á næstunni

Náttúruvika verður haldin á Reykjanesi dagana 25. júlí til 2. ágúst þar sem sveitarfélögin á Reykjanesskaga kynna fjölbreytta náttúru skagans með því að bjóða upp á gönguferðir, fjöruferðir, fræðslu, sýningar og fleira.

Í Reykjanesbæ verður gengið um Rósaselsvötn með Konráð Lúðvíkssyni, fyrrum formanni Skógræktarfélags Suðurnesja. Hann mun segja frá skipulagi skógræktar á svæðinu og hugmyndum um verndun Rósaselsvatna. Ketill G. Jósefsson leiðsögumaður gengur um Hafnir og lýsir liðinni tíð, meðal annars fléttar hann inn frásögnum úr æsku sinni. Hjólað verður í gegnum Reykjanesbæ með Helgu Ingimundardóttur leiðsögumanni og nokkur listagallerí heimsótt, með viðkomu í skógarrjóðri þar sem fuglalíf verður skoðað og farið verður í grasaferð með Ásdísi Rögnu grasalækni þar sem hún mun fræða fólk um íslenskar lækningajurtir og áhrif þeirra til lækninga og heilsubótar.

Náttúruvikan er samstarfsverkefni menningarfulltrúa Grindavíkur, Garðs, Sandgerðis, Voga, Reykjanesbæjar og sjf menningarmiðlunar.

Allar nánari upplýsingar um dagskrárviðburði má finna á slóðinni natturuvika.is.



**Reykjanesviti er ein af táknmyndum Reykjanessins og góðir gönguslóðar liggja að honum.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Þorsteinn segist vera hæstánægður með þær endurbætur sem hafa verið gerðar á vellinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gerbylting á allri aðstöðu

**Fótboltavöllur Keflavíkur var nýlega tekinn í notkun eftir gagngerar endurbætur. Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, segir þetta gríðarlega breytingu á aðstöðu.**

„Þetta er auðvitað gerbylting á aðalleikvanginum," segir Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, þar sem fótboltavöllurinn hefur verið endurnýjaður með nýju aðstöðuhúsnæði, en hann var tekinn aftur í notkun 4. júlí síðastliðinn. Að hans mati voru lagfæringarnar orðnar tímabærar.

„Völlurinn er náttúrlega orðinn 43 ára gamall og var alltaf til vandræða bæði á vorin og sérstaklega á haustin þegar rigndi, en þá var hann allur í pollum," útskýrir Þorsteinn um ástæður þess að hafist var handa við að taka fótboltavöllinn í gegn í október á síðasta ári.

En hvað var gert? „Meðal annars voru lagðar í hann nýjar drenlagnir og hitunar- og vökvunarkerfi. Svo var hlaupabrautin umhverfis gamla völlinn fjarlægð svo hægt yrði að stækka svæðið fyrir nýja völlinn, en hann verður þannig færanlegur innan þess svo hægt verði að dreifa álaginu. Þá var völlurinn girtur upp á nýtt, ný þjónustubraut búin til, varamannaskýli og ný mörk sett upp," tekur Þorsteinn sem dæmi.



**Ráðist var í framkvæmdir í fyrra og síðan þá hefur fótboltavöllurinn tekið stakkaskiptum.**

Hann bætir við að í haust verði vígt nýtt félagsheimili fyrir deildir innan Keflavíkur. „Knattspyrnudeildin fær skrifstofur í nýju húsnæði, það er í nýju félagsheimili sem verður byggt ofan á búningsklefa við Sunnubraut. Við höfum verið á hrakhólum með aðstöðu síðustu ár, þannig að þetta verður breyting til batnaðar," segir hann og getur þess að almennt sé mjög vel haldið utan um íþróttalífið á svæðinu.

„Það er kannski helst að maður láti sig dreyma um að fá góða stúku við fótboltavöllinn, það verður klárlega næsta mál á dagskrá," segir Þorsteinn bjartsýnn og kveðst vilja koma á framfæri þökkum til bæjaryfirvalda fyrir störf í þágu íþrótta og félagslífs. *- rve*

# Fjölda ungmenna veitt störf

Metfjöldi hefur verð ráðinn í atvinnuátaksverkefni á vegum Reykjanesbæjar í sumar.

„Við erum með atvinnuátak fyrir sautján til tuttugu ára nema, ungmennin okkar í framhaldsskólunum sem fá ekki vinnu og eiga ekki rétt á neinum bótum," segir Guðrún Þorsteinsdóttir, starfsþróunarstjóri Reykjanesbæjar, en tvö hundruð ungmenni hafa verið ráðin til ýmissa umhverfisverkefna í bænum, meðal annars við tyrfingu og hreinsun bæjarins.

„Svo höfum við fengið háskólanemendur sem eru að koma inn í fjölskyldu- og félagsþjónustuna í alls kyns verkefni. Þau eru líka að koma inn á umhverfis- og skipulagssvið í skjalavinnslu og skönnun á teikningum og inn í byggðasafnið og bókasafnið," útskýrir Guðrún en í heildina fengu um 240 ungmenni starf hjá bænum í tengslum við atvinnuátaksverkefnið. Guðrún segir þetta stærsta hóp sem tekið hefur þátt í atvinnuátaki á vegum bæjarins. „Í gegnum tíðina hefur bærinn komið inn og svarað þörfinni, þegar og ef hún hefur verið."



**Guðrún Þorsteinsdóttir segir að ákveðið hafi verið að ráðast í átaksverkefnið vegna mikils atvinnuleysis.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Innt eftir því af hverju ákveðið var að ráðast í atvinnuátaksverkefni segir Guðrún: „Í fyrsta lagi er atvinnuleysi svo mikið og þessi ungmenni fá engar atvinnuleysisbætur. Við urðum að gera eitthvað og bregðast við kallinu."

Yfir fimm hundruð nemendur fengu vinnu í Vinnuskólanum og að sögn Guðrúnar hafa þeir aldrei verið fleiri.

„Vinnuskólinn er meira í hverfunum, í beðahreinsun og slætti. Svo ætlum við að fara meira í almenna hreinsun og umhverfisverkefni." *- mmf*



REYKJANESBÆR

*- heilbrigður bær!*

Skoðaðu Ævintýrakort Reykjanesbæjar
á reykjanesbaer.is




## 1 Skessan í hellinum

Skessan hefur komið sér vel fyrir í helli við smábátahöfnina í Keflavík. Skessunni þykir gaman að fá krakka í heimsókn og fá bréf frá krökkum sem hún reynir að svara eftir bestu getu. Sjá nánar á skessan.is



## 2 Duushús



Duushús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Þar má sjá Bátasafn Gríms Karlssonar, sýningar byggðasafnsins og listasafnsins, og elsta bíósal landsins.

## 3 Byggðasafn Reykjanesbæjar

Sýningar byggðasafnsins eru í Stekkjarkoti, Njarðvík og Duushúsum. Sögusýningin Völlurinn í Duushúsum fjallar um áhrif Kanans á byggðina á Reykjanesi.

## 4 Vatnaveröld – fjölskyldusundlaug

Í Vatnaveröld eru fjölbreytt leiktæki fyrir yngstu kynslóðina, kastalar, rennibrautir, sveppir og selir. Vatnið er upphitað og þægilegt fyrir lítil kríli.

Krakkar á grunnskólaaldri fá frítt í sund.



## 5 Falleg gönguleið

Frá helli skessunnar liggur gönguleið meðfram strandlengjunni í átt að Stapa í Innri-Njarðvík. Þar má sjá fjölbreytt fuglalíf og fróðleik um fuglana sem sjást á leiðinni.



## 6 Fitjar



Við Fitjarnar í Innri-Njarðvík er fjölbreytt fuglalíf og þar er tilvalið að gefa fuglunum brauð.

## 7 Orkuverið Jörð



Orkuverið Jörð er sýning sem segir frá 10 helstu orkugjöfum jarðar. Sýningin hefst á Miklahvelli og svo er saga alheimsins rakin í máli og myndum með sérstakri áherslu á sólkerfið. Sjá nánar á powerplantearth.is

## 8 Víkingaheimar
## Býr víkingur í þér?

Víkingaskipið Íslendingur er í öndvegi í Víkingaheimum. Þar er líka hluti sýningar Smithsonian safnsins *Vikings: The North Atlantic Saga*. Sjá nánar á vikingaheimar.com



# Seltjörnin full af fiski

Þúsund fiskum hefur verið sleppt í Seltjörn á Reykjanesi í vor. Það eru þeir Pálmi Sturluson og Oliver Keller sem að því standa. Þeir hafa tekið rekstur tjarnarinnar að sér tímabundið.

Seltjörn er í sigdæld sunnan í Kvíguvogastapa, rétt við afleggjarann til Grindavíkur. Pálmi segir ekkert hafa verið annast um vatnið í nokkur ár en þeir félagar hafi viljað bæta úr því. „Við slepptum regnbogasilungi og laxi í vatnið og hann þrífst vel. Fyrsta slepping var 6. maí og við höfum ekki yfirgefið svæðið eftir það. Fyrstu fiskarnir voru frá 400 upp í 700 grömm en eftir það hefur enginn verið undir tveimur pundum. Þarna var líka sleppt urriða á sínum tíma og menn hafa þóst veiða þarna 17 til 20 punda fiska en ég hef ekki orðið var við slík flikki,“ lýsir hann.

Veiðileyfi eru seld á staðnum, sem er opinn frá 10 til 21 virka daga en til miðnættis um helgar. Fimm fiska kvóti kostar 4.500 krónur, en ekki er nauðsynlegt að klára hann í einni ferð. Veiðistangir eru leigðar út bæði fyrir börn og fullorðna og þess má einnig geta að Sólbrekkuskógur er í grenndinni með grillaðstöðu og nýjum leiktækjum.

Pálmi og Oliver voru atvinnulausir þegar hugmyndinni skaut upp um að koma auknu lífi í Seltjörnina og selja í hana veiðileyfi. Pálmi kveðst vita að það taki sinn tíma að byggja starfsemina upp en framtakið hafi fengið góðar undirtektir. „Ef ég hefði fengið allt klappið á bakið á sama tíma þá væri ég kominn á spítala!“ segir hann glaðlega. *- gun*



Seltjörn er skammt frá vegamótum Keflavíkur- og Grindavíkurvega. MYND/OLIVER


Sérblaðið Ferðir

Kemur út laugardaginn 10. júlí

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Hjörtur Ingi
• hjortur@365.is
• sími 512 5429




Unga Ísland lífsglatt og kátt. Krakkar af leikskólanum Velli í Innileikjagarðinum á Ásbrú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ævintýri í gamalli herstöð

**Í Innileikjagarðinum á Ásbrú leynist ævintýraheimur barna.**

„Það þótti mörgum hermanninum kalt að leika úti með börn sín á íslenskum vetrum og því reistu kanarnir þennan flotta innileikjagarð sem hefur heldur betur slegið í gegn hjá Íslendingum eftir að við opnuðum hann almenningi árið 2008,“ segir Hafþór B. Birgisson, tómstundafulltrúi félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima, sem rekur Innileikjagarðinn fyrir 8 ára og yngri, og félagsmiðstöð fyrir unglinga Reykjanesbæjar í annarri fyrrum aðstöðu Bandaríkjahers á Miðnesheiði, þar sem bíósal má meðal annars finna í flottum húsakynnum.



Ó, það er svo gaman að renna sér í gegnum rör eftir tilheyrandi príl upp á toppinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Fjörheimar voru áður í Stapanum en þurftu að finna sér ný heimkynni eftir að Hljómahöllin fékk þar inni. Þá stóð til að félagsmiðstöðin færi í skólana en unglingar þvertóku fyrir þann ráðahag. Það var svo Árni Sigfússon bæjarstjóri sem sá tilbúna félagsmiðstöð herstöðvarmanna þegar hann fór hingað í skoðunarferð og lét okkur vita af þessari frábæru aðstöðu,“ segir Hafþór og staðfestir að staðarvalið hafi valdið unglingum bæjarins ómældri gleði.

„Á meðan herinn hafði hér aðstöðu var svæðið lokað óviðkomandi umferð svo það er óneitanlega framandi fyrir íslensk ungmenni að koma í þennan heim. Því hefur aðsókn í Innileikjagarðinn og Fjörheima verið framar björtustu vonum og allir mjög ánægðir,“ segir Hafþór.

Innileikjagarðurinn er fullbúinn fjölbreyttum leiktækjum með gúmmíundirlagi og góðri aðstöðu fyrir foreldra sem fylgja börnum sínum í leik, og alltaf heitt á könnunni.

„Hér var allt tilbúið og ekki annað að gera en að kveikja ljósin og opna. Kaninn var ekkert að spara neitt og allt hjá þeim í toppstandi. Innileikjagarðurinn naut því strax mikilla vinsælda og margir sem halda hér afmælisveislur fyrir börn sín.

Hann er því hreinasta viðbót við fjölbreytta barna- og fjölskylduafþreyingu sem fyrir var í Reykjanesbæ,“ segir Hafþór.

Innileikjagarðurinn á Ásbrú er opinn þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 15 til 18, en frá 12 til 15 um helgar. Aðgangur er ókeypis.

# Skyggnst inn í veröld goðanna

„Hugmyndin er sú að veita innsýn í heim goðanna, að menn öðlist örlitla hugmynd um út á hvað átrúnaðurinn gekk,“ segir Guðbrandur Gíslason einn skipuleggjenda Urðarbrunns, nýrrar sýningar sem verður opnuð í Ramma í Reykjanesbæ helgina 16. til 18. júlí.

„Þór, Óðinn, Loki og Freyja eru meðal goða sem eru gerð skil á sýningunni. Er hún sett upp í sex sýningarsölum eða húsum sem eru tengd saman og hönnuð á nútímalegan máta. Þannig fá gestir afhentan mpg3-spilara og heyrnartól við innganginn sem þeir smella á sig og fara þannig í gegnum sýninguna á um korteri,“ útskýrir Guðbrandur og getur þess að lesturinn sé á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, þýsku og dönsku. „Með sýningunni erum við auðvitað ekki síður að höfða til Íslendinga en útlendinga og þá ekki síst skólabarna sem við ætlum að bjóða í heimsókn í vetur, en þarna geta þau á skömmum tíma lært heilmikið sem gagnast þeim í námi.“ *- rve*



Ýmsir hafa lagt hönd á plóginn til að gera sýninguna sem veglegasta. Auk Guðbrands: Kristín Ragna Gunnarsdóttir, kennari við LHÍ, sem hannaði verurnar, Hilmar Örn Hilmarsson, sem samdi tónlistina og Ingunn Ásdísardóttir þjóðháttafræðingur sem samdi textann og setti sýninguna upp.

**● BÓKAORMURINN LENGIST** Bókaormur hefur hreiðrað um sig á bókasafninu og ætlar að hafa viðveru þar í allt sumar. Þetta er bókaormur sumarlestursins í ár og það er von starfsfólks að grunnskólabörn í Reykjanesbæ hjálpi honum að verða langur og litríkur. Grunnskólabörn í Reykjanesbæ eru aldeilis dugleg að lesa en þátttakendur í sumarlestrinum eru orðnir fleiri en 100 og bókaormurinn lengist dag frá degi. Auk þess iðar safnið af lífi því sumarlesturinn er starfræktur alla opnunardaga safnsins.




**● ÞRIÐJUDAGINN 22. JÚNÍ VORU 115 BÖRN BÚIN AÐ LESA 220 BÆKUR** Grunnskólabörn fengu bókaskrá með einkunnablöðum sínum við skólaslit grunnskólanna. Hana taka þau með sér á bókasafnið þegar þau vilja byrja í sumarlestrinum og skrá sig um leið til þátttöku. Bókaskrá er einnig hægt að fá á safninu, ef einhverjir vilja byrja strax og einnig ef bókaskráin er orðin full og þátttakandi vill halda áfram. Þátttökuseðillinn gildir sem happdrættismiði á uppskeruhátíð sumarlesturs í haust.

Eftir hverja lesna bók vinnur þátttakandinn sér inn límmiða í bókaskrána og hlekk til að lengja bókaorminn, sem mun hlykkjast um safnið í sumar. Sumarlesturinn stendur frá 1. júní til 31. ágúst og er fyrir börn á grunnskólaaldri, 6–16 ára.





Rut og Kristín hafa umsjón með starfi Listaskólans í Reykjanesbæ, sem hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár.

# Dansað, teiknað, leirað og límt

„Þetta hefur sko hitt alveg í mark hjá krökkunum, þau eru klárlega að fíla þetta,“ segir Rut Ingólfsdóttir keramiker sem hefur ásamt leikkonunni Kristínu Carr umsjón með Listaskóla barna í Reykjanesbæ, námskeiðum þar sem unnið er með listsköpun barna.

Reykjanesbær hefur rekið Listaskóla barna í Svarta pakkhúsinu að Hafnargötu 2 í samvinnu við Leikfélag Keflavíkur og Myndlistarfélag Reykjanesbæjar undanfarin sumur. Markmiðið er að skapa börnum á aldrinum 7 til 13 ára í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi í öruggu umhverfi. „Þarna fá þau tækifæri til að spreyta sig á bæði leiklist og myndlist, en útivist skipar að auki stóran sess á námskeiðunum,“ segir Rut og bætir við að jafnframt sé notuð aðstaða í Frumleikhúsinu að Vesturbraut 17.

Að sögn Rutar hefur verið fullt á námskeiðin frá upphafi, en tvö eru í gangi á sumri hverju og var farið af stað með það seinna í vikunni. „Svo ljúkum við skólanum með listahátíð þar sem foreldrum og öðrum gestum gefst kostur á að sjá afrakstur starfsins.“



**● FUGLAHÚS VIÐ TJARNIRNAR** Nemendur í leikskólunum Akri og Holti og Akurskóla vígðu ný fuglahús við tjarnirnar í Innri Njarðvík á barnahátíð í Reykjanesbæ síðastliðið vor en þeim hefur verið komið fyrir í hólmunum við tjarnirnar, fuglunum og jafnframt börnum og fjölskyldum þeirra til ánægju og yndisauka. Fuglahúsin eru framhald af íbúafundum bæjarstjóra með börnum sem haldnir voru í öllum grunnskólum síðastliðið vor en þar var meðal annars óskað eftir hugmyndum um fuglahús. Smíði húsanna var í höndum Einstakra, félags tréskurðarmanna í Reykjanesbæ.





Gestkvæmt hefur verið hjá skessunni í hellinum.

# Skessan alltaf vinsæl

Það hefur verið gestkvæmt hjá skessunni í hellinum það sem af er sumars en nýverið var lögð ný gönguleið að hellinum og settir upp bekkir þar sem hægt er að tylla sér og snæða nesti á meðan notið er útsýnis yfir smábátahöfnina í Gróf.

Skessan er fimm metra há og 400 ára gömul en börnin þurfa ekki að óttast hana því hún hefur gott hjarta. Þegar vel liggur á skessunni býður hún í lummur og margir krakkar eru duglegir að senda henni bréf í póstkassann hennar í hellinn eða á vefinn hennar, skessan.is.



Skessan er 5 metra há og 400 ára gömul.

ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman.
Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

# Lífsgæði óháð efnahag

**Ný göngu- og hjólaleið meðfram ströndinni í Reykjanesbæ er strax orðin vinsæl til útivistar og hreyfingar og eykur um leið söguvitund íbúanna því upplýsingaskilti við hana geyma fróðleik um menningu, sögu og dýralíf.**

„Svona stígur er nauðsynlegur í sjávarplássi,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, um nýja gönguleið sem liggur frá smábátahöfninni við Bergið, meðfram Keflavík og Njarðvíkum, áleiðis upp á Vogastapa, alls tíu kílómetra leið. Hann bendir á að stígurinn skapi eiginlega byltingu því útivist meðfram hafinu teljist til lífsgæða sem allir geti nú notið, óháð efnahag eða stöðu.

„Strandleiðin hefur fjölnota gildi, þar er hægt að ganga, skokka eða hjóla og njóta um leið náttúru, fróðleiks og dýralífs auk þess að láta hugann reika,“ tekur hann fram. Sjálfur kveðst hann yfirleitt hlaupa á morgnana eða kvöldin, að minnsta kosti rölta eða hjóla.

Stígurinn hefur orðið til á síðustu tveimur árum og Árni rekur tilurð hans til framkvæmda vegna landrofs. „Ströndin meðfram Keflavík og Njarðvík var víða brotin og kjallarar húsa við Hafnargötuna í hættu. Það var því mjög mikilvægt að verja strandlengjuna fyrir sjógangi. Til þess nýttum við grjót úr Helguvíkurframkvæmdunum og landmegin við varnargarðinn myndaðist gott svæði fyrir göngustíg.“

Sjóvarnagarðarnir eru úr 200 þúsund ára grágrýti sem sprengt er úr hraunlagastabbanum í Helguvík. „Við byrjuðum á þessum framkvæmdum fyrir einum fimm árum en landið þurfti að fá að síga og jafna sig og það hefur tekið tíma. Því vorum við nú að ljúka gerð strandleiðarinnar,“ lýsir Árni og segir upplýsingaskilti hafa verið sett upp á stóra steina meðfram henni.

„Fólk uppgötvar merkilega hluti þegar það fer um stíginn því þar eru ýmsar minjar um sjósókn í þessu gamla sjávarplássi. Við ströndina eru varir sem notaðar voru til útræðis og gamlir menn þekktu. Þær voru horfnar, eða ekki hægt að ganga að þeim lengur, en okkur tókst að verja þær og tengja við gönguleiðina. Þar erum við með sagnfræðipunkta sem segja sögu sjósóknara. Þannig gefst íbúum og gestum tækifæri til að fræðast um sögu og helstu einkenni bæjarfélagsins og njóta um leið útivistar í fallegu umhverfi.“ *- gun*



Ganga meðfram hafinu er góð heilsubót. MYND/DAGNÝ GÍSLADÓTTIR



„Fólk uppgötvar merkilega hluti þegar það fer um stíginn því þar eru ýmsar minjar um sjósókn í þessu gamla sjávarplássi,“ segir bæjarstjórinn Árni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einstakir uppfinningamenn

„Með þessu framtaki vildum við breyta þeim viðteknu hugmyndum sem fólk hefur um víkinga sem slagsmálahunda með því að leggja áherslu á uppfinningar þeirra og að sama skapi vekja athygli á sjálfu safninu og einstökum menningararfi Íslendinga,“ segir Elisabeth Ida Ward, sýningarstjóri Víkingaheima í Reykjanesbæ, sem stóð í sumar í fyrsta sinn fyrir víkinganámskeiðum ætluðum börnum og unglingum.

Þátttakendur fengu meðal annars að kynnast skartgripa- og skipasmíði, ullarvinnslu og húsagerð víkinga, sem voru að sögn Elisabeth duglegir í að nota það sem var til á hverjum stað, svo sem grjót, torf, mold, rekavið og fleira. „Böðvar Gunnarsson járnsmiður sýndi líka meðal annars hversu góðir járnsmiðir víkingar voru,“ tekur hún sem dæmi og er ekki í vafa um að margt sem fyrir augu bar hafi komið á óvart.



Elisabeth Ida Ward og Böðvar Gunnarsson í víkingaklæðum, ásamt hópi hressra krakka sem tóku þátt í víkinganámskeiði á vegum Víkingaheima. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margt fleira verður í boði í Víkingaheimum. Þar er nú til dæmis sýning um nýjan fornleifafund frá Vogi í Höfnum, víkingaskipið Íslendingur er til sýnis og í haust hefjast aftur sýningar á einleikn um Ferðasaga Guðríðar, um ferð Guðríðar Þorbjarnardóttur frá Íslandi vestur um haf.

Allar nánari upplýsingar um Víkingaheima á www.vikingaheimar.com og á Facebook. *- rve*



Forvarnastarf í Reykjanesbæ hefur dregið úr áhættuhegðun ungmenna. Krakkarnir á myndinni tengjast ekki umfjöllunarefni greinar. MYND/ODDGEIR KARLSSON

# Forvarnir skila árangri

Reykjanesbær leggur mikla áherslu á forvarnir og málefni fjölskyldna í starfi sínu eins og sjá má í vali á ýmsum verkefnum. Má þar nefna umönnunargreiðslur, kynningu á þjónustu sveitarfélagsins við barnafjölskyldur, gjaldfrjálsa fræðslu til foreldra um parsambandið og mikilvægi beggja foreldra í uppeldi og umönnun barna á námskeiðinu Barnið komið heim og innleiðingu á uppeldisnámskeiðinu SOS! Hjálp fyrir foreldra, sem stendur öllum foreldrum tveggja ára barna til boða einnig gjaldfrjálst.

Samkvæmt könnun Rannsóknar og greiningar er þessi vinna að skila góðum árangri en mikið hefur dregið úr áhættuhegðun ungmenna. Sem dæmi má nefna að daglegar reykingar ungmenna í 10. bekk í Reykjanesbæ hafa dregist verulega saman og meira en hjá jafningjum á höfuðborgarsvæðinu og í landsmeðaltali. Alls 97 prósent unglinga í Reykjanesbæ reykja ekki daglega, 93 prósent höfðu ekki orðið ölvuð síðustu 30 daga fyrir könnun Rannsóknar og greiningar ehf. og aðeins 3 prósent höfðu prófað ólög-



Hera Ósk segir markmiðið vera að ungmennin kjósi sjálf að vera vímuefnalaus.

leg vímuefni eins og hass. Þetta er mikil breyting frá því að hafa alltaf mælst við eða yfir landsmeðaltali þegar kom að reykingum og áfengisneyslu ungmenna.

Að sögn Heru Óskar Einarsdóttur, verkefnastjóra forvarnamála, er markmiðið að sjálfsögðu að ungmennin velji að vera vímuefnalaus, hvort heldur um sé að ræða reykingar, áfengi eða önnur vímuefni. „Að því vinnum við sameiginlega meðal annars með aukinni samveru foreldra og unglinga, styrkingu foreldra í uppeldishlutverki sínu, stuðningi við eftirlitshlutverk foreldra og eflingu íþrótta- og tómstundastarfs.“



Börn á grunnskólaaldri sækja í auknum mæli í sund í Reykjanesbæ eftir að frítt varð í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/OZZO

# Ókeypis aðgangur stuðlar að hreyfingu

Mikil aukning hefur orðið á aðsókn grunnskólabarna í sund í Reykjanesbæ í framhaldi af því að gefið var frítt í sund árið 2006.

Markmiðið með þeirri ákvörðun var að auka hreyfingu barna og auka samverustundir fjölskyldunnar en nýlegar rannsóknir höfðu sýnt að grunnskólabörn á Íslandi væru að þyngjast, meðal annars vegna hreyfingarleysis. Samkvæmt nýrri rannsókn Þórunnar Magnúsdóttur íþróttafræðings hefur þessi aðgerð gefið góða raun en mun fleiri börn sækja sund en áður og á það við um fullorðna líka en með því að gefa frítt í sund hefur skapast meira svigrúm fyrir barnmargar fjölskyldur til þess að gera sundferð að samverustund fjölskyldunnar án þess að greiða fyrir það háan aðgangseyri.

Fjöldi barna í sundi jókst að meðaltali um 10.175 heimsóknir á ári 2006-2009 og aðsókn fullorðinna jókst að meðaltali um 8.777 heimsóknir á ári á sama tíma. Hlutfall barna sem skoðuð voru á þessum tíma og ekki æfðu íþróttir var 45% og eru börn á aldrinum 8-12 ára duglegust að mæta í sund.

Fylgst var með grunnskólabörnum í sundi á almenningstíma og notast var við spurningalista sem starfsfólk lagði fyrir börnin. Kom í ljós að börnin voru mest að leik í sundlauginni og eyddu meirihluta tímans í meðalerfiða hreyfingu. Eftir 14 ára aldurinn virðist hins vegar draga mikið úr sundiðkun barna.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURNES

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 7 stöðum á Suðurnesjum og 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík




Allt sem þú þarft...



**● NYTJAGARÐAR VINSÆLIR** Nytjagarðar hafa notið mikilla vinsælda en íbúar í Reykjanesbæ eiga nú kost á því í fyrsta sinn að rækta sitt grænmeti í almennum reit.

Búið er að setja upp nytjagarða í Gróf þar sem áður voru skólagarðar fyrir börn og hafa þegar um 90 einstaklingar sett þar niður bæði kartöflur og grænmeti en að auki geta íbúar á Ásbrú nýtt sér þennan möguleika. Gert er ráð fyrir nytjagörðum í Njarðvíkum næsta sumar vegna mikillar eftirspurnar.



Ekkert gjald er tekið fyrir garðana í ár enda ekki vitað hvernig jarðvegurinn er en á næsta ári er gert ráð fyrir hóflegri gjaldtöku. Það má segja að skapast hafi góð stemning hjá íbúum við ræktunina og stefnt er að sameiginlegri uppskeruveislu að hausti í tengslum við Ljósanótt.

**● FLOTTIR KÖRFUBOLTAVELLIR**

Körfuboltavellir hafa nú verið settir upp á þremur stöðum í Reykjanesbæ: Við Holtaskóla og hjá Akurskóla í Innri Njarðvík og við Njarðvíkurskóla. Vellirnir eru lagðir yfirborðsefni sem eru plasteiningar læstar saman á hliðunum. Plöturnar eru rifflaðar og opnar í gegn þannig að vatn, sandur og óhreinindi leka niður úr yfirborði. Efnið hefur verið í notkun víða um heim og hefur reynst vel. Körfurnar eru frá sama framleiðanda og eru þær af vandaðri gerð en gengur og gerist á útikörfuboltavöllum.





**Vonast er til að hringtorg við Grænás hægi á umferð og dragi úr slysahættu.**

# Aukið öryggi

Framkvæmdir eru nú hafnar við hringtorg við Grænás sem tengir byggðina á Ásbrú við Reykjanesbæ en vonir standa til þess hjá Vegagerðinni að það muni hægja á umferð á þessum hættulegu gatnamótum.

Íbúar á Ásbrú og bæjaryfirvöld hafa barist fyrir úrbótum á umferðaröryggi við þessi gatnamót frá árinu 2007, en þau urðu sérlega varasöm eftir breytt hlutverk svæðisins á Ásbrú þar sem áður var herlið en nú námsmenn með fjölskyldur.

Mörg slys hafa orðið á þessum gatnamótum enda má segja að Reykjanesbrautin kljúfi byggðina í sundur en þar er umferð mikil í tengslum við utanlandsflug. Þetta skapar slysahættu fyrir börn og unglinga og aðra gangandi vegfarendur sem sækja ýmsa þjónustu svo sem íþróttir og tómstundir fyrir neðan Reykjanesbraut.

Í upphaflegum áætlunum Vegagerðarinnar var gert ráð fyrir undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur en þeim hefur nú verið frestað fram á næsta ár.



**● EFNASKIPTI** Sýningin Efnaskipti er framlag Listasafns Reykjanesbæjar til Listahátíðar 2010 og samvinnuverkefni safnsins og fimm myndlistarkvenna; Önnu Líndal, Guðrúnar Gunnarsdóttur, Hildar Bjarnadóttur, Hrafnhildar Arnardóttur og Rósu Sigrúnar Jónsdóttur.

Sýningin er sjálfstætt áframhald verkefnis sem hófst í safninu árið 2008, en þá voru þrír listamenn fengnir til að kanna hvort lífsmark væri með einni elstu listgrein Íslendinga, tréskurði. Í framhaldi af því var ákveðið að láta reyna á þanþol annarrar fornrar listgreinar, textílsins. Sýningin stendur til 15. ágúst. Sjá reykjanesbaer.is/listasafn.


# Bestu flugurnar

## Já, þú færð allar bestu flugurnar hjá okkur á betra verði



Peacock - 220 krónur | Killer - 220 krónur | Krókur - 280 krónur | Alma Rún - 220 krónur | Watson Fancy - 220 krónur

Flæðarmús - 290 krónur | Rektor - 290 krónur | Black Ghost - 290 krónur | Nobbler - 290 krónur | Bleik og blá - 290 krónur

Stekkur Blá - 390 krónur | Hairy Mary - 390 krónur | Rusty Rat - 390 krónur | Colburn Special - 390 krónur | Black Brahan - 390 krónur

HKA Sunray (Bismo) - 450 krónur | HKA Sunray (Bismo) - 450 krónur | Green Brahan örkeila - 390 krónur | Sunray Shadow - 390 krónur | Black Eyed Prawn - 450 krónur

Snælda - 450 krónur | Fransis - 450 krónur | Skógá - 450 krónur | Tvívængja - 450 krónur | Black Sheep - 450 krónur

**Í sérverslun fluguveiðimannsins á netinu, Flugan.is, færðu á fjórða hundrað gerðir af vönduðum, vel hnýttum og veiðnum flugum. Flestar þeirra færðu einnig í Veiðihorninu, Síðumúla 8**

**Kannastu við þessar?**

Fransis, Snælda, Blue Charm, Avatar, Collie Dog, Green Butt, Bismo, Flæðarmús, Hairy Mary, Peacock, Killer, Sunray Shadow, Kötturinn, Green Brahan, Black & Blue, Skröggur, Rusty Rat, Randy Candy, Mýsla, Leonardo, María, Colburn Special, Black Ghost, Krókur, Black Labrador, Héraeyra, Skógá, Green Highlander, Kolskeggur, Blue Sheep, Undertaker, Iða, Hólmfríður, Haugur, Gray Ghost, Nagli, Nobbler, Super Tinsel, Red Butt, Black Sheep, Dimmblá, Rektor, Crossfield, Laxá Blá, Dýrbítur, Þingeyingur, Alder, Montana, Black Gnat, Dark Side of the Moon, Stardust, Alda, Dentist, Silver Sheep, Munroe Killer, Rocket, Alma Rún, Watson Fancy

**Veldu úr yfir 300 gerðum af flugum á Flugan.is**
**Eða komdu við í Veiðihorninu Síðumúla 8 – Opið alla daga**
**Gerðu verð og gæðasamanburð. Fjölmargir veiðimenn hafa áttað sig á því að það margborgar sig.**

Flugan.is VEIÐIHORNIÐ

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410 • veidihornid.is**



# bak við tjöldin

**Stjörnumerki:**
Vog.

Hjúskaparstaða: Sóló.

**Gæludýr:**
Á heimilinu eru tveir kettir sem þvælast fyrir mér og fara í taugarnar á mér. Og nú verður allt brjálað á heimilinu…

**Hvernig hljómar síðasta sms sem þú fékkst?**
„Allt í góðu.“



**Hvað ertu með í töskunni?**
Minnisbók sem ég keypti á Hróarskeldu og stafræna myndavél.

**Versta skammarstrikið:**
Eitt af fjölmörgum er að klippa á vír bjöllunnar í Hagaskóla sem hringdi inn í tíma.









# tíska

✻ blúndurokk




**RAKAGEFANDI VARALITUR** Þurrar varir og þær sem eru á leiðinni í sól, þola oft illa hefðbundna varaliti. Í línu Bobbi Brown, Treatment Lip Shine, fyrirfinnast hins vegar 12 litatónar, ýmist mattir eða glansandi, sem eru sérstaklega ætlaðir þurrum vörum og eru með sólarvörn númer 15.



Fyrirsætan Marie Nasemann með kynþokkafull kennslukonugleraugu á nefinu.



Svöl Ray Ban-gleraugu með dæmigerðri „fiftís“ umgjörð – breiðri og dökkri að ofan. Gleraugun fást í Gleraugnasmiðjunni.



Formfögur og stílhrein Fendi-gleraugu.

Gleraugnatískan í anda miðrar síðustu aldar:

## GLERIN STÆKKA

Það er ekki aðeins í sólgleraugnatískunni þar sem gleraugun hafa verið að stækka síðustu misserin. Hið sama er að gerast í almennri gleraugnatísku þar sem litlu kisugleraugun – þar sem glerin eru höfð kassalaga og lítil – eru smám saman að víkja fyrir stærri glerjum. Viðsnúningurinn er aftur til 6. áratugarins og litur spanganna er líka í anda þess tíma – í jarðlitum, brún og grá mikið til. Raunar eru gleraugun það flott um þessar mundir að einhverjir, með fulla sjón, hafa sést með gleraugu á nefinu.




Gallabuxur frá PAS

Str. 36–56

Rita

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

FÓTBREMSAN GÓÐA

Vinsælu Pólsku götuhjólin



Sumarið er komið

Hjólum í vinnuna á Fuji

Hvellur
Smiðjuvegur 30
- Rauð gata
200 Kópavogi
Sími: 577 6400
www.hvellur.com

HVELLUR.com

FUJI




**Sæt** Flott í túrkíslituðum prinsessukjól og kolsvart hár.

NORDICPHOTOS/GETTY



**Brosandi og kát** Í hvítum síðkjól við flatbotna Doctor Martens-skó.

Breskar fyrirsætur leggja línurnar:

# Ofurflottar fyrirsætur

Breskufyrirsæturnar Agyness Deyn og Daisy Lowe þykja á meðal þeirra best klæddu í Bretlandi í dag. Þær eru báðar með heldur rokkaðan stíl, ganga um í Doctor Martens-skóm við fallega blúndukjóla og sjást gjarnan með úfinn kollinn. Þær hafa gjarnan verið nefndar nýju „It“ stúlkurnar af bresku tískuritunum enda klæða þær sig eftir sínu höfði og fara ótroðnar slóðir í fatavali.



**Svört og seiðandi** Lowe í flottum, gegnsæjum kjól sem er með svolítið gothlegu yfirbragði.



**Villt** Daisy Lowe með villta hlébarðavettlinga.



**Afslöppuð** Lowe í flottu gallapilsi, leðurjakka og tígrisbol.



**Imagine** Deyn með blá sólgleraugu í anda Johns Lennon og snjáða leðurtösku.

# Heimsendingarþjónusta ÍSAGA

*er á höfuðborgarsvæðinu í síma* 800 5555




# AGA Gasol®

Heimsendingarþjónusta
alla daga **15-21**




BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of
The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík | Eyrartröð 8, 220 Hafnarfirði | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515

# tíska

✻ smáatriði eru stór atriði



**OPULASH** er heitið á nýjasta maskaranum frá MAC. Burstinn er sérstaklega stór og á, eins og svo margir maskara, að gera augnhárin þéttari og lengri. Það sem er hins vegar prýðilegur plús við þennan maskara er að hann er ekki blautur og klessist því lítið sem ekkert og þornar fljótt.

## TOPP 10

### ESTHER ÝR
**ljósmyndari**



**ÉG ER MIKILL SAFNARI** og safna ég þessum fígúrum sem kallast Dunny. Þær fást ekki á Íslandi og því kaupi ég alltaf nokkrar þegar ég kemst í Kidrobot-búð.



**ÞENNAN KJÓL** keypti ég í Rokki og rósum. Hann var síður en vinkona mín stytti hann og breytti honum þannig að hann varð alveg fullkominn fyrir mig.



**DAVID LACHAPELLE** er einn af mínum uppáhalds ljósmyndurum. Bókina var afmælisgjöf.



**ÉG SAFNA SÓLGLERAUGUM** og þessi eru alveg spes. Ég keypti þau í Pixie market úti í New York



**FYRSTA ALVÖRU MYNDAVÉLIN** sem ég eignaðist. Ljósmyndaáhuginn byrjaði um leið og ég fékk þessa vél.



**ÉG ER ALLTAF MEÐ IPODINN** með mér hvert sem ég fer.



**ÉG SAFNA DÚKKUM** sem kallast Blythe-dúkkur og er þetta ein þeirra. Þessi er í miklu uppáhaldi hjá mér og segja margir að ég líkist henni smá.



**ÉG ER MEÐ MIKLA SKÓDELLU** og eru Kron by Kronkron-skórnir mínir í miklu uppáhaldi. Líka gaman að geta verið í skóm sem eru íslensk hönnun.



**ÉG BYRJAÐI AÐ RENNA MÉR Á SNJÓBRETTI** veturinn 2008 og ég er sjúklega léleg en engu að síður finnst mér fáránlega gaman að renna mér.





**ÞESSAR DÚKKULÍSUR** erfði ég eftir ömmu mína og ég tel þær vera eitt af því dýrmætasta sem ég á.


FYRIR VEISLUNA

SÍÐIR KJÓLAR

~~Áður 12.990~~

Nú 8.990

Stærðir s-xxL
Margar gerðir



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




**Glad I Never** Elsa María Blöndal og Baldvin Dungal reka verslunina Glad I Never sem er í Mitte í Berlín.

PARTÍ Í ÍSLENSKU TÍSKUVERSLUNINNI GLAD I NEVER Í BERLÍN:

## Vekja athygli á íslenskri hönnun

Við erum að reka verslun sem selur bæði íslenska hönnun og list í bland við second hand flíkur. Okkur langaði að nýta tískuvikuna í Berlín til að kynna verslunina og í leiðinni íslenska hönnun og ákváðum að halda smá partí til að vekja á okkur athygli,“ segir Elsa María Blöndal, verslunarstjóri tískuverslunarinnar Glad I Never sem er í Berlín.

Verslunin stendur fyrir viðburði þar sem íslensk list, tónlist og tíska er kynnt og á meðal þeirra hönnuða sem sýna vörur sínar eru Kalda, Eygló, Gígja Ísis og Dead auk þess sem listamaðurinn Þórður Grímsson mun sýna verk sitt, White Light/Dark Wave.

Verslunin var opnuð fyrr í vetur og segir Elsa María reksturinn hafa gengið vel. „Þetta fór hægt af stað en við erum hægt og bítandi að byggja upp fastan kúnnahóp. En reksturinn hefur gengið þrusuvel og það kom okkur í raun á óvart hversu vel þetta hefur gengið.“ Elsa María dvelur í Berlín í allt sumar og sinnir rekstri verslunarinnar en heldur heim á ný í haust til að klára fatahönnunarnám við Listaháskóla Íslands. Innt eftir því hvort hún muni sækja viðburði tengda tískuvikunni svarar hún því játandi. „Ég ætla að reyna að sniglast aðeins þarna í kring. Það fylgir nú líka bæði starfinu og náminu að skoða og sjá hvað er að gerast innan tískunnar,“ segir hún að lokum.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



**VILLIMEY** er að breyta í þessar fallegu umhverfisvænni umbúðir. Helstu sölustaðir eru Heilsuhúsin, Lyfja, Lyf og Heilsa og verslunum um land allt. Sjá nánar á www.villmey.is




**VÖÐVA OG LIÐA GALDUR,**
Hefur reynst sérstakelga vel á vöðvabólgu, beinhimnubólgu, liðverki, sinaskeiðabólgu, vaxtaverki og íþróttameiðsl. Seiðkarlar til forna blönduðu saman jurtum m.a. grávíði og maðjurt, sem unnu vel gegn bólgum og verkjum. Gott smyrsl á fætur, bak, axlir, enni, liði, skordýrabit og bólgur. 50ml / 100 ml.

**FÓTA GALDUR**
Hefur reynst vel við sveppasýkingu á fótum og húð, á sprungur á iljum, flökkuvörtur barna og ef grefur í sárum. Inniheldur maríustakk og morgunfrú sem samkvæmt ráðum galdramanna þóttu eyða svepp-um og vera kláðastillandi. Gott smyrsl við sveppasýkingu, kláða og öðrum óþægindum. 50 ml / 100 ml.




Andblær íslenskrar náttúru. Urtasmiðjan á Svalbarðsströnd framleiðir lífrænar húðvörur / snyrtivörur með íslenskum jurtum sem tíndar eru í norðlenskri náttúru þar sem þær vaxa í sínu hreina og náttúrulega umhverfi. Viðkomandi landsvæði eru vottuð lífræn sem og hráefnið sem notað er í fram-leiðsluna. Framleiðslan inniheldur m.a. blóðberg, eini, vallhumal, fjólur maríustakk, gulmöðru og margar fleiri jurtir. Urtasmiðjan framleiðir heilsulínu s.s. Græðismyrsl sem hefur undraverða virkni sem sára og brunasmyrsli, mýkjandi Fóta- og hælakrem og Vöðva / gigtarolíu á vöðva- og liðabólgur og sinadráttt, auk margs-konar snyrtivöru og nudd-olía. Vörurnar fást í öllum helstu heilsu og náttúruvöruverslunum og ferða-mannaverslunum. Vörur Urtasmiðjunnar eru kærkomið val fyrir þá sem kjósa að nota hreinar lífrænar vörur án allra aukaefna. Þær eru gjöf frá móður náttúru




**SILKI-ANDLITSOLÍAN,** djúpnærandi vítamín bomban frá Urtasmiðjunni er ein af okkar vinsælustu snyrtivörum og er uppáhald allra sem nota hana. Hún inniheldur gnægð af hollustuefnum fyrir húðina s.s.vítamínríkum jurta omegaolíum sem næra húðina og gefa henni ljómandi og frísklegt útlit. Hún er ómissandi í sumarfríið og róar húðina eftir sólböð og gefur henni gullinn blæ.

**WELEDA GRANATEPLAHANDÁBURÐUR**
Granatepla handáburðurinn er einstakur í sinni röð. Í honum er sérstök blanda andoxunarefna sem rannsakað er að styður við endurnýjun fruma og hindra mynd-un öldrunarbletta. Handáburðurinn er einstaklega mýkjandi fyrir nagla-böndin og styrkjandi fyrir neglurn-ar. Unnin úr olíu granateplafræja og öðrum jurtum, Shea Butter og sólblómum. Notalegur ilmur. Weleda er vörur unnar úr lífrænt ræktuðum jurtum án aukaefna. Fæst í heilsu-verslunum og apótekum




**WELEDA**
Velkomin að skoða www.weleda.is



**SIGNTURES OF NATURE NATURESCENT DAGKREM**
Dagrem fyrir allar húðgerði einnig fyrir viðkvæma og ofnæmis-gjarna húðtegund. Kremið 100 % raka og fallegan ljóma vegna fruit olíunnar sem er hrært út i kremið, Inniheldur einnig Aloa vera , avacado og olive olíu. Efnisinnihald er 100 % hreint og 96 % af innihaldsefnum eru frá lífrænni ræktun. Án paraben og allra auka kemiskra efna. Verð 3.790 kr. Einnig allt til fyrir likama og hár

**SIGNATURES OF NATURE EHF**
Smáralind
www.signaturesofnature.is

# LÍFRÆNAR SNYRTIVÖRUR OG NÁTTÚRULEGAR

## Dásamlegur kostur í daglegu amstri.

Dr. hauschka fæst m.a í
**YGGDRASIL, FRÆINU FJARÐARKAUPUM, MANNI LIFANDI , HEILSUVERI, OG HEILSUHÚSINU AKUREYRI.**




**HREINSIKREMIÐ** hentar öllum húðgerðum og hreinsar á mildan hátt án þess að trufla ysta lag húðarinnar. Þetta ysta lag hefur það hlutverk að vernda húðina fyrir mengun og utanaðkomandi áhrifum, ásamt því að halda raka í húðinni og einnig að hleypa rakanum út. Með því að nota vörur sem trufla ekki þetta ysta lag, byggist það upp sem gerir það að verkum að húðin verður sterkari og nær fljótt jafnvægi.




**HREINSIMJÓLKIN** er einnig fyrir allar húðgerðir, einnig viðkvæmri húð. Hún er einnig mjög góður augnfarðahreinsir. Aðferð: bleyttu bómul, settu dálitla hreinsimjólk í bómulinn og leggðu hann ofan á augun og leyfðu þeim að liggja í nokkrar sekúntur þar til þú finnur að augun eru orðin vel þakin hreinsimjólk-inni. Eftir það nuddaru augun varlega þar til augnfarðinn er farinn.




**ANDLITSVATN** er síðasti hlekkurinn í hreinsuninni. Hlutverk þess er að styrkja húðina á frískandi hátt. Andlitsvatnið er ekki síður mikilvægur þáttur í hreinsunarferli húðarinnar. Hlutverk andlitsvatnsins er að klára hreinsiferlið, koma sýrustigi húðarinnar í jafnvægi og ýta undir að húðin nái enn betra jafnvægi.




**UNDUR BERJANNA** er nýjasta andlitskrem Purity Herbs á Akureyri, 100% náttúrulegt og ilmar af fersku berjalyngi. Undur berjanna er sérlega orkuríkt, stútfullt af næringarefnum m.a. andoxunarefnum og inniheldur úrval berja sem hægja á myndun öldrunareinkenna, vernda, styrkja og þétta húðvefinn. Kremið hleður húð-ina súrefni og orku, viðheldur og lengir frumulíf og gefur hraustlegt útlit. Undur berjanna er dag, nætur- og augnkrem fyrir konur og karla 25 ára og eldri og hentar öllum húðgerðum.

**AÐ VINNA MEÐ HÚÐINNI EN EKKI FYRIR HANA.** Ert þú ein af þeim sem hefur áhuga á að kynnast náttúrulegum og lífrænum snyrtivörum en veist ekki hvar á að byrja? Sífellt vex sá hópur fólks sem gerir auknar kröfur um gæði og virkni þeirra vara sem það kýs að nota. Dr.Hauschka hefur verið leiðandi í framleiðslu á lífrænum og náttúrulegum andlitsvörulínu fyrir fólk á öllum aldri, í hæstu mögulegu gæðum. Dr.Hauschka vörurnar vinna með húðinni en ekki fyrir hana og gerir húðinni kleift að öðlast langþráð jafnvægi á náttúrulegan hátt. Ólíkt mörgum öðrum snyrtivörum þá leitast þær líka við að stuðla að langtíma jafnvægi í húðinni. Dr. Hauschka snyrtivörurnar eru unnar úr hreinum lífrænum afurðum og jurtablöndum sem ræktaðar eru á bíó-dýnamískan (demeter) hátt í eigin jurtagarði. Notkun villtra jurta úr ósnortinni náttúru er einnig dæmi um einstök gæði Dr. Hauschka. Það sem er ekki hvað síður mikilvægt, er að á þennan náttúrulega hátt má ná frábærum árangri á hinum ýmsu húðvandamálum. Dr. Hauschka leggur áherslu á að hreinsun húðarinnar sé eitt mikilvægasta ferli til vænlegs árangurs. Það er því veigamikill þáttur að leggja grunninn að heilbrigðari húð með því að hreinsa hana rétt.

**PURITY HERBS**
Furuvellir 5
600 Akureyri
S:462 3028
www.purityherbs.is



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**María Birta, eigandi verslunarinnar Maníu**



1 Mér finnst ekkert notalegra en að sofa út á morgnana og vakna svo undir hádegi við ilminn af nýmöluðu kaffi, sem einhver hefur nennt að laga handa mér!



2 Ég klæði mig upp því úti er sól, geng Laugaveginn, mína uppáhaldsgötu, kíki í búðir og máta endalausa kjóla. Kaupi allt sem mig langar í í versluninni AFTUR.



3 Stekk heim, hendi fötum í ferðatösku, knúsa Lúlla, sætustu kanínu í heimi, bless og bruna til Keflavíkur. Tékka inn á Saga Class hjá Icelandair í Leifsstöð, fæ mér kampavín um borð og flýg til New York.

4 Græði fjóra klukkutíma á þennan föstudag, lendi í NY kl. 18.00, tek leigubíl niður á Manhattan og tékka inn á Waldorf Astoria.

5 Ellen DeGeneres býður mér út að borða á Megu! Eftir að hafa borðað yfir okkur af sushi, endum við kvöldið með því að kíkja á karókíbarinn Lips!



# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu - sýnt í takmarkaðan tíma

**Allt seldist upp í vor og því verða nokkrar aukasýningar í ágúst: 10., 11. og 12.
Sýningin sem enginn má missa af! Tryggðu þér miða strax á borgarleikhus.is**

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



RENAULT MEGANE BLÆJA hardtop. Árgerð 2005, ekinn 114 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.970.000. Rnr.100895 skoðar skipti á ódýrari, ath fæst á góðu stg verði.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílabankinn



**TILBOÐ 690.000.-**
TOYOTA YARIS TERRA. Árgerð 2004, ekinn 90 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Möguleiki á 500.000 kr láni í allt að 60 mánuði



**MJÖG FLOTTUR VAGN**
Conway Islander 07/1994 Mjög vel með farinn vagn með fortjaldi Sko 2011 og tilbúinn í ferðalagið. Tilboðsverð 439.000, möguleiki á visa /euro raðgreiðslum í allt að 60 mánuði. (bílnúmer yv-866) Er til sýnis á Bílabankanum S: 588-0700 Mikið úrval af tjaldvögnum og fellihýsum á staðnum.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4. Árgerð 2002, ekinn 179 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



**TILBOÐ 1.690.000.-**
HYUNDAI SANTA FE 4X4. Árgerð 2005, ekinn 109 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.980.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



**TILBOÐ 190.000.-**
SKODA FELICIA COMBI. Árgerð 1998, ekinn 134 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 298.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

bílaborg.is



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgerð 5/2006, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.132562 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



ATVINNUHÚSNÆÐI KRÓKHÁLS 12 C.A 120 FM . Árgerð -1, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 26.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Ath skipti.



NISSAN ALTIMA. Árgerð 2005, ekinn 126 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.114337 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Gott staðgrverð.



LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE DÍSEL . Árgerð 3/2007, ekinn 79 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.132357 uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Umboðsbíll



VW TOUAREG V8. Árgerð 10/2003, ekinn 72 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.114377. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Umboðsbíll.



FLEETWOOD MESA 12 „ Árgerð 2004, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.128562 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



FLEETWOOD AMERICANA UTAH. Árgerð 5/ 2007, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.128527. Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

B bílasalinn.is



MMC Outlander Intense 2,0 ltr dísel turbo interc. Nýskr.10/2007 6.gíra bsk, 140 hö V:3.990.þús Áhv. 3.100.þús - ísl lán. Uppl. 461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr.106908



Fleetwood Americana Cheyenne 10 fet árg.2008. Markísa, útv/cd, ísskápur, h/k vatn, ofl. V:2.100.þús Uppl. 461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr.106948. Vantar ferðavagna á skrá og á staðinn.



Fleetwood Americana Santa Fe 10 fet árg.2007. Markísa, útv.cd, ísskápur, h/k vatn, ofl. V:1.900.þús. Áhv. 800. þús. Uppl. 461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr.106945. Vantar ferðavagna á skrá og á staðinn.



Toyota Rav4 2,0 bensín nýskr.11/2004. ssk, leður, sóll, krókur, ofl Tilboð kr.2.050.þús stgr Ásett verð kr.2.450. þús Áhv.1.600.þús Uppl. 461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr.106864. Vantar bíla á skrá og á staðinn.



VW Transporter 9.manna 2,5 Dísel turbo interc. 174 hö Nýskr.6/2004 ek.157. þ.km, bsk 6.gíra, V:2.290.þús Uppl.461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr.106681. Vantar bíla á skrá og á staðinn



KTM EXCR 450 árg.2008 Ek.80. klst, 6.gíra, fjórgengis endurohjól á hvítu númeri, rafstart V:1.250.þús Uppl. 461-2525 www.bilasalinn.is Raðnr. 106901. Vantar mótorhjól á skrá og á staðinn.

**Bílasalinn.is**
**Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri**
**Sími: 461 2525**
**http://www.bilasalinn.is**

bilfang.is S. 567 2000



Audi Q7 Premium 4.2 Quattro 4X4, 7 manna, Leður, Glerþak, ofl Flottur jeppi, verð 6900 ath skipti á ód

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Bíla og vagnasalan.is



MMC ECLIPSE. Árgerð 2000, ekinn 118 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 890.000. Rnr.110520



ISUZU NPR85-CW FLOKKABÍLL. Árgerð 2008, ekinn 0 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 3.990.000+vsk. Rnr.110504



SUZUKI DRZ 125. Árgerð 2007, ekinn 15 klst., BENSÍN, 5 gírar. Verð 350.000. Öll skipti skoðuð



PALOMINO YEARLING 4103. Árgerð 2004, fortjald, rafmagnslyfting ogfl.. Verð 1.290.000. Rnr.110586



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI. Árgerð 11/2007, ekinn 67 þ.km, DÍSEL 140hö Sjálfskiptur. Verð 3.200.000. Rnr.120016

**Bíla og vagnasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5272424**
**www.bilaogvagnasalan.is**


vísir.is
„...ég sá það á vísi"


BÍLALIND.is



PONTIAC FIREBIRD TRANS AM WS6. Árgerð 2001, ekinn aðeins 46 þ.mílur, 5,7l 330 hö, transpack skipting, T-toppur Verð 2.390.000. #192172 - Bíllinn er á staðnum, kíktu við!



JAYCO JAY 806 FELLIHÝSI. Árgerð 2005 Tilboðsverð 990.000. #103540 - Upptjaldað í salnum, kíktu við!



FLEETWOOD AMERICANA SANTA FE. 06/2008, Verð 1.990.000. #310006 - Upptjaldað í salnum, kíktu við!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

hjól.is bestir í hjólum...



CAN-AM OUTLANDER MAX XT. Árgerð 2008, ekið aðeins 2 þ.km Verð 2.590.000. Rnr.132616 Flott Hjól Spil Töskur Auka Reim Stærri dekk Verð 2.590.000. Rnr.132616



CAN-AM OUTLANDER 800. Árgerð 2007, ekinn 5 þ.km Hjólið Klárt í ferð Komið á Big Horn Dekkin Spil Stóri kassinn dráttarkúla Verð 2.590.000. Rnr.132641

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

Bíla og vagnasalan.is



HOBBY CLASSIC 510. Árgerð 1993, , RAFMAGN, Verð 1.790.000. Rnr.130081 Flott hús

**Bíla og vagnasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5272424**
**www.bilaogvagnasalan.is**

bíll.is bestir í bílum...



HONDA ODYSSEY TOURING Klárlega best útbúni 7 manna bíll á götunni í Dag. Leður DVD dráttarbeisli aukafelgur með vetrardekkjum Árgerð 2007 , ekinn 48 þ.km 7 þrepasjálsk Eiðir Litlu . Verð 5.900.000. Rnr.132625

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bílar.is bílasala



Maserati 3200 GT 338B32, árg. 2000, ek. 83þús.km, 369hö, sjálfsk, leður, rafmagn, Einn flottasti sportbíll landsins! Litur vel út, kraftmikill og frábær í akstri, Ásett verð 4990þús.kr, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




automunda.com
Betra verð á bílum - Sími 552 2000

TILBOÐ: Toyota Tacoma 4x4 Doublecab. Sýningareintak með 2ja milljón króna afslætti. Vel búinn með dráttarbeisli, ljóskösturum, leðuráklæði, lituðu gleri, geislaspilara, fjarstýrðum samlæsingum, og rafmagni í öllu. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus automunda.com Sími 5522000.



MMC outlander, ek. 126þ.km. Árg. 09/2005. 2,4l vél. Ásett V. 2millj. Tilboð óskast 1,7millj. Ný skoðaður. Uppl. í s. 849 3106



Huyndai Accent 1.5. Ek.130þ.Árg'00. Ný tímareim, nýjar bremsur.Ný sk. Vetradekk á felgum fylgja. V. 330þ. S. 868 4432




© Disney

# Sumarleikur

Sumarleikur ferðamanna á Suðurlandi

## Taktu þátt! Þú gætir unnið

**Þátttökuseðlar liggja frammi í verslunum Kjarvals**

Disney · Kjörís · Kókómjólk

### Vikulegir vinningar í allt sumar:

- 1x **1 syrpa** Disney Risasyrpa
- 1x **1 pakki** Disney Þankastrik
- 4x **1 sett** Kókómjólk, 6x1/4 L + Andrésar Andar blað
- 4x **1 kassi** Kjörís Vanilluflaugar

### Stóri potturinn – Lokavinningar:

- 1x **1 spil** Andrésar Andar spilið
- 1x **12 vikna** Andrés Önd blaðaáskrift
- 1x **1 kassi** Kókómjólkurkassi, 1/4 L
- 1x **2 kassar** Kjörís Vanilluflaugar

## Allir sem taka þátt lenda í stóra pottinum.

Lokavinningarnir verða dregnir út 10. september.

EXPO · www.expo.is

**KJARVAL**

**Ferðamannaverslun Suðurlands**

Þorlákshöfn – Hella – Hvolsvöllur
Vík – Kirkjubæjarklaustur



# Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
# blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið:

**Verksmiðjur úr byggfræjum**
- Líftæknifyrirtæki stefnir á að selja hráefni til að framleiða líffæri í menn.

**Er enn reimt á Kili?**
- Tvöhundruð ára gamalt mannshvarf kannski upplýst

**Kortaþjóð í þrjátíu ár**
- Greiðslukort í notkun síðan 1980



## Ferðir:

**Draumalíf í Cannes**
- Jón Víðir Eggertsson rekur hótel við Miðjarðarhafsströnd Frakklands.

**Spennandi hinsegin staðir**
- Þar sem nýgift samkynhneigð pör njóta lífsins.







# Molar um málfar og minni

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Málfarsráðunautur RÚV skrifaði umhugsunarverða grein í Fréttablaðið í vikunni, þar sem hann gagnrýndi skort á umburðarlyndi og þröngsýni í umræðu um íslenskt mál. Að hans mati er málumvöndun til marks um staðnaðan hugsunarhátt og vinnur gegn markmiðum um bætta málnotkun, því athyglin beinist aðallega að því neikvæða. Þessu eru ekki allir sammála, til dæmis Eiður Guðnason, sem bloggar um íslenskt mál. Honum þykir verra að „reiðareksstefnan“ hafi náð bólfestu hjá RÚV. Eiður hefur reyndar margoft lýst því yfir að hann telji málfari hafa farið hnignandi hjá ríkismiðlinum; nú vaði málvillur og orðskrípi uppi og til að bíta höfuðið af skömminni birti RÚV auglýsingar með enskuslettum. Það sé af sem áður var.

**EIÐUR** á sér vissulega marga skoðanabræður, sem telja tungutaki og orðfæri í fjölmiðlum fara sífellt hnignandi. „Iðulega vaða þar uppi flestar tegundir mállýta og málfátæktar,“ skrifar til dæmis einn fjölmiðlarýnir. „Brengluð orðtök, rangar orðmyndir, röng notkun forsetninga, hugtakaruglingur, barnaleg orðskrípi og útlendar slettur, svo að ekki sé talað um margs konar lágkúru og önnur þess konar dæmi um vanmátt höfundanna til þess að koma orðum að því, er þeir vilja sagt hafa.“ Þetta er eflaust eins og talað út úr hjarta margra.

**OG RÚV** er ekki undanskilið þessari gagnrýni. „Jafnvel sú ríkisstofnun, sem að staðaldri lætur hina færustu og glöggskyggnustu menn leiðbeina um gott málfar, þverbrýtur sjálf siðaboðin,“ skrifar sami rýnir og bendir á „fáránlega“ notkun sagnarinnar að elska í sápuauglýsingu í Sjónvarpinu. Hann bætir svo við: „Meðan við það situr, sem nú er, gæti verið bót, að einbeittum mönnum, sem íslenzku hafa numið, væri fengið það embætti að safna saman villunum og blöð og fjölmiðlunartæki skylduð til þeirrar syndakvittunar að birta afglapaskrána vikulega. Þá kynni að vakna sá metnaður, að heldur drægi úr málspjöllunum.“

**NÚ** kinka kannski sumir kolli og tauta eitthvað um orð í tíma töluð. Málið er hins vegar að þessi texti eftir Jón Helgason ritstjóra birtist í Sunnudagsblaði Tímans 16. júní 1968. Hann er hins vegar nánast samhljóða málflutningi málumvöndunarsinna í dag. Ef það vitnar ekki um staðnaða umræðu veit ég ekki hvað.

**HVERNIG** ætli Eiði Guðnasyni hafi annars fallið gagnrýni Sunnudagsblaðs Tímans á bögubósana á RÚV fyrir 42 árum? Eiður var jú yfirþýðandi, fréttamaður og varafréttastjóri þar frá 1967 til 1978. Ætli það hafi hvarflað að honum að kannski væri Jón Helgason helst til dómharður?

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# ÓDÝRT 299-499kr.

KLINK KAUP
MIKIÐ ÚRVAL AF ÓDÝRUM VÖRUM!

## SUMARLEIKFÖNG



| | |
|---|---|
| Sápukúlur, blöðrur | 299 kr. |
| Sippuband | 299 kr. |
| Vatnsbyssur | 299 kr. |
| Sundgleraugu | 299 kr. |
| Fötur, kanna | 299 kr. |

## GARÐURINN



| | |
|---|---|
| Vespugildra | 299 kr. |
| Flugnaspaði | 499 kr. |
| Garðúðari | 299 kr. |
| Garðhanskar | 299 kr. |
| Garðáhöld | 299 kr. |

## GRILLIÐ



| | |
|---|---|
| Grillbursti | 299 kr. |
| Grillsvampar | 299 kr. |
| Grillpinnar | 299 kr. |
| Grilltöng | 299 kr. |
| Grillpenslar | 299 kr. |

## GRILLIÐ



| | |
|---|---|
| Grillbursti | 499 kr. |
| Grillpinnar | 499 kr. |
| Grilláhöld | 499 kr. |
| Kveikjari | 499 kr. |
| BBQ vifta | 499 kr. |

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Fáanlegt í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

allt að
**20%**
verðlækkun



LÆKKUM VERÐLISTAVERÐ Á ÖLLUM HELSTU TIMBURVÖRUM.

# VERÐLÆKKUN

## LÆKKAÐ VERÐ Á TIMBRI




**Jotun pallaolía 3 ltr.**
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

20% afsláttur

**2.390** ~~2.990~~

5 ltr **7.590**




**Dugar á allt að 40m²**

Gori 44+ 5 ltr.
Hálfgagnsæ viðarvörn, frábær á allar viðarklæðningar og skjólgirðingar.
7042520-30

**6.990** ~~8.995~~




**Þekur 50m² í tveimur umferðum**

**Húsa Útimálning**
10L Hvítt
7207040

**10 lítrar**

20% afsláttur

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

**100%** ENDURGREIÐSLA Á VIRÐISAUKASKATTI

**100% endurgreiðsla á VSK af vinnu fagmanna! Kynnið ykkur málið.**

**300** ÞÚSUND KRÓNUR Í FRÁDRÁTT FRÁ SKATTSTOFNI

**Kynnið ykkur málið nánar á vefsíðunni www.allirvinna.is**

**129.000**

**Rotþró 2600**
2600 lítra, þvermál 160, lemgd 220
8120012



Vatnsklæðning kúpt
21 x 110mm
50900



**3.972 kr/m²** ~~4.510 kr/m²~~

Timburmiðstöð Grafarholti: opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi: opið til 21:00 alla daga
Gildir til 12.júlí
Sjá afgreiðslutíma um land allt www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.


Sælureitur
2010
Látum verkin tala!
HÚSASMIÐJAN
verð frá
181 kr/m
PALLAEFNI
Fura fúavarin 21x95 mm 181 kr/m
Fura fúavarin 28x95 mm 226 kr/m
Fura fúavarin 48x148 mm 459 kr/m
VINNUM SAMAN
ALLT TIL FRAMKVÆMDA
Heitur pottur/skel
Blá, fín granít, 6-7 manna.
Heildarbreidd 194x194 sm.
8070617
299.000
100 bör, 1300W
5 metra slanga
Háþrýstidæla
Nilfisk C.100
Vnr. 5254240
NILFISK
15.995
4.4 m²
169.000
Garðhús
4,4 m² með öllum fylgihlutum
Vnr. 600239
Sandkassi með loki
150 x150cm
Vnr.600249
12.990
49.900
69.390
Frábær í bústaðinn
Amica eldavél
50cm m/ steyptum hellum, hvít
1850516
49.900
63.995
Frábær í bústaðinn
Kælir/frystir
Frigor.
orkunýting A.
84.5x57.6x55 sm
1805500
16.990
Hægt að lyfta bekkjum - haldast hreinir og þurrir
Garðborð með áföstum bekkjum180 cm
Vnr.600242
Látum verkin tala!
HÚSASMIÐJAN



> AFTUR Í SKÓLA

Söngkonan Mary J. Blige hefur fengið inngöngu í Howard-háskólann í New York. Blige hætti ung í framhaldsskóla, en útskrifaðist nýlega úr framhaldsskóla í New York. Hún stefnir nú að því að útskrifast úr háskóla árið 2014.

Fólk

folk@frettabladid.is

# Jenni flytur til Danmerkur

„Já það er rétt. Við fjölskyldan erum að flytja til Danmerkur,“ segir Jens Ólafsson, betur þekktur sem Jenni í Brain Police.

Jenni leggur land undir fót í næstu viku til Danmerkur þar sem kona hans, Elín Hólmarsdóttir, bíður hans. Fjölskyldan ætlar að flytja til Århus þar sem Jenni hefur skráð sig í rafmagnsverkfræði og Elín í meinatækni. Jenni segir dóttur þeirra, sem er ellefu ára, vera mjög spennta fyrir því að prufa að búa í öðru landi.

„Ég heyrði af því í gær að það væri ekki mikið um rokk í Danmörku þar sem allir strákarnir kunna að dansa. Þannig að ég er ekki viss hvernig landið liggur þarna í sambandi við rokkið,“ segir Jenni, spurður hvort hann ætli sér að grípa í míkrafóninn í nýju landi, en hann er af mörgum talinn einn öflugasti rokksöngvari landsins – og þótt víðar væri leitað.

Fjölskyldan hefur lengi haft löngun til að breyta til og þar sem Brain Police er ekki starfandi í bili tóku þau ákvörðun um að stökkva á tækifærið.

„Ég er að kveðja alla hér heima þessa dagana. Það var óvæntur hittingur hjá vinahópnum í gær og síðan ætla ég norður um helgina. Þar á ég tvær ömmur, eina langömmu og að sjálfsögðu fullt af vinum sem ég ætla að kveðja og svo fer ég bara út,“ segir söngvarinn spenntur fyrir þessu nýja ævintýri fjölskyldunnar. - ls



**FJÖLSKYLDAN BREYTIR TIL** Jenni flytur með fjölskyldu sína til Danmerkur þar sem hann og kona hans setjast á skólabekk. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Ekki hrifin af botoxi

Ofurfyrirsætan Cindy Crawford er ekki mikill aðdáandi botox-aðgerða.

„Ég hef prófað botox en ég er samt hrædd við það. Ég hræðist lýtaaðgerðir en svo lengi sem þú notar þær ekki til að breyta andlitinu á þér finnst mér þær allt í lagi,“ sagði Crawford, sem er 44 ára. „Ég fer ekki fram á að líta út eins og ég gerði hér áður fyrr vegna þess að það yrði bara pirrandi. Ég stunda líkamsrækt svo mér líði vel og fái aukna orku.“ Crawford er tveggja barna móðir og segist vera góð fyrirmynd barnanna sinna með því að borða hollan mat og stunda líkamsrækt.

**44** Ofurfyrirsætan Cindy Crawford er 44 ára gömul.



**CINDY CRAWFORD** Ofurfyrirsætan er ekki mikill aðdáandi botox-aðgerða.



**STJÖRNUR KVÖLDSINS** Hjálmar Einarsson, leikstjóri Boðbera, ásamt aðalleikurum sínum, þeim Darra Ingólfssyni og Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# BOÐBERI MÆTTUR

**Kvikmyndin Boðberi var frumsýnd í Kringlubíói í gær og var mikill fjöldi fólks viðstaddur sýninguna. Með aðalhlutverkin í kvikmyndinni fara Darri Ingólfsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir en leikstjóri myndarinnar er Hjálmar Einarsson. Kvikmyndin var tekin upp stuttu fyrir bankahrunið árið 2008 og fjallar um hrun íslensks samfélags.**



**GÓÐIR GESTIR** Ljósmyndarinn Lalli Sig og útvarpsmaðurinn Atli hjá FM 957 létu sig ekki vanta á frumsýninguna.



**SÁTTIR BÍÓGESTIR** Ingvar og Róbert mættu á frumsýninguna.

# Lúxusendursýning á Avatar

Töluverðar líkur eru á að Sena endursýni ævintýramyndina Avatar í lok ágúst í þrívídd í lúxussalnum í Smárabíói. Ekki var hægt að sýna myndina í þrívídd í salnum á sínum tíma en núna er tæknin fyrir hendi.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin enn þá en þetta er mjög spennandi. Það veltur á því hvort það sé grundvöllur fyrir því að menn hafi áhuga á að sjá hana í bíó, þrátt fyrir að hún sé komin út á DVD og að einn þriðji landsmanna hafi séð hana í bíó,“ segir Guðmundur Breiðfjörð hjá Senu.

Samkvæmt erlendum fréttamiðlum verður Avatar endursýnd í þrívídd víða um heim í haust, sökum þess að þrívíddarsölum hefur fjölgað til muna að undanförnu. Í mars þurfti myndin að víkja úr þrívíddarsölum vestanhafs þegar Lísa í Undralandi var frumsýnd en núna fær Avatar annað tækifæri. Ekki skemmir fyrir að átta mínútum verður bætt við myndina, aðdáendum hennar til mikillar ánægju. „Ef þeir ætla að bjóða upp á átta mínútna aukaefni er engin spurning að við könnum þetta,“ segir Guðmundur og útilokar ekki að hún verði sýnd víðar en í lúxussalnum. - fb



**AVATAR** Ævintýramyndin Avatar verður hugsanlega endursýnd í lúxussal Smárabíós í lok ágúst.




# 64 ára í fínu formi

Leikarinn Sylvester Stallone segist vera í mjög góðu formi miðað við aldur og að honum líði ekki eins og hann sé orðinn gamall. Stallone er orðinn 64 ára og nýjasta mynd hans er hasarmyndin The Expendables. „Mér líður enn þá vel líkamlega og ég er í góðu formi. Um leið og ég get ekki gengið lengur mun ég hætta að leika í kvikmyndum. Bara þótt samfélagið segi að ég sé gamall þýðir það ekki að ég sé það,“ sagði Stallone. Hann er fimm barna faðir og hefur verið kvæntur þrisvar sinnum. Fjölskyldan skiptir hann öllu máli núna. „Ferillinn var eitt sinn það mikilvægasta í heiminum en ég er allt önnur manneskja núna.“



**SYLVESTER STALLONE** Leikarinn er í mjög góðu formi og þvertekur fyrir að vera orðinn of gamall fyrir hasarinn.



**ÁNÆGÐ** Sigurrós og Kristinn voru á meðal gesta.



**GUÐRÚN OG GUÐFINNUR** mættu kát í Kringlubíó.



**STOLTUR FAÐIR** Einar Hákonarson, faðir leikstjórans, ásamt Stefáni Sigurðssyni.

# Tónleikaferð stytt

Tónleikaferð krakkanna í American Idol-þáttunum hefur verið stytt um tvær vikur, aðeins einum degi eftir að hún hófst í Bandaríkjunum. Ástæðan er minni áhugi en búist var við. Hætt hefur verið við átta tónleika með sigurvegaranum Lee Dewyze og félögum og lýkur tónleikaferðinni 31. ágúst í stað 16. september. Tíðindin eru í samræmi við dvínandi áhorf á Idol-þættina í Bandaríkjunum, sem hafa engu að síður verið þeir vinsælustu undanfarin ár. Áhorf á úrslitaþáttinn í vor var það minnsta frá árinu 2002. Alls 24,2 milljónir fylgdust með þættinum, sem var 9% minna en árið á undan. Fyrsta smáskífulag sigurvegarans Dewyze náði sömuleiðis aðeins 24. sæti á bandaríska vinsældalistanum, sína fyrstu viku á lista.



**LEE DEWYZE** Tónleikaferð Idol-krakkanna um Bandaríkin hefur verið stytt um tvær vikur.



NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 -10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10.10 kraftsýning | 12 |
| KILLERS | kl. 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 P | 12 |
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50 og 8 | 10 |
| A - TEAM | 10.10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | VIP |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3:20 - 6 - 9:20 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20(3D) - 8(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU




FRUMRAUNIN Sigurbjartur Atlason og Eygló Hilmarsdóttir fara með hlutverk Höllu og Svenna sveitó í kvikmyndinni Gauragangi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leikarabörn stíga fyrstu skrefin á hvíta tjaldinu

**Eygló Hilmarsdóttir og Sigurbjartur Atlason eru bæði börn landsfrægra leikara og fara með hlutverk í kvikmyndinni Gauragangur, sem tökur hófust á í vikunni. Bæði eru þau sammála um að það að hafa alist upp með annan fótinn í leikhúsi hafi ýtt undir áhuga þeirra fyrir listinni að leika.**

„Allt frá því ég var lítil hefur mér fundist vinnan hjá mömmu og pabba mjög spennandi. Sérstaklega fólkið í kringum leikhúslífið, mér fannst það alltaf svo skemmtilegt,“ segir Eygló Hilmarsdóttir, dóttir Hilmars Jónssonar, leikstjóra og leikara, og Sóleyjar Elíasdóttur leikkonu, en hún fer með hlutverk Höllu, bestu vinkonu Orms. Sigurbjartur Atlason, sonur Atla Rafns Sigurðarsonar leikara,

> Ég eyddi miklum tíma í leikhúsinu þegar ég var lítill og get alveg sagt að ég hafi heillast af leikhúsmenningunni.
>
> SIGURBJARTUR ATLASON
> LEIKARI Í GAURAGANGI

tekur í sama streng: „Ég eyddi miklum tíma í leikhúsinu þegar ég var lítill og get alveg sagt að ég hafi heillast af leikhúsmenningunni,“ segir Sigurbjartur sem hefur meðal annars leikið í leikritunum Jón Oddur og Jón Bjarni, Dýrin í Hálsaskógi og Vatni lífsins. Hann mun taka að sér hlutverk Svenna sveitó í myndinni.

Eygló og Sigurbjartur eiga fleira sameiginlegt en að hafa alist upp bak við tjöldin í leikhúsum landsins. Bæði eru þau virkir meðlimir í leikfélögum hjá sínum menntaskóla, Eygló er formaður leikfélagsins Herranætur í MR og Sigurbjartur virkur meðlimur í LFMH, og eru þetta þeirra fyrstu skref á hvíta tjaldinu, eða svona næstum því. „Ég lék lítið statistahlutverk í Mávahlátri, var stelpan í bleiku kápunni 17. júní. Það voru mínar fyrstu tvær sekúndur af frægð,“ segir Eygló hlæjandi.

Sigurbjartur segist vera smá stressaður fyrir frumraunina fyrir framan linsuna. „Það er pínu stressandi að vera að fara að leika í bíómynd núna því ég hef aldrei gert þetta áður en ég er samt mjög spenntur og hlakka til að takast á við þetta,“ segir Sigurbjartur og viðurkennir að það sé mjög þægilegt að hafa pabba sér til halds og trausts í vafaatriðum.

Eygló og Sigurbjartur fóru í prufur fyrir næstum ári en leikstjórinn, Gunnar Björn Guðmundsson, hélt opnar áheyrnarprufur víðs vegar um landið og prófaði kringum 700 manns. „Þetta var svolítið langt ferli en ég er mjög glöð að hafa fengið hlutverk. Þetta verður spennandi,“ segir Eygló að lokum en hennar fyrsti dagur í tökum er í dag.

alfrun@frettabladid.is


Útsalan byrjar í dag!




20% afsláttur
NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
LAMBA RIB EYE MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
3198
3998
KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI ÚR KJÖTBORÐI
GRILL SUMAR NÓATÚNS
GOTT Á GRILLIÐ
Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni
GRÍSALUNDIR MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2998 KR./KG
LAMBAHRYGGUR
1439 KR./KG
SVALANDI Í SUMAR
FANTA, 2 L
179 KR./STK.
LJÚFFENGUR LAX
LAXAFLÖK BEINHREINSUÐ
1898 KR./KG
ÚR FISKBORÐI FERSKIR Í FISKI ÚR FISKBORÐI
LAXASNEIÐAR
1298 KR./KG
GOTT MEÐ GRILLMATNUM
PIK NIK KARTÖFLUSTRÁ, 113 G
349 KR./STK.
SPERGILKÁL
398 KR./KG
GIRNILEGUR EFTIRRÉTTUR
HVERS DAGSIS
EMMESS HVERSDAGSÍS 2 TEGUNDIR, 1 L
379 KR./STK.
HATTING SPELTBRAUÐ 8 STK. Í POKA
599 KR./PK.
BRAGÐGÓÐAR KÖKUR
DAN CAKE GULRÓTARKAKA OG SÚKKULAÐIKAKA
489 KR./STK.
DAG Nótt noatun.is
24·7
NÓATÚN
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

## > Fylkir kveður Evrópu

Fylkir tapaði 1-3 fyrir Torpedo frá Hvíta-Rússlandi í Evrópudeild UEFA í gær og 1-6 samanlagt. Pape Faye skoraði mark Fylkis. „Við vorum betri í þessum leik heldur en úti en að sama skapi voru þeir kannski slakari en í fyrri leiknum enda með 3-0 forystu úr fyrri hálfleiknum. Við náðum að spila ágætlega og þetta var okkar besti leikur í langan tíma. Tölurnar gefa ekki rétta mynd af gangi leiksins, við gáfum aðeins eftir í blálokin og líklega er þetta lið klassanum fyrir ofan okkur. Þrátt fyrir tap er samt sem áður hægt að taka margt jákvætt úr þessum leik," sagði Kristján Valdimarsson, fyrirliði Fylkis.



# sport

sport@frettabladid.is

**DRAMATÍSKUR SIGUR HJÁ ÍBV:** EIÐUR ARON MEÐ FRÁBÆRT SIGURMARK Í UPPBÓTARTÍMA

## *Flottasta mark sem ég hef skorað á ferlinum*

Dramatíkin var í hámarki þegar Eyjamenn tóku á móti Keflvíkingum. Hvorugt liðið ætlaði að sætta sig við jafntefli í leiknum og endaði það með fjörugustu lokamínútum í manna minnum. En lokatölur urðu 2-1 og sigurmarkið kom á 94. mínútu og menn tala um mark ársins
Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, var að vonum svekktur.

„Leikurinn var vel spilaður af beggja hálfu, Vestmanneyingarnir betri í þeim fyrri og við í seinni. Við áttum færi í lokin og það skilur bara á milli. Við nýttum ekki okkar færi. Hefðum við klárað þau þá hefðum við unnið þennan leik en þetta klafs í lokin er náttúrulega bara sérkafli í þessum leik og það er bara ekki hollt fyrir mig að tjá mig neitt um það."

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var hressari. „Lokamínúturnar voru bara taugatryllir. Þeir eiga stangarskot, við sláarskot, rautt spjald og svo þetta líka sigurmarkið. En leikurinn heilt yfir var bara eins og við bjuggumst við. Þeir liggja til baka og við vorum oft ekki nógu þolinmóðir og hlupum með boltann inn á miðjuna þar sem þeir eru þéttir. Keflavík eru líka bara með gríðarlega gott lið og þegar þeir eru með boltann er alltaf hætta."

Eiður Aron var hetja ÍBV í gær.

„Boltinn berst þarna til mín og í stöðunni var ekkert annað hægt en að skjóta, leikurinn kominn í uppbótatíma og ég hitti hann bara fullkomlega. Flottasta mark sem ég hef skorað á ferlinum, mitt þriðja á tveimur tímabilum, annað í ár. Þetta var æðislegt og ég hélt að ég myndi bara deyja í fagnaðarlátunum, það var haldið svo fast í mig," sagði Eiður Aron Sigurbjörnsson



**HEIMIR HALLGRÍMSSON**
þjálfari ÍBV.

**ÍBV 2-1 Keflavík**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 846 — Gunnar Jarl Jónsson (6)

*1-0 Andri Ólafsson (32.)*
*1-1 Magnús Matthíasson (45.)*
*2-1 Eiður A. Sigurbjörnsson (90.+4)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–9 (6–5) |
| Varin skot | Albert 5 – Ómar 4 |
| Horn | 5–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–8 |
| Rangstöður | 4–5 |

| **ÍBV** 4–3–3 | | **KEFLAVÍK** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Albert Sævarsson | 6 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Matt Garner | 6 | Alen Sutej | 6 |
| ***Eiður Sigurbjörns.** | **8** | Bjarni Aðalsteinsson | 7 |
| Rasmus Christiansen | 7 | Haraldur Guðmunds. | 6 |
| James Hurst | 6 | Guðjón Antoníusson | 5 |
| Tony Mawejje | 6 | Einar O. Einarsson | 6 |
| Finnur Ólafsson | 6 | Hólmar Rúnarsson | 7 |
| (88., Danien Warlem | -) | Paul McShane | 6 |
| Þórarinn Valdimars. | 7 | Guðm. Steinarsson | 6 |
| Denis Sytnik | 6 | Magnús Þorsteins. | 6 |
| (63., Eyþór Birgis. | 5) | Magnús Matthíasson | 7 |
| Andri Ólafsson | 7 | *Maður leiksins | |
| Tryggvi Guðmunds. | 7 | | |

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **11** | **7** | **2** | **2** | **26-13** | **23** |
| ÍBV | 11 | 7 | 2 | 2 | 18-9 | 23 |
| **Keflavík** | **11** | **5** | **4** | **2** | **12-11** | **19** |
| FH | 11 | 5 | 3 | 3 | 20-17 | 18 |
| **Fram** | **11** | **4** | **5** | **2** | **18-16** | **17** |
| Valur | 11 | 4 | 5 | 2 | 19-17 | 17 |
| **Stjarnan** | **11** | **3** | **4** | **4** | **20-19** | **13** |
| KR | 10 | 3 | 3 | 4 | 14-15 | 12 |
| **Fylkir** | **10** | **3** | **3** | **4** | **18-20** | **12** |
| Selfoss | 11 | 2 | 2 | 7 | 13-21 | 8 |
| **Grindavík** | **11** | **2** | **1** | **8** | **11-21** | **7** |
| Haukar | 11 | 0 | 6 | 5 | 12-22 | 6 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Fram** | **17. júlí kl. 14.00** |
| Haukar - KR | 18. júlí kl. 19.15 |
| **Fylkir - Selfoss** | **18. júlí kl. 19.15** |
| Keflavík - Breiðablik | 18. júlí kl. 19.15 |
| **FH - Valur** | **18. júlí kl. 19.15** |
| Grindavík - Stjarnan | 19. júlí kl. 19.15 |

# Meistararnir minntu á sig

**FH virðist vera komið á gott skrið í Pepsi-deild karla eftir glæsilegan 4-1 sigur á Fram. FH-ingar yfirspiluðu gestina og hefðu hæglega getað unnið stærri sigur.**

**FÓTBOLTI** FH vann í gær góðan 4-1 sigur á Fram og minnti frammistaða liðsins í gær á meistaratakta þess undanfarin ár. Þeir fóru illa með Framara sem misstu mann af velli með rautt spjald í öðrum leik sínum í röð. Í þetta sinn var það fyrirliðinn Kristján Hauksson.

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, gerði þrjár breytingar á byrjunarliði sínu frá síðasta leik auk þess sem Jón Guðni Fjóluson var í banni. Þessar breytingar skiluðu þó ekki tilætluðum árangri því FH-ingar stjórnuðu leiknum nánast strax frá fyrstu mínútu og komust yfir með mörkum Atla Guðnasonar og Péturs Viðarssonar í fyrri hálfleik. Þar að auki fóru FH-ingar illa með nokkur góð færi í fyrri háfleiknum.

Eftir síðara markið náðu Framarar aðeins að komast á skrið án þess þó að skapa sér nein færi. Í leikhléinu gerði svo Þorvaldur tvær breytingar á byrjunarliðinu sem skilaði strax marki á annarri mínútu síðari hálfleiksins þegar varamaðurinn Almarr Ormarsson minnkaði muninn.

En þar með var mótspyrna gestanna öll. Björn Daníel Sverrisson skoraði skömmu síðar gott mark beint úr aukaspyrnu og Atli Viðar Björnsson bætti fjórða markinu við um miðbik hálfleiksins.

FH-ingar sýndu í leiknum af hverju liðið er ríkjandi Íslandsmeistari og lét sterkt lið Framara líta ansi illa út á löngum köflum í leiknum. Þeir eru nú komnir upp í fjórða sæti deildarinnar og þó svo að liðið sé fimm stigum á eftir toppliðunum nú er engan veginn hægt að afskrifa FH í titilbarátunni í haust.

„Þetta var mjög góður leikur af hálfu FH," sagði þjálfarinn Heimir Guðjónsson. „Við höfum verið að í spila vel undanfarinn mánuð ef frá er talinn síðari hálfleikurinn gegn Stjörnunni. Við höfum þó verið klaufar upp við mark andstæðinganna og ekki náð að klára leikina okkar vel en það gerðum við í dag."



**GLEÐI OG SORG** Hannes Halldórsson og félagar í Fram eru hér svekktir er FH-ingar fagna einu marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Almarr Ormarsson var vitanlega ekki jafn sáttur. „Við áttum ekkert skilið úr þessum leik. Þetta var líklega okkar slakasti leikur í sumar," sagði hann. „En ég tel að það sé þó ekki lægð yfir okkar liði. Við höfum verið allt í lagi að undanförnu en bara ekki náð að klára okkar leiki. En ég get ekki útskýrt hvað gerðist í dag enda var þetta óvenjulega lélegt hjá okkur."

Heimir sagði að sigurinn í dag hafi verið mikilvægur upp á toppbaráttuna að gera. „Hefðum við tapað í dag værum við átta stigum á eftir toppliðunum og það hefði verið brött brekka fyrir okkur. Það var því mjög gott að ná þremur stigum í dag og koma okkur ofar í töflunni."

**eirikur@frettabladid.is**

Evrópudeild UEFA:

## KR komið í aðra umferð

**FÓTBOLTI** KR og norður-írska liðið Glentoran skildu jöfn, 2-2, í Belfast í gærkvöldi.

Þetta var síðari leikur liðanna í fyrstu umferð Evrópudeildar UEFA en KR vann fyrri leikinn, 3-0. KR vann rimmu liðanna því samanlagt, 5-2.

Kjartan Henry Finnbogason skoraði annað marka KR í gær. Hitt mark KR var sjálfsmark.

Skúli Jón Friðgeirsson fékk að líta rauða spjaldið í leiknum er hann braut á leikmanni Glentoran. Heimaliðið fékk víti og jafnaði leikinn úr vítinu.

KR mætir úkraínsku liði í annarri umferð. **- hbg**

**FH 4-1 Fram**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.587 — Valgeir Valgeirsson (4)

*1-0 Atli Guðnason (8.)*
*2-0 Pétur Viðarsson (30.)*
*2-1 Almarr Ormarsson (47.)*
*3-1 Björn Daníel Sverrisson (52.)*
*4-1 Atli Viðar Björnsson (64.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–11 (7–6) |
| Varin skot | Gunnleifur 5 – Hannes 3 |
| Horn | 9–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–16 |
| Rangstöður | 1–3 |

| **FH** 4–3–3 | | **FRAM** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifs. | 6 | Hannes Halldórsson | 6 |
| Guðm. Sævarsson | 7 | Jón Orri Ólafsson | 5 |
| Pétur Viðarsson | 7 | Kristján Hauksson | 5 |
| Tommy Nielsen | 6 | Hlynur Magnússon | 4 |
| (75., Freyr Bjarnason | -) | (46., Daði Guðm. | 5) |
| Hjörtur Valgarðsson | 7 | Sam Tillen | 4 |
| Björn D. Sverrisson | 7 | Halldór H. Jónsson | 5 |
| Bjarki Gunnlaugsson | 7 | Jón G. Eysteinsson | 3 |
| (80., Hafþór Þrastar. | -) | Kristinn Halldórsson | 4 |
| ***Matthías Vilhjálm.** | **8** | Ívar Björnsson | 3 |
| Ólafur Páll Snorras. | 7 | (46., Almarr Ormar. | 6) |
| Atli Guðnason | 8 | Joe Tillen | 4 |
| (84., Einar Ingvars. | -) | Hjálmar Þórarinsson | 3 |
| Atli V. Björnsson | 7 | *Maður leiksins | |




# MYNDAVÉLATILBOÐ




**Panasonic DMCZX1**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Intelligent Scene Selection, POWER O.I.S hristivörn í LEICA DC VARIO-ELMAR linsu (4.5 - 36.0mm), 8x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 26 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndataka, raðmyndatöku (10 rammar/sek), 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 330 mynda rafhlöðu ofl

TILBOÐ 44.990
FULLT VERÐ kr. 69.990



**Panasonic DMCFP1**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Sonic Speed Auto-Focus, Intelligent Scene Selection, MEGA O.I.S hristivörn í LUMIX DC VARIO linsu (f6.3 - 25.5mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 300 mynda rafhlöðu ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990



**Panasonic DMCF2**
MYNDAVÉL með 10,1 milljón punkta upplausn, Face Detection, Intelligent Scene Selection, LUMIX VARIO linsu (5.5 - 22.0mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, 50MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 300 mynda rafhlöðu ofl.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990



**Panasonic DMCF3**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Face Detection, Intelligent Scene Selection, Digital hristivörn, LUMIX VARIO linsu (5.0 - 20.0mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 220 mynda rafhlöðu ofl.

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990



**Panasonic DMCFS9**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Sonic Speed Auto-Focus, Intelligent Scene Selection, MEGA O.I.S hristivörn í LUMIX DC VARIO linsu (f5 - 25mm), 5x Optical og 4x Digital Zoom, raðmyndatöku (5.5 rammar/sek), ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 310 mynda rafhlöðu ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

NÆSTU LEIKIR
VISA BIKARINN
2010



8 liða úrslit

konur
Föstudaginn 9. júlí

| | | |
|---|---|---|
| Kl. 16:00 | ÍBV - Haukar | Hásteinsvöllur |
| Kl. 19:15 | FH - Þór/KA | Kaplakrikavöllur |
| Kl. 19:15 | Stjarnan - Grindavík | Stjörnuvöllur |
| Kl. 19:15 | Fylkir - Valur | Fylkisvöllur |

karlar
Mánudaginn 12. júlí

| | | |
|---|---|---|
| Kl. 19:15 | Fram - Valur | Laugardalsvöllur |
| Kl. 19:15 | KR - Þróttur R. | KR-völlur |
| Kl. 20:00 | Víkingur Ó. - Stjarnan | Ólafsvíkurvöllur |

VISA VALITOR
Stuðningsaðilar íslenska boltans

# Toppsætið virðist eiga vel við leikmenn Blika

**Alfreð Finnbogason fór hreinlega á kostum þegar toppllið Pepsi-deildarinnar, Breiðablik, kjöldró nágranna sína úr Garðabæ. Alfreð skoraði þrennu í leiknum og Blikar halda því fast í toppsætið sem þeir nældu í um daginn.**

**FÓTBOLTI** Leik Breiðabliks og Stjörnunnar í Kópavogi lauk með sannfærandi sigri 4-0. Einn maður skaraði fram úr í þessum leik en Alfreð Finnbogason skoraði þrennu og lagði upp annað mark ásamt því að skora að því er virtist fullkomlega löglegt mark sem var ekki dæmt.

Stjörnumenn sýndu lítið fram á við en voru óheppnir að fá á sig tvö víti snemma seinni hálfleiks sem var mikið áfall fyrir þá.

„Mér fannst við vera betri í fyrri hálfleik og það vantaði bara markið. Við fórum hins vegar yfir málin í hálfleik, ég benti strákunum á að halda áfram því sem við höfðum verið að gera og þá mundu mörkin skila sér,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn.

„Alfreð sýndi enn og aftur í þessum leik að hann er meðal allra bestu leikmanna deildarinnar, áskorunin fyrir hann er að halda því nú áfram. En núna tekur við leikur á öðrum forsendum, næsti leikur í Evrópubikarnum er tveggja leikja einvígi en það verður mjög skemmtilegt,“ sagði Ólafur en Blikar eiga næst Evrópuleik.

„Það er mjög gott að taka þennan leik með í töskurnar út, við höfum verið að skora nóg í sumar og þetta er bara spurning um að halda sér á beinu brautinni og halda áfram.

Ég hef fulla trú á að mínir menn haldi áfram að spila svona, maður segir þeim bara að halda áfram að gera það sem þeir eru bestir í. “ sagði Ólafur Kristjánsson.

„Upphaf seinni hálfleiks var mjög ljótt hjá okkur, einbeitingarleysi, mistök sem eiga ekki að sjást í þessari deild og ódýr mörk sem kosta okkur þetta stóra tap. Við vorum sjálfum okkur verstir en við verðum að hreinsa andrúmsloftið sem fyrst, þessi mörk koma ekki vegna þess að þeir séu að spila sig í stórkostleg færi heldur vegna þess að við erum að gera ótrúleg mistök á eigin vallarhelmingi,“ sagði svekktur þjálfari Stjörnunnar, Bjarni Jóhannsson.

Við hefðum getað skorað í byrjun og við lögðum upp með það,hins vegar gengur það ekki upp og við missum Ellert út af sem riðlar spili okkar. Svo fáum við á okkur tvö víti þar sem mér fannst annað þeirra vera vafasamt, það er hins vegar engin afsökun fyrir þessu hroðalega tapi.

Blikarnir spiluðu alveg frábærlega og áttu sigurinn svo sannarlega skilið, þetta er eitt albesta liðið á landinu í dag. Við þurfum núna bara að hysja upp um okkur buxurnar, við erum í neðri kant deildarinnar þegar mótið er hálfnað að virðist vera ljóst hvernig deildin skiptist, við verðum bara að mæta vel stemmdir í restina af mótinu “ sagði Bjarni. **- kpt**



**SKREFI Á UNDAN** Blikar voru klassa betri í gær og á undan í alla bolta. Stjarnan sá aldrei til sólar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BREIÐABLIK 4-0 STJARNAN**

*1-0 Alfreð Finnbogason, víti (48.)*
*2-0 Alfreð Finnbogason, víti (55.)*
*3-0 Alfreð Finnbogason (76.)*
*4-0 Haukur Baldvinsson (83.)*

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.230
Dómari: Kristinn Jakobsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–9 (7–4) |
| Varin skot | Ingvar 3 – Bjarni 3 |
| Horn | 7–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 3–9 |
| Rangstöður | 2–2 |

**Breiðablik 4–2–3-1** Ingvar Kale 6 - Arnór Aðalsteinsson 6, Kári Ársælsson 5, Finnur Orri Margeirsson 7, Kristinn Jónsson 6 - Jökull Elísabetarson 5, Guðmundur Kristjánsson 7 - Olgeir Sigurgeirsson 5 (78., Árni Gunnarsson -), ***Alfreð Finnbogason 9**, Kristinn Steindórsson 5 (68., Andri Yeoman 5) - Guðmundur Pétursson 5 (82., Haukur Baldvinsson -).

**Stjarnan 4–4–2** Bjarni Þ. Halldórsson 5 - Bjarki Páll Eysteinsson 5, Daníel Laxdal 4, Tryggvi Bjarnason 5, Jóhann Laxdal 5 - Þorvaldur Árnason 6, Dennis Danry 3 (65., Björn Pálsson 5), Atli Jóhannsson 4 (78., Arnar Björgvinsson -), Halldór Orri Björnsson 5 - Ellert Hreinsson 5 (37., Hilmar Hilmarsson 5), Steinþór Freyr Þorsteinsson 6.

Selfyssingar heppnir að ná stigi gegn Grindavík í sex stiga slagnum í gær:

# Vorum klaufar að skora ekki meira

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar náðu ekki að komast upp fyrir Selfyssinga og úr fallsætinu eftir, 1-1, jafntefli í botnslagnum suður með sjó í gærkvöldi.

Heimamenn byrjuðu leikinn af miklum krafti og komust yfir eftir frábæra sókn sem endaði með marki frá Grétari Ólafi Hjartarsyni. Selfyssingar náðu að jafna þegar um tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleiknum , en Auðun Helgason , leikmaður Grindvíkinga, skoraði sjálfsmark og þar við satt.

Það verður að teljast ótrúlegt að Grindvíkingar hafi ekki náð að skora fleiri mörk í leiknum en Selfyssingar verða að þakka Jóhanni Ólafi Sigurðssyni markverði fyrir hreint út sagt frábæran leik og það er honum að þakka að leiknum lyktaði með jafntefli.

„Mér fannst þetta ekki sanngjörn úrslit,“ sagði Orri Freyr Hjaltalín ,fyrirliði Grindvíkinga, eftir leikinn í gær. „Við fengum heilan hellinga af færum í fyrri hálfleiknum og vorum bara klaufar að ná ekki að skora fleiri mörk. Ég tel líka að við hefðum átt að fá víti en dómarinn [Erlendur Eiríksson] dæmdi óbeina aukaspyrnu , sem er mér alveg óskiljanlegt,“

„Þessi úrslit verða að teljast frekar sanngjörn ef maður skoðar leikinn í heild sinni,“ sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfyssinga, eftir leikinn í gær.

„Við spiluðum alveg hreint eins og aumingjar í fyrri hálfleik og áttum í raun ekkert gott skilið úr honum, en svo komu strákarnir til baka í þeim síðari og við komumst aftur inn í leikinn. Strákarnir sýndu ákveðinn karakter í síðari hálfleiknum og við hefðum alveg getað stolið sigrinum í lokin.“ **- sp**



**ÓHEPPINN** Auðun Helgason skoraði sjálfsmark í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur og Haukar skildu jöfn á sameiginlegum heimavelli liðanna að Hlíðarenda:

# Haukar virðast ekki geta unnið

**FÓTBOLTI** „Ég var mjög ánægður með mína menn,“ sagði Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, eftir 2-2 jafntefli gegn Val á Vodafonevellinum í gær. Haukamenn voru grátlega nálægt því að landa fyrsta sigrinum í gær en vítaspyrna Arnars Gunnlaugssonar fór hátt yfir markið undir lok leiksins.

„Þetta er maður sem að hefur ekki klikkað á vítum í ansi mörg ár, það er alveg ótrúlegt hann hafi tekið upp á því í kvöld. En við höfum ekki enn unnið leik og höfum bara gert jafntefli, það er ekki nóg,“ bætti Andri við en hann segir frammistöðu leikmanna góða en það eina sem vanti sé þessi langþráði sigur.

„Þetta er orðin klisja að allir tala um að þetta hljóti nú að fara að koma. Mér finnst við eiga skilið að fá sigur miðað við frammistöðu leikmanna.“ Andri segir einbeitingarleysi vera ástæðuna fyrir því að Haukamenn bíða enn eftir fyrsta sigrinum í deildinni.

„Það eru þessi augnablik og einbeitingarleysi sem að ég er ósáttastur við. Það er ekki bara vítið því að við fáum á okkur mörk og erum að bjarga á línu. Við fáum mörkin á okkur bæði úr föstum leikatriðum og þetta hefur verið svolítið gangur lífsins hjá okkur. Ef menn hefðu haft einbeitingu þá hefði þetta dottið okkar megin og við klárað leikinn, en það er þetta hefði og því miður þá virðumst við ekki ná að láta alla hluti ganga upp í einu,“ sagði Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, sem hlýtur að vera orðinn pirraður. - rog



**KLÚÐUR** Arnar Gunnlaugsson hefði getað tryggt Haukum sinn fyrsta sigur í gær en hann klúðraði vítaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Valur 2-2 Haukar

Vodafonev., áhorf.: 1.027 — Einar Örn Daníelsson (6)

*0-1 Hilmar Geir Eiðsson (26.)*
*1-1 Ian David Jeffs (45.)*
*1-2 Arnar Gunnlaugsson (57.)*
*2-2 Sigurbjörn Hreiðarsson (74.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–10 (8–5) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Amir 5 |
| Horn | 7–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–16 |
| Rangstöður | 5–3 |

| **VALUR** 4–3–3 | | **HAUKAR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 6 | Amir Mechica | 6 |
| Stefán Eggertsson | 6 | Guðjón Lýðsson | 6 |
| Atli Þórarinsson | 6 | Guðmundur Mete | 7 |
| Martin Pedersen | 5 | Kristján Ó. Björnsson | 6 |
| Greg Ross | 5 | Daníel Einarsson | 6 |
| Haukur Sigurðsson | 6 | Úlfar Pálsson | 6 |
| (43., Sigurbjö. Hrei. | 7) | (70., Pétur Gíslason | 5) |
| Rúnar Sigurjónsson | 6 | Hilmar G. Eiðsson | 7 |
| Jón Vilhelm Ákason | 4 | Ásgeir Ingólfsson | 6 |
| (60., Guðm. Hafste. | 5) | Gunnar Ásgeirsson | 6 |
| Ian Jeffs | 7 | ***Arnar Gunnlaugs.** | **8** |
| Arnar Geirsson | 7 | Hilmar Emilsson | 7 |
| Danni König | 6 | **Maður leiksins* | |
| (72., Viktor Illugas. | -) | | |

## Grindavík 1-1 Selfoss

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 778 — Erlendur Eiríksson (6)

*1-0 Grétar Ólafur Hjartarson (22.)*
*1-1 Auðun Helgason, sjm (57.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–11 (5–2) |
| Varin skot | Rúnar Dór 1 – Jóhann 4 |
| Horn | 3–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–9 |
| Rangstöður | 4–3 |

| **GRINDA.** 4–4–2 | | **SELFOSS** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Rúnar Daníelsson | 6 | ***Jóhann Sigurðs.** | **8** |
| Loic Mband Ondo | 6 | Stefán Guðlaugsson | 6 |
| Auðun Helgason | 5 | Agnar B. Magnússon | 6 |
| Orri Hjaltalín | 6 | Kjartan Sigurðsson | 5 |
| Jósef Jósefsson | 7 | Guðmundur Þórarins. | 7 |
| Scott Ramsey | 6 | Ingólfur Þórarinsson | 5 |
| (89, Alexander Mag. | -) | (73., Arilíus Martei. | -) |
| Matthías Friðriksson | 5 | Einar Ottó Antonsson | 6 |
| Jóhann Helgason | 7 | Jón Guðbrandsson | 6 |
| Páll Guðmundsson | 5 | (83., Andri Björns. | -) |
| (61., Óli Bjarnason | 6) | Jón Daði Böðvarsson | 7 |
| Grétar Hjartarson | 7 | Davíð Birgisson | 6 |
| Gilles Mbang Ondo | 7 | Sævar Þór Gíslason | 6 |
| | | **Maður leiksins* | |

Úrslitaleikur HM:

# Webb dæmir úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI Englendingurinn Howard Webb fær það verðuga verkefni að dæma úrslitaleik HM milli Spánar og Hollands.**

**Hann er fyrsti Englendingurinn sem dæmir úrslitaleik á HM síðan Jack Taylor dæmdi úrslitaleik Hollands og Vestur-Þjóðverja árið 1974.**

**Þetta er enn ein rósin í hnappagat hins massaða Webb en hann dæmdi einnig úrslitaleikinn í Meistaradeildinni milli FC Bayern og Inter.**

- hbg



> **Adam Sandler**

„Það tók mig stundum tvær vikur að jafna mig eftir uppistand þegar ég var yngri. Ég varð svo óörugg-ur að ég byrjaði stundum að stama."

***Brjálaða gamanmyndin You Don't Mess With the Zohan með hinum sprenghlægilega Adam Sandler er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 20.20.***



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ LINDA SÆBERG FORÐAST STÓRA STOFUGLUGGA Á SUMRIN

# *Stofan sem vantar sjarmann sinn*



Ég er manneskja sem eyði flest öllum mínum kvöldum fyrir framan skjáinn að horfa á eitthvað skemmtilegt. Á mínu heimili er sú hefð á veturna að eftir að búið er að koma barni í ból og ganga frá eftir kvöldmatinn er kveikt á heilu hafi af kertum, dregið fram eitthvert gúmmelaði og kúrt fyrir framan sjónvarpið.

Sagan er þó önnur yfir sumartímann. Maðurinn fór út á land að vinna þannig að ég og dóttirin erum einar í kotinu. Enginn kveikir á kertum á sumrin þar sem þau sjást ekki og því er kvöldhefðin horfin. Í raun hef ég ekki setið fyrir framan sjónvarpið mitt í allt sumar. Ekki misskilja, það er svo sannarlega ekki af því að ég hafi svo mikið að gera á kvöldin. Ó nei! Stofan mín er bara ekki eins kósí á sumrin. Þar sem frekar stórir gluggar eru á íbúðinni minni er stofan mín björt og kuldaleg og ég sækist bara ekki í hana.

Ég elska sumarið (fyrir utan þá staðreynd að sökum gífurlegs frjókornaofnæmis lækkar fegurðarstuðull minn um þó nokkur prósent) en það er bara eitthvað svo kósí við dimmuna og kertin. Þannig að tölvan uppi í rúmi á kvöldin, þar sem ég horfi á efni sem sambýlismaðurinn myndi aldrei samþykkja, er það sem kvöldin fara í. Í raun hefur HM, sem er á sjónvarpsskjá þétt upp við borðið mitt í vinnunni, verið nánast einu skiptin sem ég hef horft á eitthvað af sjónvarpsdagskránni í sumar. Sumarið er hálfnað og ég vinn hjá 365. Ætli sé kominn tími til að kaupa sér áskrift að Stöð 2 og stíga inn í stofuna? Ég meina, ég get alltaf dregið fyrir, sett svartan ruslapoka í gluggann og kveikt á kertum.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.00 Bedtime Stories** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00 Being Erica** SKJÁR EINN



▶ **20.10 Lois and Clark: The New Adventure** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **21.05 Tímalína** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. e.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr (19:26)**

**17.35 Fræknir ferðalangar (53:91)**

**18.00 Manni meistari (5:13)**

**18.25 Leó (16:52)**

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Flugvélin** (Airplane!) Bandarísk gamanmynd frá 1980. Áhöfn farþegaflugvélar veikist og eini maðurinn sem gæti lent vélinni er fyrrverandi flugmaður sem er að deyja úr flughræðslu.

▶**21.05 Tímalína** (Timeline) Bandarísk bíómynd frá 2003 byggð á sögu eftir Michael Crichton um fornleifafræðinema sem festast í fortíðinni þegar þeir fara þangað til að hjálpa kennara sínum og verða að þrauka í Frakklandi 14. aldar meðan þeir bíða björgunar. (e)

**23.00 Varg Veum - Konan í kæliskápnum** (Varg Veum: Kvinnen i kjøleskapet) Norsk spennumynd frá 2008. Einkaspæjarinn Varg Veum er beðinn að hafa uppi á starfsmanni olíufyrirtækis. Heima hjá honum finnur hann kvenmannsbúk í ísskápnum en svo er hann rotaður. Þegar hann rankar við sér er lögreglan komin á staðinn en kvenmannsbúkurinn horfinn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Pokemon**

**10.00 Ocean's Thirteen**

**12.00 Bedtime Stories**

**14.00 Pokemon**

**16.00 Ocean's Thirteen**

▶**18.00 Bedtime Stories**

**20.00 Me, Myself and Irene**

**22.00 Disturbia**

**00.00 Reno 911!: Miami**

**02.00 Irresistible**

**04.00 Disturbia**

**06.00 I Now Pronounce You Chuck and**

## STÖÐ 2

**07:00 Flintstone krakkarnir**

**07:20 Lalli**

**07:30 Þorlákur**

**07:35 Kalli og Lóa**

**07:50 Harry og Toto**

**08:00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Hvellur keppnisbíll, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra

**09:35 Strumparnir**

**10:00 Latibær** (14/18)

**10:50 Daffi önd og félagar**

**11:15 Glee** (18/22)

**12:00 Bold and the Beautiful**

**12:20 Bold and the Beautiful**

**12:40 Bold and the Beautiful**

**13:00 Bold and the Beautiful**

**13:20 Bold and the Beautiful**

**13:45 So You Think You Can Dance** (4/23)

**15:10 So You Think You Can Dance** (5/23)

**16:00 ´Til Death** (2/15)

**16:25 Last Man Standing** (2/8)

**17:15 ET Weekend**

**18:00 Sjáðu**

**18:30 Fréttir Stöðvar 2**

**18:49 Íþróttir**

**18:56 Lottó**

**19:04 Ísland í dag - helgarúrval**

**19:29 Veður**

▶**19:35 America's Got Talent** (6/26)

**20:20 You Don't Mess with the Zohan** Adam Sandler fer á kostum í léttgeggjaðri gamanmynd sem fjallar um gjóthaðan, ísraelskan leyniþjónustumann sem sviðsetur dauða sinn og reynir að hefja nýtt líf.

**22:10 Tombstone** Einn allra vinsælasti vestri síðari ára með þeim Kurt Russell og Val Kilmer í aðalhlutverkum.

**00:15 War of the Roses** Óborganleg gamanmynd með Michael Douglas og Kathleen Turner í hlutverkum hjóna sem eiga í vægast sagt stormasömu sambandi.

**02:10 An American Haunting** Ekta hrollvekja sem er byggð á því sem heimamenn segja, sönnum atburðum.

**03:40 ´Til Death** (2/15)

**04:05 America's Got Talent** (6/26)

**04:50 ET Weekend**

**05:35 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - Fram** Sýnt frá leik FH og Fram í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**15.20 FH - Fram** (e)

**17.10 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

**18.10 AT&T National** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.30 F1 föstudagur**

**20.00 NBA körfuboltinn: LA Lakers - Boston** Sýnt frá leik Lakers og Boston í lokaúrslitum NBA körfuboltans.

**22.15 Barcelone 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður mótið spilað í Barcelona.

**23.10 Main Event: Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009.

**00.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**00.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 4 4 2**

**10.00 Úrúgvæ - Holland** HM 2010. (e)

**11.55 4 4 2**

**12.40 Þýskaland - Spánn** HM 2010. (e)

**14.35 4 4 2**

**15.20 Úrúgvæ - Holland** HM 2010. (e)

**17.15 4 4 2**

**18.00 Þýskaland - Spánn** HM 2010. (e)

**19.55 4 4 2**

**20.40 Platini**

**21.10 Úrúgvæ - Holland** HM 2010. (e)

**23.05 4 4 2**

**23.50 Þýskaland -** HM 2010. (e)

**01.45 4 4 2**

**02.30 Úrúgvæ - Holland** HM 2010. (e)

**04.25 4 4 2**

**05.10 Þýskaland - Spánn** HM 2010. (e)

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (4:9) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (4:9) (e)

**12.20 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Three Rivers** (5:13) (e)

▶**19.00 Being Erica** (9:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.

**19.45 King of Queens** (4:23)

**20.10 Biggest Loser** (11:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.

**21.35 The Bachelor** (7:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.

**22.25 Parks & Recreation** (10:24) (e)

**22.50 Law & Order UK** (9:13) (e)

**23.40 Life**(12:21) (e)

**00.30 Last Comic Standing** (2:11) (e)

**01.15 King of Queens** (4:23) (e)

**01.40 Battlestar Galactica** (11:22) (e)

**02.20 Battlestar Galactica** (12:22) (e)

**03.00 Battlestar Galactica** (13:22) (e)

**03.40 Battlestar Galactica** (14:22) (e)

**04.20 Girlfriends** (10:22) (e)

**04.40 Jay Leno** (e)

**05.25 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**19.30 Birkir Jón**

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Hrafnaþing**

**21.30 Hrafnaþing**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Hrafnaþing**

**23.30 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Here Come the Newlyweds



Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í alls kyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð. Reynir þar ekki aðeins á hæfni þeirra og úrræðasemi á öllum mögulegum sviðum heldur einnig sambandið sjálft og hversu vel hin nýgiftu pör ná að vinna saman og þekkja hvort annað.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Biggest Loser**
**Skjár einn kl. 21.00**



The Biggest Loser er orðin ein vinsælasta raunveruleikasería sem framleidd hefur verið fyrir sjónvarp. Sem fyrr snúast þættirnir um baráttuna við mittismálið og það eru 18 fitubollur sem hefja leikinn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og glorífur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.10 Lois and Clark: The New Adventure** (20:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið. Hann er ástfanginn af samstarfskonu sinni, Lois Lane sem hefur ekki hugmynd um að hann leikur tveimur skjöldum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (2:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 Fringe** (21:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsakar hún röð dularfullra atvika.

**23.15 The Wire** (6:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.15 The Doctors**

**01.00 Lois and Clark: The New Adventure** (20:21)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Only Fools and Horses **12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** After You've Gone **14.05** After You've Gone **14.35** Dalziel and Pascoe **15.25** Doctor Who **16.30** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.15** Spooks **20.05** Whose Line Is It Anyway? **20.35** The Jonathan Ross Show **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.25** The Inspector Lynley Mysteries **23.10** Spooks **00.00** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Dyrehospitalet **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Spise med Price **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret **19.40** Aftentour 2010 **20.05** Kapring på åbent hav **21.45** Det er showtime! **23.40** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Riksarkivet **17.55** Original Nilsen **18.55** 20 sporsmål **19.20** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotel Babylon **22.05** Lasse Stefanz - live **22.35** Brura blei lura **23.30** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.40** Mat och grönt på Friland **13.10** Vi är alla Abrahams barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Nära djuren **15.30** Lyxkryssning i havskajak **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Solens mat **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Hemma hos Caroline af Ugglas **19.00** Nyckeln till frihet **21.20** Nightmares and dreamscapes **22.05** Fear dot com **23.45** Epitafios - besatt av hämnd


# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **95%** lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

## FERÐALÖGIN



*„Ég myndi mæla með plötunni minni, Freak. Það er fullt af mega-góðum lögum á henni. Líka hljómsveitinni Empire of the Sun. Lög eins og We Are The People og Standing On The Shore eru geðveik. The Globe Sessions með Sheryl Crow er líka ein af mínum uppáhaldsplötum.“*

Haffi Haff tónlistarmaður.

# Tökur hefjast á Hæ Gosa á Akureyri

„Við erum komin hingað í norðlensku sæluna og tökur voru að hefjast. Má segja að allt sé á suðupunkti,“ segir Baldvin Z og bætir við að tökuliðið hafi fengið góðar móttökur hjá Akureyringum. Baldvin er einn af framleiðendum sjónvarpsþáttanna Hæ Gosi sem verða sýndir næsta haust á Skjá einum. Tökur voru að hefjast í vikunni og þegar Fréttablaðið náði tali af Baldvini var góð stemning í herbúðum þáttanna.

„Ég eiginlega trúi varla að þetta sé að gerast. Þetta er eins og eitt skrítið ævintýri. Við erum búin að vera að vinna við þetta á fullu síðan í byrjun árs og nú er þetta loksins að fara í gang,“ segir Baldvin spenntur.

Aron Pálmi Arnórsson er leikstjóri þáttanna en þeir eru skrifaðir af öllum fjórum aðstandendum Zeta Film í sameiningu og eru það bræðurnir Kjartan og Árni Guðjónssynir sem fara með aðalhlutverkin.

Mikil keyrsla verður á tökuliðinu en áætlað er að taka upp sex þætti á einum mánuði. „Já, þetta er frekar knappur tími en það hafa stærri þrekvirki verið unnin á styttri tíma. Svo erum við með frábært tökulið með okkur, góða blöndu af reyndum og óreyndum.“

Tökur fara aðallega fram á Akureyri en einnig munu einhverjar upptökur fara fram í Eyjafirði og Hrísey. Með önnur hlutverk fara Þórhallur Sigurðsson, María Ellingsen, Helga Braga Jónsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Hannes Óli Ágústsson. „Við erum búin að koma okkur vel fyrir hér í höfuðstað Norðlendinga og þetta verður skemmtilegur mánuður,“ segir Baldvin. **- áp**



**FYRSTA SENAN** María Ellingsen og Árni Guðjónsson sjást hér sitja í litríku eldhúsi í fyrstu tökum sjónvarpsþáttanna Hæ Gosi.



**LÁRÉTT**
**2.** árás, 6. skammstöfun, 8. slit, 9. lærdómur, 11. verslun, 12. þjóðsagnaskepna, 14. á undan, 16. ætíð, 17. keraldi, 18. umhyggja, 20. stöðug hreyfing, 21. hávaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak, 3. fæddi, 4. listastefna, 5. lúsaegg, 7. örmjór, 10. stúlka, 13. bar, 15. nöldra, 16. verkfæri, 19. ung.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. sókn, 6. eh, 8. lúi, 9. nám, 11. bt, 12. dreki, 14. fyrst, 16. sí, 17. ámu, 18. önn, 20. ið, 21. gnýr.
**LÓÐRÉTT:** 1. lend, 3. ól, 4. kúbismi, 5. nit, 7. háfinn, 10. mey, 13. krá, 15. túða, 16. sög, 19. ný.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Íslandsbanki.
2. Árborg og Grindavík.
3. Carles Puyol.






BJÖRN STEFÁNSSON: MÉR FINNST LEIKLISTIN MJÖG HEILLANDI

# Bjössi í Mínus hefur nám í leiklistarskóla í Danmörku

Tónlistarmaðurinn Björn Stefánsson, betur þekktur sem Bjössi í Mínus, hefur leiklistarnám við Teaterskolen Holberg nú í haust. Hann segist þó ekki hættur í tónlistinni því hann mun sinna henni meðfram leiklistarnáminu.

„Fréttirnar komu flestum sem ég þekki á óvart. Ég sagði engum frá því að ég ætlaði í inntökupróf-ið því ég nennti ekki að þurfa að útskýra mig ef ég fengi ekki inngöngu,“ útskýrir Björn. Hann segir leiklist og tónlist haldast svolítið í hendur og segir flesta tónlistarmenn dreyma um að verða leikara og öfugt. „Mér finnst leiklistin mjög heillandi. Mér finnst gaman að skapa karakter og halda það út að vera hann í einhvern tíma, það er eitthvað mjög heillandi við það.“

> Ég er bæði spennt-ur og kvíðinn en ég hef alltaf haft þörf fyrir að ögra sjálfum mér og þetta þannig verkefni.
>
> BJÖRN STEFÁNSSON
> TROMMULEIKARI MÍNUSS

Inntökuprófið sjálft tók um sex klukkustundir í allt og segir Björn að hann hafi mætt kokhraustur á staðinn og ákveðinn í að láta litla dönskukunnáttu ekki aftra sér. „Ég gerði mig oft að fífli þarna en ég trúi því að ef maður gerir sitt besta þá sjái fólk það. Skólinn hefur líka boðið mér að taka dönskunám samhliða leiklistarnáminu sem ég ætla að gera. Ég er bæði spenntur og kvíðinn en ég hef alltaf haft þörf fyrir að ögra sjálfum mér og þetta er þannig verkefni.“

Björn mun dvelja í Danmörku næstu fjögur árin ásamt unnustu sinni og dóttur, sem hafa að hans sögn aðlagast nýjum heimkynnum vel. „Við erum búin að vera í Danmörku í rúmt ár og líður mjög vel þar. Sú litla er nánast orðin dönsk, talar tungumálið fullkomlega og gerir óspart grín að mér þegar ég segi eitthvað vitlaust,“ segir hann og hlær. Björn segist þó ekki hættur í tónlistinni og mun hann sinna henni eitthvað meðfram náminu. „Ég verð alltaf tónlistarmaður. En núna ætla ég að einbeita mér að náminu og minna að tónlistinni, enda krefst námið mikillar viðveru,“ segir Björn að lokum. **sara@frettabladid.is**



**Í NÝTT HLUTVERK** Björn Stefánsson tónlistarmaður hefur fengið inngöngu í leiklistarskóla í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Björk Guðmundsdóttir** er stödd hér á landi en hún hefur unnið að upptökum á nýjum lögum undanfarin misseri. Björk var stödd á pöbbnum Boston á miðvikudagskvöld þar sem hún vakti að sjálfsögðu mikla athygli. Spænskir ferðamenn stóðust ekki mátið og spjölluðu við söngkonuna sem tók þeim af einlægri gestrisni.



**Ragnar Bragason** og aðrir kvikmyndamenn hafa ástæðu til að fagna því Reykjavíkurborg hefur samþykkt að veita hlutafélagi um rekstur svokallaðs „heimilis kvikmyndanna“ í Regnboganum 12 milljón króna styrk. Fréttablaðið hefur fylgst náið með afdrifum Regnbogans eftir að Sena hætti kvikmyndasýningum í húsinu sem var síðasta miðbæjarbíó höfuðborgarinnar. Kvikmyndasýningar ættu að hefjast á ný 1. september.

Kári Viðarsson sem setur upp fyrstu atvinnuleiksýninguna á Rifi í dag, Hetju, á ekki langt að sækja hæfileika sína. Frændi hans er nefnilega leikarinn **Halldór Gylfason**, sem hefur brugðið sér í hin ýmsu hlutverk í gegnum árin, rétt eins og Kári gerir í hinum gamansama einleik sínum. Hvort Halldór muni gera sér ferð á Rif til að sjá frænda sinn þreyta frumraun sína hér á landi skal ósagt látið en um tveggja klukkustunda akstur er þangað úr Reykjavík, þar sem Halldór býr. **- afb/fb**



# Ómar Ragnarsson á árshátíð þungarokksins

Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson verður viðstaddur þungarokkshátíðina Eistnaflug nú um helgina ásamt starfsfélaga sínum, Ómari Ragnarssyni. Eistnaflug verður haldin hátíðleg í fimmta sinn nú um helgina og á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram eru goðsagnirnar í Napalm Death, Sólstafir, Dr. Spock, Mínus og Klink.

Þetta er í fyrsta sinn sem þeir Andri Freyr og Ómar sækja hátíðina, sem margir líta á sem árshátíð þungarokksins, og segjast þeir hlakka mikið til að upplifa rokkið sem þar ríkir. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég fer á Eistnaflug, sem er alveg til skammar, enda er ég heimamaður. Þetta er stór stund og ekki skemmir fyrir að við fáum að upplifa hana saman, ég og Ómar,“ segir útvarpsmaðurinn knái. Aðspurður segist Andri Freyr hvað spenntastur fyrir að sjá kempurnar í Napalm Death, Klink, Mínus og Plastic Gods.

Ómar segist einnig spenntur fyrir hátíðinni og er fullviss um að hann eigi eftir að skemmta sér vel. „Ég á eftir að fíla þetta, þetta er „power“ og kraftur. Ég er gamall þungarokkari sjálfur og vildi bara hlusta á Little Richard og Chuck Berry á mínum yngri árum, Elvis var aldrei nógu grófur fyrir mig. Ég er því viss um að ég eigi eftir að falla vel inn í hópinn. Nafnið á hátíðinni sjálfri þykir mér, sjö barna föður, einnig dásamlegt í alla staði,“ segir Ómar og hlær.

Hann segir samstarfið við Andra Frey hafa gengið vonum framar og eru þeir félagar orðnir hinir mestu mátar. „Þetta hefur verið mjög gefandi, ekki síst fyrir mig. Núna er Andri líka á heimavelli og í staðinn fyrir að ég úði út úr mér mismunandi skemmtilegum fróðleik þá getur hann nú tekið gamla manninn og sagt mér frá öllu,“ segir Ómar. **- sm**



**MESTU MÁTAR** Andri Freyr og Ómar Ragnarsson ætla að sækja þungarokkshátíðina Eistnaflug um helgina. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir fara á hátíðina.

# Outlet

*Vorum að bæta við miklu úrvali af nýjum vörum..*

# 60-80%

*afsláttur*



*Andersen & Lauth*

*Reykjavik*

*established 1934*

outlet, vintage & one off, Laugavegur 86-94, sími 552 6067

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Borgarstjóri bjargar TÞM

Fréttablaðið hefur flutt fréttir af fjárhagsvandræðum Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar (TÞM) úti á Granda, en um 200 ungir tónlistarmenn stunda þar æfingar. Til stóð að TÞM þyrfti að hætta starfsemi þar til í gær þegar borgarráð samþykkti sex milljóna styrk til að greiða eftirstöðvar húsaleigu. **Jón Gnarr** borgarstjóri lagði tillöguna fram sjálfur og hefur vafalaust glatt **Danna Pollock** og félaga sem hafa lagt mikla vinnu og fjármuni í starfsemi TÞM síðustu ár.



### Óskar eftir syrgjendum

Tökur eru hafnar á kvikmyndinni Gauragangi, sem er byggð á samnefndri bók eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leikstjórinn **Gunnar Björn Guðmundsson** og félagar ætla að taka upp risavaxið jarðarfararatriði í Fríkirkjunni í dag og stefnt er á að fylla kirkjuna af fólki. Þess vegna er hverjum sem vettlingi getur valdið boðið að taka þátt í atriðinu og mæta jarðarfararklæddur í dag, en atriðið verður tekið upp á milli klukkan 9 og 16. - afb



## Mest lesið vísir.is

1. Fann óskemmdan iPod sem hafði legið úti í tvö ár
2. Ákærður fyrir manndráp
3. Grunuðum fíkniefnakóngi stefnt vegna barnsfaðernismáls
4. Stal 50 þúsundum en þarf að endurgreiða 21 þúsund
5. Bláar ninjur brutu upplýsingaskilti fjölmiðlafyrirtækis
6. Árborg glímir við lúxusvanda





